



Íþróttabandalag Akraness

Stofnað 1946

Ársskýrsla 2021



78. ársþing 2022



Skýrsla stjórnar ÍA starfsárið 2021

Stjórn ÍA árið 2021 skipuðu:

Formaður:	Marella Steinsdóttir
Varaformaður:	Hrönn Ríkharðsdóttir
Meðstjórnendur:	Líf Lárusdóttir, Gísli Karlsson, Erla Ösp Lárusdóttir
Varamenn:	Emilía Halldórsdóttir og Trausti Gylfason.

Starfsmenn ÍA 2021:

Berglind Björgvinsdóttir – umsjón með salarútleigu
Gunnlaugur Sölvason – sér um viðhald á tækjum í þreksal of.
Guðmunda Ólafsdóttir - framkvæmdastjóri
Petrea Emilía Pétursdóttir – bókhald og ársreikningur.

Formenn aðildarfélaga ÍA árið 2021 voru:

Brynja Kolbrún Pétursdóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Valgerður Ása Kristjánsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa
Ólafur Rúnar Sigurðsson formaður Fimleikafélags Akraness
Pétur Ottesen formaður Golfklúbbsins Leynis
Fjóla Lind Guðnadóttir formaður Hestamannafélagsins Dreyra
Bjarni Þór Benediktsson formaður Hnefaleikafélags Akraness
Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Gyða Einarsdóttir formaður Karatefélags Akraness
Einar Jóel Ingólfsson formaður Keilufélags Akraness
Sigurður Reynisson formaður Klifurfélags ÍA
Eggert H. Herbertsson formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlökkversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness
Jón Þór Þórðarson formaður Körfuknattleiksfélags ÍA
Guðmundur Benediktsson formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Stefán Gísli Örlygsson formaður Skotfélags Akraness
Ágúst Júlíusson formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaíþróttafélags Akraness



Ávarp formanns



Það þarf ekki að dvelja lengi á Akranesi til að sjá ÍA og Akranes eru eitt. Íþróttabandalag Akraness og 19 aðildarfélög þess eru ein af grunnstöðun blómlegs samfélags í bænum. Það er og leitun að félagi með jafn fjölbreytta og öfluga starfssemi enda eru Skagamenn stoltir af félaginu sínu og merki ÍA má sjá á hverjum degi um allan bæ.

Áhrif öflugs íþróttastarfs á bæjarlífið eru einnig mikil. Hingað koma þúsundir landsmanna á hverju ári til að fylgjast með kappleikjum og íþróttamótum, stórum sem smáum eða til að nýta sér íþróttaaðstöðu

Akurnesinga. Þetta er allt undir samvinnu komið, samvinnu

Akraneskaupstaðar og ÍA, samvinnu aðildafélaganna 19 og samvinnu bæjarbúa við íþróttirnar. Enginn þekkir mikilvægi samvinnu jafn vel og íþróttahreyfingin, en án samvinnu eru engar íþróttir eða félagsstarf. Samvinna er lykillinn að árangri, og með henni munum við ná sameiginlegum markmiðum okkar, en samvinna er sigur fyrir heildina og sundrunur skilar ekki framförum. Það er mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna á Akranesi að nýta samtakamátt sinn og átta sig á því hversu öflug við erum þegar við stöndum saman.

Mikilvægast er þó sú samvinna sem íþróttir kenna ungu fólki. Samvinna skilar því að þau geta yfirhöfuð stundað íþróttir. Lykill að velgengni okkar rekstrar- og félagslega liggur í samstöðu og samvinnu, bæði milli aðildarféлага og í góðu samstarfi íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Lán okkar á Akranesi liggur í að allir aðilar eru meðvitaðir um gildi samvinnu og góðrar liðsheildar. Við sem störfum innan hreyfingarinnar leggjum mikið upp úr að vera samtaka og sameinuð undir einu merki ÍA fyrir samfélagið á Akranesi. „Að vinna saman er árangur“ eru ein af einkunnarorðum ÍA og samvinna er einmitt það sem gerir ÍA að því sem það er, hvort sem er utan eða innan vallar. Saman eru okkur allir vegir færir. Áfram ÍA!

Marella Steinsdóttir – formaður ÍA

77. ársþing ÍA

25. maí 2021 var 77. ársþing Íþróttabandalags Akraness haldið í Tónbergi sal Tónlistaskólans, Marella Steinsdóttir formaður ÍA setti þingið og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir var kjörinn þingforseti. Í kjöri til stjórnar var Marella Steinsdóttir endurkjörin formaður Íþróttabandalags Akraness, Hörður Ó. Helgason gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem varaformaður og var Hrönn Ríkharðsdóttir kjörin varaformaður Íþróttabandalagsins. Breytingar urðu á stjórn með brotthvarfi Harða og var Líf Lárusdóttir kjörin í stjórn en áður hafði hún setið í varastjórn, í varastjórn voru kjörin þau Emilía Halldórsdóttir ný inn í stað Lífar og Trausti Gylfason endurkjörinn.

Herði Ó. Helgasyni voru þökkuð hans miklvægu störf í þágu íþróttar á Akranesi.

Fram kom að rekstur ÍA og aðildarféлага er í ágætis eignum þrátt fyrir miklar takmarkanir á öllu starfi sem einkenndi árið 2020, mikillar bjartsýni gætir með framhaldið, sérstaklega þegar litið er til þeirra miklu framkvæmda sem nú eru á íþróttamannvirkjum bæjarins.



Bandalagsmerki ÍA

Níu einstaklingar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir langt og farsælt starf í þágu ÍA og aðildarfélaga þess. Þeir semhlutu viðurkenningu á 77. ársþingi voru í stafrófsröð :

Arna Magnúsdóttir Golfklúbburinn Leynir,
Bjarni Þór Bjarnason Golfklúbburinn Leynir,
Borghildur Jósúadóttir Körfuknattsleiksfélag ÍA,
Elínbjörg Magnúsdóttir Körfuknattsleiksfélag ÍA,
Magnús Óskarsson Körfuknattleiksfélag ÍA,
Sigrún Ríkharðsdóttir ÍA,
Sigurður Elvar Þórólfsson Körfuknattleiksfélag ÍA,
Sigurður Sverrisson Körfuknattleiksfélag ÍA,
Ólafur Þórðarson ÍA



Starfsemi íþróttabandalagsins 2021

Árið 2021 einkenndist enn af heimsfaraldri og varð árið því einnig með skertri starfsemi fyrir allt íþróttalíf.

Engar breytingar urðu á starfsmanna hópi Íþróttabandalagsins frá því 2020, framkvæmdastjóri ÍA tók í stuttan tíma að sér afleysingu forstöðumanns á Jaðarsbökkum í hluta starfi. Guðmunda Ólafsdóttir og Berglind Björgvinsdóttir skiptu með sér mannvirkjum frá janúar til maí 2021 og unnu í sameiningu sem verkefnastjórar. Beglind Björgvinsdóttir tók alveg yfir afleysingar forstöðumanns íþróttamannvirkja frá maímánuði 2021. Framkvæmastjóri ÍA seldi út þá tíma sem í þetta verkefni fór til Akraneskaupstaðar og var það ÍA sem fékk þá greiðslu til lækkunar á launakostnaði. Gunnlaugur Sölvason sinnti áfram viðhaldi á tækjum og búnaði í þreksölum. Petrea Emelía Pétursdóttir færði allt bókhald og hélt utan um það vel eins og undanfarin ár.

Stjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu og hélt að auki formannafundi en á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna í heild sinni eru tekin fyrir og rædd.

Rekstur

Rekstur ÍA gekk með ágætum þó svo að stóran hluta tekna hafi vantað inn í rekstarárið. Heimsfaraldur setti svip sinn áfram á rekstur bandalagsins en ekki þurfti þó að loka þreksölum eins margar vikur á árinu eins og þurfti árið áður. Í því árferði sem var 2021 gekk á höfuðstól Íþróttabandalagsins, sem gat þó veitt aðildarfélögum heildar styrk að upphæð kr. 10 milljónir sem úthlutað var undir lok árs. Helstu tekjuliðir bandalagsins fóru niður eins og árið áður s.s. rekstur þrekaðstöðu. Ekki var um útleigu á stólum og borðum, þar sem engir stórir viðburðir sem þurftu slíka útleigu voru haldnir. Tekjur af Lottó og getraunum ásamt styrkir frá Akraneskaupstað voru einnig mikilvægir þættir í rekstrinum. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp 2021 í útdelingu styrkja og fóru flest allir styrkir Akraneskaupstaðar til íþróttahreyfingarinnar í gegnum ÍA sem skýrir hækkun styrkja í rekstarreikningi ÍA. Gott gengi Íslenskrar getspár hélt áfram 2021, sem kom sér vel í rekstrinum.

Framkvæmdastjóri er í góðu samstarfi við Skóla og frístundasvið Akraneskaupstaðar og tekur þátt í nokkrum verkefnum þar. Eigið fé Íþróttabandalagsins er tæplega 75 milljónir króna í árslok 2021 og hækka milli ára, aðallega vegna góðrar afkomu og hækkun á fasteignamati á milli ára. Stærstu eignir ÍA eru peningalegar eignir og eignarhlutur í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

Viðræður við Akraneskaupstað um nýjan samning.

Á árinu 2021 hélt áfram vinna sem hófst 2019 nú í nýjum starfshópi sem vann að því gera langtímasamning amk til fimm ára við Akraneskaupstað. Viðræður og vinna sóttist ágætlega.

Í nýjum starfshópi sem skipaður var á formannafundi í maí 2021 voru þau f.h. ÍA Marella Steinsdóttir, Eggert H. Herbertsson, Brynja Pétursdóttir, Jón Þór Þórðarson. Af hálfu kaupstaðarins voru bæjarfulltrúarnir Valgarður L. Jónsson, og Sandra M. Sigurjónsdóttir. Þau

78. ársþing ÍA

Sævar Freyr Þráinsson, Valgerður Janusdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir unnu með hópnum. Hópurinn lauk störfum og skilaði sú vinna sér í samningi til fimm ára með hækkun á hverju ári. Samningurinn er á hverju ári opinn til samtals um breytingar af beggja hálfu. Stjórn ÍA vill hér með þakka hópnum fyrir mjög góða vinnu og afrakstur sem vonandi mun skila sér í bættu samstarfi og samtali á milli allra aðila framtíðinni

Nýtt form var sett á úthlutun styrkja fyrir árið 2021. Þar sem ekki var skrifað undir nýjan samning fyrr en um mitt ár 2021 var ákveðið að úthluta sem mestu strax eða úr A hlutanum og vegna barna og unglingastarf. Styrkjum vegna C hluta var úthlutað tvisvar árið 2021.

Það fór þó svo að ákvörðun var tekin um aukin fjárframlög til íþróttamála og var sú ákvörðun samþykkt af Bæjarstjórn þann 14. desember 2021. Framlag Akraneskaupstaðar hækkaði frá fyrra ári, úr 35,1 í m.kr. í 45 m.kr. sem er beint framlag til aðildarfélaga ÍA og úthlutað verður samkvæmt þeim reglum sem settar voru 2021. Stjórn ÍA fagnar þessari niðurstöðu, þessi hækkun er vísitölu tryggð ásamt því að tengjast íbúafjölda. Með hækkandi íbúafjölda hækka framlög. Íbúafjöldi 1. jan. 2022 var 7.843

Helstu atriði samnings sem verið var að vinna, voru kynnt á jólafundum formanna þann 16. desember 2021 og komu ekki athugasemdir um nein efnisatriði þar fram.

Það er alltaf þannig í allri samningagerð að það fá ekki allir það sem þeir vilja. Telur stjórn ÍA þennan samning vera stórt skref í átt til góðs. Íþróttahreyfinginn á Akranesi vill alltaf fá aukið fjármagn til reksrar það á engum að dyljast. Stjórn ÍA telur þetta eitt af mikilvægum skrefum í að ná lengra og einnig á sama tíma skoða sitt innra starf um það hvernig fjármagn nýtist sem best og í samstarfi við Akraneskaupstað.

Nýr samingur á milli Akraneskaupstað og ÍA sem byggður er á þeirri vinnu sem starfshópar hafa skilað, hefur verið undirritaður og sendur öllum formönnum aðildarfélag til kynningar. Mjög fáar eða einungis tvær athugasemdir hafa borist stjórn um efnisatriði samningsins nú þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Breyting er gerð í þessum samningi sem tengist sérstaklega rekstri Íþróttabandalagsins. Akraneskaupstaður tók yfir rekstur þreksala frá 1. jan. 2022 og greiðir í staðinn styrk beint til íþróttabandalagsins kr. 15 milljónir á ári með vísitöluhækkun árlega. Samhliða þessu yfirtöku Akraneskaupstaður rekstur eignarhluta Íþróttabandalagsins í Jaðarsbökkum en á móti er Íþróttabandalaginu tryggt húsnæði fyrir skrifstofu og alla aðstöðu fyrir sína starfsemi í nýju húsnæði sem í byggingu er á Jaðarsbökkum, ásamt með þreksal fyrir aðildarfélög ÍA. Íþróttabandalagið á öll þau tæki og tól sem í þreksölum eru, munu þau tæki fara í nýjan sal.

Prekstarfsemi ÍA

Almenningsíþróttir

Markmið Íþróttabandalagsins er ávallt að stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi á Akranesi og efla einnig hreyfingu almennings. Árið 2021 einkenndist af miklum frestunum eða að viðburði féllu alveg niður. ÍA gat þó staðið að nokkrum almenningsviðburðum eins og :

Kvennahlaup ÍSÍ.

Kvennahlaup var haldið með breyttu sniði árið 2021 og var það upphaf á hreyfiviku ÍSÍ sem haldin var í septemember 2021. Hlaupið var frekar fámennnt, en vegna heimsfaraldurs var ekki hægt að auglýsamikið eða hvetja fólk til þess að hópast saman í fjölmennt hlaup. 3. fl. kvenna í knattspyrnu sá um að starta hlaupurum og vísa þeim svo hlaupaleiðirnar.

Stelpurnar og hlauparar stóðu sig mjög vel og eiga miklar þakkir skilið.



Hreyfivika UMFÍ.

Skagamenn gátu því miður ekki tekið þátt í hreyfiviku þar sem heimsfaraldur kom í vef gyrrir það á þeim tíma sem hreyfi vika átti að vera. Faraldur var líklega í hámarki á Akranesi á þessum tíma. Við horfum til bjartari tíma árið 2022 með von um að Skagamenn geti hreyft sig enn meira.

Hreyfivika ÍSÍ.

Breyting var gerð á viðburðum á vegum ÍSÍ þetta árið og hreyfivika haldin í september 2021. Eins og kom fram hérna að framan hófst hreyfivikan á kvennahlaupi. ÍA tók einnig þátt í þessu verkefni sem var unnið í samstarfi við stýrihóp heilsueflandi samfélags. Þáttur ÍA fólst í því koma hreyfingu á hugann með fyrirlestri frá Dr. Viðari Halldórssyni íþróttafélagsfræðings. Yfirskrift fyrirlesturs Dr.Viðars var „ekki taka gleðina úr leiknum“. Fyrirlestri var streymt frá Frístundamiðstöðinni að Garðavöllum og var það streymi í umstjón IA-TV.

Ganga með leiðsögn átti að vera einnig á dagskrá en hana varð að fella niður vegna veðurs.



Styrkir til félaga

Rekstrarstyrkir

Aðildarfélög ÍA fengu 10 milljónir í beina rekstrarstyrki frá Íþróttabandalaginu og eru þeir reiknaðir út á sama hátt og styrkir Akraneskaupstaðar til félaganna fyrir barna og unglingastarf.

Styrkur vegna vorhreinsunar

Vorhreinsun fór ekki fram á vegum ÍA árið 2021 og því engir styrkir í það verkefni.

Verkefnatengdur styrkur

Knattspyrnufélagið Kári fékk 250.000 kr. verkefnatengdan styrk frá ÍA á árinu 2021. Styrkurinn felur í sér að iðkendur Kára vinni að ýmsum verkefnum fyrir ÍA s.s. undirbúning og frágang við kjör íþróttamanns Akraness og uppsetningu og flutning á þrekkækjum og öðrum búnaði á vegum ÍA.

Styrkur frá Skaganum hf. og Þorgeir og Ellert hf.

Það er ómetanlegt fyrir íþróttastarf á Akranesi sá styrkur sem fyrirtæki og einstaklingar leggja af mörkum. Án þessa væri illa hægt að halda úti því fjölbreytta íþróttastarfi sem gert er í dag. Fyrirtækin Skaginn hf. og Þorgeir og Ellert hf. hafa lagt barna og unglingastarfi innan ÍA lið síðustu ár með beinum rausnarlegum fjárhagsstyrk. Fyrir þetta er ÍA þakklátt og metur mikils. Fyrirtækin hafa lagt til núna samtals 15 milljónir króna á s.l. fimm árum. Þau verkefni sem styrkt hafa verið eru af ýmsum toga og öll til uppbyggingar á barna og unglinga starfi.

Húsnæðismál

Fimleikahús og Íþróttahús á Vesturgötu

Á árinu 2020 var Fimleikahús tekið í notkun. Ekki hefur enn tekist að vígja húsið formlega vegna heimsfaraldurs. Stemmt er á að það verði gert nú í vor 2022. Rými sem hefur fengið nafnið Þekja hefur verið klárað að mestu leyti, það á að hýsa ýmsa starfsemi og mun breyta öllu mótahaldi fyrir þau félög sem halda sín mót á Vesturgötu. Úttekt var gerð vegna rakaskemmda og að einhverju leyti um loftgæði á íþróttahúsinu á Vesturgötu. Mygla fannst á nokkrum stöðum í húsinu og þurfti að loka hluta þess. Nánast öll starfsemi var færð úr kjallara Vesturgötunar og það sem hægt var að færa fært upp á Jaðarsbakka. Kraftlyftingar fengu annað húsnæði í byrjun árs 2022. Karatefélagið og Hnefaleikafélagið færðu sínar æfingar á Jaðarsbakka, sem er ekki hentugt húsnæði fyrir þá starfsemi en það var látið ganga upp. Badmintonfélagið þurfti að hætta við stórt mót vegna þessarar lokunar og körfuknattleiksfélagið gat ekki selt inn á leiki, þegar það var orðið heimilt, einnig vegna þessarar lokunar.

Reiðhöll

Fyrsta skóflustungan að reiðhöll Dreyra var tekin 1. maí 2019. Þann 17. Júlí 2020 var undirritaður samningur um burðarvirki reiðhallarinnar. Húsið er frá BMVallá /Smellinn og er límtréshús 1.250 fm. að grunnfleti. Byggingu lauk í maí 2021. Dreyri tók við húsinu þegar byggingu var lokið, þar sem timburvinna innanhús og val á hentugu gólfefni er í höndum Dreyra. Stefnt var að því að taka höllina í notkun seinni hluta árs 2021 en það hefur tafist. Sambærilegt rekstarform verður á milli Akraneskaupstaðar og Dreyra eins og á milli kaupstaðarins og Golfklúbbsins Leynis. Formlegur eigandi hallarinnar er Fasteingafélag Akraneskaupstaðar og gerður er langtímasamningur um reksturinn við Hestamannafélagið Dreyra.

Nýtt íþróttahús við Jaðarsbakka.

Framkvæmdir við nýtt íþróttahús að Jaðarsbökkum hófust í október 2021 nokkrum mánuðum eftir áætlaða byrjun. Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga þessarar uppbyggingar verði lokið haustið 2024 Vonandi gengur það allt eftir.

Íþróttabandalagið vill þakka Akraneskaupstað fyrir allar þessar framkvæmdir því þær munu efla íþróttir og almenna hreyfingu á Akranesi til lengri tíma litið.

Ýmslegt úr starfi íþróttabandalagsins á árinu 2021

ÍA

Árið 2021 einkenndist áfram af tímum heimsfaraldurs og nýjum áskorunum í þeirri vegferð sem af því fylgdi.

Mikið var um breytingar á æfingum. Íþróttahreyfinginn fékk í heild sinni nýja áskorun og þurfti að bregaðst við og hugsa margt upp á nýtt.

Aðildarfélög ÍA stóðu sig með mikilli þrýði og tókst að lyfta grettistaki í samvinnu og utanum haldi á æfingum. Endalaust var verið að finna nýjar leiðir til þess að æfa og koma öllu fyrir í þeim takmörkunum sem unnið var við. Þetta tókst og voru allir hvattir til þess að fara út og hreyfa sig og auka útiveru. Það á eftir að koma betur í ljós næstu mánuði hvort allir skili sér aftur í skipulagt starf íþróttafélaganna. Það sem einnig á eftir að koma betur í ljós er langtíma áhrif þessa heimsfaraldurs sem hefur breytt okkar venjum í daglegum starfi. Við þurfum að vinna að því saman sem samfélag að virkja sem flesta og á öllum aldri í skipulagða hreyfingu. Íþróttir og hreyfing á að vera aðgengileg fyrir alla á öllum aldri. ÍA frá vöggju til grafar í hreyfingu er framtíðarsýn sem við viljum horfa í.

Heilsueflandi samfélag

ÍA tekur áfram þátt í starfi heilsueflandi samfélagi. Framkvæmdastjóri ÍA á sæti í stýrihóp á vegum Heilsueflandi samfélags. Þar getur ÍA komið sínum sjónarmiðum á framfæri og unnið ötullega að eflingu almennrar hreyfingar og tekið þátt í verkefnum á vegum Heilsueflandi samfélags.

Starfshópur um samskipti og einelti

Stofnaður var stýrihópur innan Akraneskaupstaðar um þessi málefni og á ÍA sæti við borðið. Markmið þessa hóps er samkvæmt erindisbréfi þessi:

„Markmið með verkefninu er að allar stofnanir okkar búi áfram yfir öflugum viðbragðsáætlunum og verkfærum til þess að styrkja félagsfærni barna og ungmenna og tryggt sé að þverfaglegt samstarf sé innan samfélagsins til þess að ná þessum árangri“

Vorhreinsun á Akranesi

Íþróttahreyfingin á Akranesi tekur samfélagslega ábyrgð sína alvarlega og tekur þátt í því að fegra umhverfið á Akranesi og um leið stuðla að hreyfingu, samveru og umræðu um samfélagslega ábyrgð hjá fólkinu okkar. Því miður var ekki hægt að gera þennan dag að fjöldasamkomu degi vegna heimsfaraldurs. Ekki var mögulegt að hvetja fólk til hópamyndunar, ÍA hvatti samt sem áður sitt fólk í að fara út og plokka og hreinsa nær umhverfið.

Sportabler – Skráningarkerfi íþróttafélaga

Öll aðildar félög sem áður notuðu skráningarkerfið Nóra eru komin með í notkun á sportabler.

Það kerfi hefur reynst vel, þó svo að ekkert kerfi sé fullkomið.

Íþróttatengd leikjanámskeið

Ekki var hægt að vera með samstarf vegna íþróttatengdra leikjanámskeiða, bæði vegna COVID þreytu íþróttafélaga og árlegrar viðhaldsvinnu á Jaðarsbökkum sem var á sama tíma. Það er nauðsynlegt að taka upp samtal á milli íþróttafélaga og frístundastarfs um fyrirkomulag á haustkynningu íþróttar.

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Minningarsjóðurinn var stofnaður af Íþróttabandalagi Akraness í virðingar- og þakklætisskyni fyrir hin veigamiklu störf Guðmundar í þágu Íþróttabandalags Akraness. Þrír afreksíþróttamenn fengu úthlutað afreksstyrkjum úr sjóðnum á árinu. Það voru þau Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingakona og íþróttamaður Akraness 2021, Enrique Sigurðsson sundmaður sem lenti í öðru sæti í kjöri íþróttamanns Akraness og badmintonkonan Drífa Harðardóttir sem hafnaði í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns Akraness.

Tilboð í vetrarfríi grunnskólanna

Í tengslum við vetrarfrí grunnskólanna var ekki boðið upp á mörg tilboð íþróttafélaga, aðeins var um opnar æfingar að ræða. Annars var fólk mikið á ferðinn í fríum þar sem það var loksins hægt ef langt hlé

Fundir og fyrirlestar

Þó svo að áætlanir gerðu ráð fyrir að halda fundi og fyrirlestra fyrir aðildarfélög, var framkvæmdin það flókin vegna heimsfaraldursins að ekki var hægt að stand við þær áætlanir nema mjög takmarkað. Eitt námskeið var fyrir þjálfara ÍA í september og var það um samskipti við börn og ungmenni. Aðrar áætlanir færast yfir á árið 2022.

Nýr bikar í kjöri um íþróttamann Akraness

Tímamót urður í kjöri Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2021 þann 6. janúar 2022, þegar nýr verðlaunagripur var tekinn í notkun og afhentur í fyrsta skipti. Um leið verður sá gamli lagður til hliðar til varðveislu hjá ÍA.

Sá gamli, Friðþjófsbikarinn hefur verið afhentur í alls 30 skipti.

Frá árinu 1977 hefur kjörið verið árviss viðburður og Friðþjófsbikarinn var afhentur í fyrsta sinn árið 1991.

Við þessi tímamót, var ákveðið að taka í notkun nýjan bikar og að hann fengi nafnið Helga Dan bikarinn, til minningar um Helga Daníelsson.

Helgi Dan. var öðrum fremur sá sem kom að því að Íþróttamaður Akraness skyldi valinn árið 1965 og gerði hann það í minningu bróður síns Friðþjófs sem lést ungur af slysförum.

Helga Dan. þarf vart að kynna fyrir Akurnesingum en hann var ötull félagsmaður í starfi ÍA allt fram á síðasta dag.

Helga Dan bikarinn er gefin af syni Helga, Steini Helgasyni, konu hans Elínu Klöru og börnum þeirra, Steindóru, Írisi, Helga Dan, Helenu og Marellu.



Íþróttamaður ársins 2021 á Akranesi



Kristín sýndi og sannaði á árinu að hún er besta kraftlyftingakona Íslands frá upphafi og fylgdi ótrúlegum árangri sem hún náði í fyrra vel eftir. Hún setti fjöldan af íslandsmetum og einnig 2 evrópumet. Kristín situr fast í 2 sæti heimslistans og er efst á styrkleikalista evrópu í sínum þyngdarflokki. Hún er frábær fyrirmynd sem leggur sitt af mörkum fyrir félagið og æfingarfélagana og slær hvergi slöku við þegar hvetja þarf aðra áfram eða vinna að innviðum félagsins. Kristín er að bæta sig á hverju móti og þó hún hafi bara verið að keppa í 2 ár er hún strax orðin mjög öflugur keppandi á heimsvísu sem er tekið eftir hvar sem hún kemur. Kristín var valin Kraftlyftingamaður/kona ársins 2021 hjá Kraftlyftingsambandi Íslands nú fyrir stuttu. Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingakona var kjörin Íþróttamaður Akraness og er þetta í annað sinn sem hún hlýtur þennan titil. Kristín Þórhallsdóttir er líkalega ein sterkasta kona á landinu.

Í öðru sæti í kjörinu varð Enrique S.Loranc Sigurðsson sundmaður og í þriðja sæti varð Drífa Harðardóttir badminton kona

Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2021:

Björn Viktor Viktorsson, golf /Leynir
 Dana Joy Scheriff, Knattspyrnufélag ÍA
 Drífa Harðardóttir, badminton
 Enrique S.L Sigurðsson, sund
 Ísak Snær Þorvaldsson, Knattspyrnufélag ÍA
 Ísak Birkir Sævarsson, keila
 Jakob S. Sigurðsson, Dreyri

Kristín Þórhallsdóttir, kraftlyftingar
 Kristrún Bára Guðjónsdóttir, karate
 Marinó Hilmar Ásgeirsson, knattspyrna Kári
 Salka Brynjarsdóttir, fimleikar
 Stefán Gísli Örlygsson, skotfimi
 Þórður Freyr Jónsson, karfa
 Þórkatla Þyrí Sturludóttir, klifur



Á þessa yfirlitsmynd allra sem tilnefndir voru vantar Ísak Birki keilara ársins



Ísak Birkir keilari ársins að taka á móti sinni viðurkenningur

Meistarar ÍA 2021, Íslands-, Norðurlanda-, Evrópu- og Heims-

Badminton Máni Berg Ellertsson Arnar Freyr Fannarsson María Rún Ellertsdóttir Drífa Harðardóttir Dreyri Jakob Svavar Sigurðsson Karate Kristrún Bára Guðjósðóttir Barna og unglingaflokkur: Dariel Anton Davíðsson Orellana Davíð Antti Liljar Geirsson	Kraftlyftingar Kristín Þórhallsdóttir Einar Örn Guðnason Helgi Arnar Jónsson Klifurfélagið Þórkatla Þyrí Sturludóttir Sund Enrikuw Snær Llorens Sigurðsson. Skotfélagið Stefán Gílsi Örlygsson
---	---



Iðkendur ÍA í landsliðsverkefnum

Nafn	Grein	Landslið	Verkefni
Enrique Snær Llorens Sigurðsson	Sund	Úrvalshópur	
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	Sund	Unglingalandslið	
Einar Margeir Ágústsson	Sund	Unglingalandslið	
Kristrún Bára Guðjónsdóttir	Karate	Norðurlandamót	
Ellert Kári Samúelsson	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge
Rúnar Sigurðsson	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge
Alex Máni Heiðarsson	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge
Beníta Líf Pálsdóttir	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge
Sylvía Þórðardóttir	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge / Norðurlandamót í grjótgímu
Sverrir Elí Guðnason	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge / Norðurlandamót í grjótgímu
Þórkatla Þýrý Sturludóttir	Klifur	Úrvalshópur	Nordic Youth Challenge / Norðurlandamót í grjótgímu
Gísli Laxdal Unnarsson	Knattspyrna	U-21	Riðlakeppni EM 2023
Guðmundur Tyrfingsson	Knattspyrna	U-17	Vínáttulandsleikur
Kristín Þórhallsdóttir	Klassískar kraftlyftingar	Landsliðið í opnum flokki	Heimsmeistara mót í klassískum kraftlyftingum , Evrópumeistaramót í klassískum kraftlyftingum
Kristín Þórhallsdóttir	Klassískar kraftlyftingar	Landsliðið í opnum flokki	Franskt boðsmót fyrir efstu konur heimslistans , vestur Evrópumót í klassískum kraftlyftingum
Einar Örn Guðnason	Kraftlyftingar	Landsliðið í opnum flokki	Heimsmeistara mót í kraftlyftingum
Máni Berg Ellertsson	Badminton	Afrekshópur	Evrópursumarskólinn 2022
Arnar Freyr Fannarsson	Badminton	Úrvalshópur	Evrópursumarskólinn 2022
Sóley Birta Grímsdóttir	Badminton	Úrvalshópur	
Davíð Logi Atlason	Badminton	Úrvalshópur	
Andri Viðar Arnarsson	Badminton	Úrvalshópur	
Breki Þór Ellertsson	Badminton	Úrvalshópur	
Drífa Harðardóttir	Badminton	Afrekshópur	HM senior 2021
Guðmundur Sigurðsson	Keila	Landslið 50+	Heimsmeistaramót í Dubai í nóvember
Matthías Leó Sigurðsson	Keila	Unglingalandslið	Evrópumót unglunga í Tilburgh Hollandi í september
Þórður Freyr Jónsson	Karfa	U-16	Norðurlandamóta




Áritun

Ársreikning þennan fyrir Íþróttabandalag Akraness hef ég yfirfarið og sannreynt stöður þar með talið banka. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1.1.2021 til 31.12.2021 og efnahagsreikningi hinn 31.12.2021 og er hann í samræmi við bækur og upplýsingar frá félaginu

Akranes 22.04.2022


Félagskjörinn skoðunarmaður


Félagskjörinn skoðunarmaður


Gjaldkeri félagsins


Formaður félagsins


Ritari stjórnar

Varaformaður


Meðstjórmandi

Meðstjórmandi

Rekstrarreikningur 1.1.2021 - 31.12.2021

	Skýringar	Raun 2021	Raun 2020
Rekstrartekjur			
Lottó		11.677.925	10.596.826
Styrkur frá Akraneskaupstað		49.595.570	5.225.000
Húsaleiga		5.887	7.480
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ		1.367.561	1.300.392
Hlutdeild í sölu getrauna		800.000	802.089
Trimm/aðstöðugjöld		982.772	1.119.604
Þreksalur		8.940.104	9.387.629
Ýmsar tekjur	1	5.188.957	4.507.969
Rekstartekjur samtals		78.558.776	32.946.989
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld, verktakagreiðslur		11.859.160	15.982.114
Styrkir til aðildafélaga		48.973.920	14.019.254
Tryggingar		112.735	99.385
Fasteignagjöld		787.041	755.566
Íþróttaráhöld		1.451.136	610.324
Önnur áhöld		352.631	649.176
Viðhald fasteignar		0	209.140
Prentun, pappír og ritföng		97.136	141.339
Kaffi og veitingar		30.035	96.031
Auglýsingar ofl.		327.280	150.373
Sími, internet, sjónvarps og tölvuþjónusta	2	2.862.579	1.178.799
Skráningakerfi aðildafélaga		1.877.859	0
Funda og þingkostnaður	3	454.762	
Stuðningsmannavörur		151.035	206.764
Birgðabreiting		664.200	
Annar kostnaður	4	1.555.105	2.403.774
Afskriftir	5	1.809.977	2.135.080
Rekstrargjöld samtals:		73.366.591	38.637.119
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		5.192.185	-5.690.130
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur		-125.915	-183.106
Vaxta- og þjónustugjöld		43.462	43.654
Fjármagnstekjuskattur		0	0
		-82.453	-139.452
Hagnaður/tap ársins		5.274.638	-5.550.678

Skýringar

1. Ýmsar tekjur

Kvennahlaup.....	100.000
Styrkur ÍSI vega fyrirlestra	150.000
Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum.....	4.403.942
Leiga á borðum og stólum.....	79.480
ÍA vörur	455.535
	<u>5.188.957</u>

2. Sími, internet, sjónvarps og tölvubjónusta

Sími og internet.....	57.739
ÍA vefurinn	12.623
Tölvukostnaður, officeleyfi.....	1.094.490
ÍA TV.....	722.540
Féttir og upptökur v. íA.....	396.800
Útbreiðsla sjónvarpsefnis.....	578.387
	<u>2.862.579</u>

3. Funda og þingkostnaður

Vegna ársþings ÍA.....	284.322
UMFÍ þing á Húsavík.....	126.470
Formannafundur á vegum ÍA.....	43.970
	<u>454.762</u>

4. Annar kostnaður

Kvennahlaup ÍSI.....	110.000
Íþróttamaður ársins.....	45.019
Innheimtugjöld/seðilsgjöld/leiga á posa... ..	98.728
Námskeiðsgjöld/fyrirlestrar/ráðgjöf.....	304.403
Póstkostnaður.....	2.035
Jólagjafir formanna/risna.....	612.233
Kári vegna ýmisskonar vinnu.....	250.000
Fatnaður starfsfólks.....	58.594
Styrkur til annara félaga og fyrirt.....	37.000
Ýmis kostnaður.....	37.093
	<u>1.555.105</u>

5. Afskriftir

Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01.....	6.405.240
Eignfært á árinu.....	834.669
Afskriftir ársins.....	-1.809.977
	<u>5.429.932</u>

Afskriftahlutföll eru 25%

6. Útistandandi kröfur

Akraneskaupstaður vegna des.....	740.034
Lottó vegna des.....	1.117.839
Getraunir vegna 2021.....	800.000
	<u>2.657.873</u>

Efnahagur ÍA 2021

Eignir	2021	2020
Veltufjármunir		
Bankareikningar	25.624.339	22.982.997
Útistandandi kröfur	4.157.873	2.318.630
Veltufjármunir samtals	29.782.212	25.301.627
Fastafjármunir		
ÍA íþróttavörur til endursölu	675.450	1.339.650
Skrifstofubúnaður, fjölmiðlatæki o.fl.	133.709	178.279
Búnaður í veitningasal	1.604.143	2.138.857
Íþróttatæki í þreksölum	3.692.080	4.088.104
Eignarhluti í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum	40.060.000	37.170.000
Fastafjármunir samtals	46.165.382	44.914.890
Eignir samtals	75.947.594	70.216.517
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	66.491.874	70.252.552
Hækkun á fasteignamati	2.890.000	1.790.000
Afkoma ársins	5.274.638	-5.550.678
Eigið fé samtals	74.656.512	66.491.874
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir, ógreiddur kostnaður	447.515	349.985
Ógreidd laun og launatengd gjöld	843.567	374.658
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	3.000.000
Skuldir samtals	1.291.082	3.724.643
Eigið fé og skuldir samtals	75.947.594	70.216.517

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2021

TEKJUR:	2021	2020
Sala minningarspjalda	4.000	0
Vextir og verðbætur	7.949	105.598
Tekjur	11.949	105.598
GJÖLD:		
Þjónustugjöld	0	0
Styrkir	450.000	450.000
Gjöld	450.000	450.000
Gjöld umfram tekjur	-438.051	-344.402
Alls:	11.949	105.598
Efnahagsreikningur 31. desember 2021		
EIGNIR:		
Landsbankinn 0186-15-670169	0	0
Landsbankinn 0186-15-020015	0	0
Íslandsbanki 552-14-645	2.358.002	2.796.053
Eignir	2.358.002	2.796.053
SKULDIR:		
	0	0
Skuldir	0	0
EIGIÐ FÉ:		
Eigið fé frá fyrra ári	2.796.053	3.140.455
(Halli)/hagnaður ársins	-438.051	-344.402
Eigið fé	2.358.002	2.796.053
Skuldir og eigið fé	2.358.002	2.796.053

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi

22.04.22

Margrét Bráns
Bergþór Guðmundsson

Helstu rekstrartölur aðildarféлага ÍA 2021

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir
Badmintonfélag	6.297.749	4.661.683	1.636.066	3.491.448	75.433
Badmintonfélag Akraness	7.383.542	7.586.806	- 203.264	3.312.137	99.386
Blakfélagið Bresi	809.500	681.106	128.394	1.695.600	-
Fimleikafélag Akraness	51.020.161	60.879.622	- 9.859.461	7.275.989	821.741
Golfklúbburinn Leynir	134.437.643	122.671.410	11.766.233	197.187.762	75.479.494
Hestamannafélagið Dreyri	17.960.426	15.226.444	2.733.982	73.857.757	-
Hnefaleikafélag Akraness	374.279	782.623	- 408.344	774.779	-
Íþróttafélagið Þjótur	898.920	1.007.446	- 108.526	2.120.836	
Karatefélag Akraness	3.215.205	3.302.460	- 87.255	1.825.047	-
Keilufélag Akraness	5.655.867	4.589.918	1.065.949	7.206.098	-
Knattspyrnufélag ÍA	223.469.692	246.296.361	- 22.826.669	37.601.476	12.088.514
Knattspyrnufélagið Kári	7.506.894	7.556.942	- 50.048	757.089	-
Klifurfélag ÍA	8.242.767	8.074.443	168.324	1.162.950	-
Kraftlyftingafélag Akraness	200.000	647.966	- 447.966	491.296	-
Körfuknattleiksfélag Akraness	18.585.685	17.749.945	835.740	158.225	1.500.000
Sigurfari	2.385.180	546.238	1.838.942	2.499.101	-
Skotfélag Akraness	5.263.201	4.511.263	751.938	5.329.523	
Sundfélag Akraness	25.825.345	26.454.619	- 629.274	10.079.431	474.054
UMF Skipaskagi	609.341	501.685	107.656	123.007	
Vélhjólaíþróttafélag Akraness	6.297.686	6.490.121	- 192.435	1.746.621	
Samtals	520.141.334	535.557.418	- 15.416.084	355.204.724	90.463.189
Íþróttabandalag Akraness	78.558.776	73.284.138	5.274.638	75.947.594	1.291.082
Samtals	598.700.110	608.841.556	- 10.141.446	431.152.318	91.754.271



77. Ársþing ÍA haldið 25.05.2021 Í Tónbergi, sal Tónlistaskólans

Þingsetning

Marella Steinsdóttir formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna, gestir voru Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ og Jóhann Steinar Ingimundarson varaformaður UMFÍ og fulltrúar bæjarstjórnar Akraness ásamt bæjarstjóra Akraneskaupstaðar Sævar Freyr Þráinsson.

Marella lagði til að Hildur Karen Aðalsteinsdóttir yrði þingforseti og að Erla Ösp Lárusdóttir tæki að sér að vera fundarritari og var það samþykkt með lófataki.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti lagði fram tillögu um að Trausti Gylfson (formaður), Hrönn Ríkharðsdóttir og Eggert Herbertsson skipuðu kjörnefnd. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Trausti Gylfason formaður kjörnefndar gerði grein fyrir niðurstöðum kjörnefndar. Alls bárust 20 kjörbréf frá 12 af 19 aðildarfélögum ÍA, 7 félög sendu ekki fulltrúa á þingið. Engar athugasemdir voru gerðar, kjörbréf stemma og voru því samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA

Formaður ÍA, Marella Steinsdóttir, hóf mál sitt með að tala um mikilvægi sjálfbóðaliða fyrir íþróttahreyfinguna. Hverskonar sjálfbóðavinna hefur jákvæð keðjuáhrif og styrkir samband milli heimils og íþróttafélaga. Þau hafa mikil áhrif á þáttöku barna í íþróttum. En sjálfbóðaliðastörf eiga undir högg að sækja, samkeppni um tíma fólks er meiri en áður og fólk forgangsraðar frítíma sínum öðru vísi en áður. Þá er komin meiri krafa um fagmennsku, uppeldisþekkingu og aðra sérþekkingu innan íþróttahreyfingarinnar. Hún hrósaði og þakkaði öllum sjálfbóðaliðum sem hafa komið nálægt íþróttahreyfingunni og lagt sitt af mörkum og án sjálfbóðaliða ætti það öfluga starf ÍA sér ekki stað.

Hún fór yfir að miklar viðræður við Akraneskaupstað hefðu átt sér stað til að fara yfir styrkgreiðslur til ÍA. Samningur á milli ÍA og Akraneskaupstaðar liggur nú fyrir og verður kynntur formönnum aðildafélagann á næstunni og tekin afstaða til hans. Hún þakkaði fulltrúum Akraneskaupstaðar fyrir faglegt og gott samstarf. Framlag Akraneskaupstaðar hefur hækkað úr 15.5 milljónum í 35.1 milljón og að það væri gott fyrsta skref í að hækka styrki frá Akraneskaupstað.

Marella fór einnig yfir þau fjölmörgu verkefni sem ÍA stóð fyrir á árinu eins og Heilsueflandi samfélag, æfingartæki sem voru sett upp í Garðalundi, vorhreinsun sem átti sér stað á Akranesi í apríl, samning sem var gerður við Sportabler um aðgengi að Sportabler fyrir öll sín aðildarfélög og boðið var upp á íþróttetengd leikjanámskeið fyrir 1 og 2 bekk.

Ársskýrslan er aðgengileg á vef ÍA.

Ársreikningar ÍA

Þingforseti gaf Hrönn Ríkharðsdóttur orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Skýrði Hrönn frá helstu liðum og bar saman við árið 2019.

Í framhaldinu var jafnframt gert grein fyrir ársreikningum í tengslum við minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar.

Þingforseti þakkaði Hrönn fyrir og gaf orðið laust um árskýrslu og ársreikninga.

Jón Þór frá Körfuboltanum bar upp spurningu hvort að einhverjir styrkir frá ÍA yrðu greiddir út á þessu ári, þar sem að reitur fyrir áætlaðar styrkveitingar fyrir 2021 á ársreikning er auður.

Marella svaraði þessari fyrirspurn þannig að það yrði að koma í ljós þar sem að samningur við Akraneskaupstað væri ekki tilbúinn að þá væri ekki vitað hvaða ráðstöfunar upphæðir ÍA hefði til að greiða út styrki, þegar hann er frágenginn þá vitum við betur hvernig fjárhagsstaða bandalagsing verður en að styrkir verði greiddur út ef það verður möguleiki á því.

Fleiri tóku ekki til máls.

Þingforseti bar upp ársreikninga og skýrsluna og var það allt samþykkt samhljóma.

Ávarp frá UMFÍ

Jóhann Steinar Ingimundarsson tekur til máls fyrir hönd UMFÍ. Hann talar um að UMFÍ verði alltaf til staðar fyrir hreyfinguna og að það sé alltaf hægt að leita til þeirra eftir aðstoð. Það hafi verið skýrtið ár í fyrra og íþróttir í algjöru lágmarki og ekki mikið um að vera.

Hann talaði um að Lottó tekju félaganna eru í harðri samkeppni við erlendar veitur og við þyrftum öll að hjálpast að við að vernda þessa mikilvægu fjáröflun félaganna.

Landsmót fyrir 2021 er enn á dagskrá og verður haldið miðað við forsendur mála í dag og að vonandi haldi það sér og að allir geti mætt á landsmót.

Mikil vinna við stefnumótun er byrjuð hjá UMFÍ og það verður farið á fullri ferð í að mynda góða stefnu en það hefur orðið mikil fjölgun í félaginu.

Hann að lokum óskaði Íþróttabandalaginu til hamingju með afmælið og færði bandalaginu blómaskreytingu og skjöld fyrir hönd UMFÍ

Heiðursviðurkenningar

Íþróttabandlagið sæmdi eftirfarandi aðila bandalagsmerki ÍA sem viðurkenningu fyrir langt og farsælt starf tengt íþróttamálum á Akranesi :

Arna Magnúsdóttir Golfklúbburinn Leynir
 Bjarni Þór Bjarnason Golfklúbburinn Leynir
 Borghildur Jósuadóttir Körfuknattleiksfélag ÍA
 Elínbjörg Magnúsdóttir Körfuknattleiksfélag ÍA
 Magnús Óskarsson Körfuknattleiksfélag ÍA
 Sigrún Ríkharðsdóttir Fimleikafélag Akraness
 Sigurður Elvar Þórólfsson Körfuknattleiksfélag ÍA

78. ársþing ÍA

Sigurður Sverrisson Kjörfuknattleiksfélag ÍA
Ólafur Þórðarsson Knattspyrnufélag ÍA

Heiðursmerki ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson og Marella Steinsdóttir afhenda eftirtöldum aðilum heiðursmerki ÍSÍ

- Hörður Helgason
- Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Styrkveitingar úr minnigarsjóði Guðmundar Sveinbjörnssonar

Þrír efstu í kjöri Íþróttamanns Akraness hlutu styrk úr sjóðnumen það voru :

Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingarkona hlaut 200 þúsund krónur
Jakob Svavar Sigurðsson Knapi hlaut 150 þúsund krónur
Guðrún Julianne Unnarsdóttir Fimleikakona 100 þúsund krónur

Þeim voru sendar bestu kveðjur frá þinginu

Lagabreytingar og skattur til ÍA

Þingforseti býður Hörð Helgason velkominn til að kynna lagabreytingar sem að sérstök laganefnd sem skipuð var á síðasta þingi, leggur til. Í laganefndinni voru Hörður Helgason og Gísli Gíslason.

Ekki voru lagðar til stórar breytingar á lögum en það var lagt til að Framkvæmdastjórn ÍA yrði núna bara kölluð stjórn og að Aðalstjórn yrði ekki notað sem heiti fyrir stjórn heldur yrði þá haldnir svokallaðir formannafundir með stjórn ÍA og þeir yrði sem áður hafðir með í ákvaranatökum bandalagsins.

Ólafur Adólfsson kom með tillögu um að í 2. gr laganna að lið a og b yrði svissað þannig að liður sem er núna a yrði b liður og liður sem er núna b liður yrði a liður.

Engar aðrar athugasemdir voru gerðar við lagabreytingarnar og þær samþykktar einróma.

Lagt var til að skattgreiðslur yrðu 0.- kr og það var samþykkt einhljóma.

Áskorun frá Kjörfuknattleiksfélagi ÍA

Þingforseti kynnti Jón Þór Þórðarsson formaður Kjörfuknattleiksfélags Akraness sem kom og þakkaði fyrir gott þing og sagði að margir góðir hlutir væru að gerast og hann þakkaði stuðning Akraneskaupstaðar en sagði að það mætti gera enn betur.

Hann sagði það mikil vonbrigði að nýr samningur við Akraneskaupstað væri ekki tilbúinn, þannig að það væri hægt að skrifa undir hann á þinginu

78. ársþing ÍA

Hann lagði fram samanburðartölur frá nágrannasveitarfélögum sem eru sumar hverjar með töluverðar hærri upphæðir en Akraneskaupstaður.

Það kom fyrirspurn úr sal hvort að tillagann væri tillaga eða áskorun, Jón Þór sagðist nú ekki gera sér grein fyrir því og úr varð að þetta yrði skráð sem áskorun.

Jón Þór körfu lagði fyrir þingið eftirfarandi áskorun :

Til aðildarfélaga ÍA

Í dag 18.maí er nákvæmlega eitt ár síðan við fulltrúar ÍA í vinnuhóp um fjármagn frá Akraneskaupstaðar til ÍA kynntum niðurstöðu á okkar samanburði fyrir bæjarstjórn. Þar var jafnframt lagt til að fjárhagsstuðningur Akraneskaupstaðar færi úr 25,2 mkr í 89 mkr enda er það fjárhæð sem við erum að sjá í sambærilegum samningum eins og hjá td. Aftureldingu og Selfoss. Inn í þeirri tillögu var gengið út frá því ÍA myndi hætta sinni þrekstarfsemi sem hefur verið að gefa 22 mkr í tekjur og verið að skila aðildarfélögunum um 8 - 10 mkr í styrk frá ÍA síðustu ár.

Samanburður fyrir árið 2019

Það sem er styrkt	Mosfellsbær ca. 1600 íðkendir 2018	Selfoss ca. 1400 íðkendir	Seltjarnarnes	Akranes	Akranes – tillaga
Fri afnot af íþróttamannvirkjum	Já ¹⁾	Já	Já ⁷⁾	Já	Já
Tómstundaframlag	Já	Já	Já	Já	Já
Barna- og unglingastarf	34.000.000 ²⁾	4.500.000	21.570.000	14.186.427	25.000.000
Rekstur og sérverkefni	33.400.000 ³⁾	36.000.000 ⁴⁾	26.204.340 ⁸⁾	6.188.333 ¹⁰⁾	25.000.000
Afrestastarf og styrktarsjóður	26.000.400 ²⁾	13.900.000	26.552.000	350.000 ¹¹⁾	20.000.000
Aðgangur að líkamrækt	4.700.000	Sjá ⁵⁾	Nei ⁹⁾	80/20 rekstarsamn. - ekki styrkur	4.000.000
Rekstur bandalaga, samstarfsverkefni	Innif. í Reksturog sérverkefni	31.300.000 ⁶⁾	Innif. í Rekstur og sérverkefni	4.500.000	15.000.000
Samtals	98.100.400	85.700.000	74.326.340	25.224.760	89.000.000

Síðan þá var ítrekað fjallað um þetta mál innan stjórnkerfis Akraneskaupstaðar. Á aðalstjórnarfundum ÍA þann 27. janúar 2021 voru kynntar fjárhagslegar forsendur í nýjum samstarfssamningi ÍA við Akraneskaupstað. Það er svo ekki fyrr en 17.maí 2021 sem fyrstu drög af samningi berst til framkvæmdastjórnar ÍA og ljóst að nýr samningur verður ekki undirritaður á ársþingi ÍA sem þó var frestað um einn mánuð. Við hjá KÍA höfum lagt mjög mikla vinnu í þetta mál og það eru okkur mikil vonbrigði að ekki náist að klára það fyrir ársþing ÍA sem er æðsti umfjöllunar- og ákvörðunarvettvangur ÍA. Við leggjum því hér með fram eftirfarandi tillögu á komandi ársþingi ÍA.

„ Ársþing ÍA haldið 25. maí 2021 lýsir vonbrigðum sínum með að samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og ÍA hafi ekki verið endurnýjaður. Skorað er á Akraneskaupstað að hækka verulega árlegt rekstrarframlag sitt til aðildarfélaga ÍA þannig að það sé í takt við umfang íþróttar á Akranesi og standist þannig samanburð við önnur sambærileg sveitarfélög og Akranes. ”

Meðfylgjandi er okkar greining og samantekt á ferli málsins. Við óskum eftir ykkar stuðningi við þessa tillögu þannig að það komi sterk og skýr skilaboð frá ÍA um að jafna þurfi stöðu aðildarfélaga ÍA gagnvart öðrum sambærilegum íþróttafélögum er kemur að fjárhagslegum stuðningi frá sínu sveitarfélagi.

Kveðja, Jón Þór Þórðarson, formaður Körfuknattleiksfélags ÍA

Áskorunin var samþykkt

Kosning til stjórnar ÍA og tveggja varamanna

Þingforseti las upp tillögu að formanni og stjórn ÍA

Tillaga að formanni : Marella Steinsdóttir, samþykkt með lófaklappi

Tillaga að varaformanni : Hrönn Ríkharðsdóttir, samþykkt með lófaklappi

Tillaga um meðstjórnendur : Gísli Karlsson, Líf Lárusdóttir og Erla Ösp Lárusdóttir, samþykkt með lófaklappi

Tillaga að varafulltrúum í stjórn: Trausti Gylfason og Emelía Halldórsdóttir, samþykkt með lófaklappi

Tillaga um skoðunarmenn reikninga : Þerghórr Guðmundsson og Magnús Brandsson, tillaga samþykkt með lófaklappi

Hörður Helgason gekk úr stjórn ÍA og honum var þakkað fyrir góð störf fyrir ÍA

Önnur mál

Þingforseti gaf orðið laust undir önnur mál.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

Byrjaði á að óska þeim sem fengu heiðursviðurkenningu til hamingju. Hann talaði um hvað sjálfbóðastarf er mikilvægt íþróttahreyfingunni og að það væri ekki mikið hægt að gera nema að þeirra nyti við.

Akraneskaupstaður hefur ákveðið að leggja töluvert meira fjármagn til íþróttahreyfingunnar og sagði að starfsmenn kaupstaðarins hefðu lyft grettistaki við að taka höndum saman um að auka fjármagnið. Hann talaði um að nýr samningur liggi fyrir en það eigi eftir að undirrita hann en vonar að það verði gert mjög fljótlega. Hann sagði að fólk yrði að passa að bera saman epli og epli í samanburði en ekki epli og appelsínur. Samanburður við önnur bæjarfélög yrði að vera réttmætur.

Hann talaði um að taprekstur ÍA yrði bættur af Akraneskaupstað og kæmi inn sem þriðjaúthlutun Covid styrkjar.

Styrkur Akraneskaupstaðar mundi hækka úr rúmum 18 milljónum í rúmar 32 milljónir sem væri mikil hækkun. Hann sagði að bærinn þyrfti að standa undir því að geta hækkað styrkina meira og til þess þá þyrfti kaupstaðurinn að skila meiri hagnaði því margir væru að bítast um peninginn en samt sem áður hefði verið farið í að hækka þessa styrki verulega til íþróttahreyfingunnar.

Hann talaði um að mikil vinna hefði farið í að finna út leiðir til að hækka styrki til íþróttahreyfingunnar, og að allir sem hefðu komið að þeirri vinnu ættu skilið hrós fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð.

Sigrún Ríkharðsdóttir Framkvæmdastjóri Fimleikafélags Akraness

Hún þakkaði fyrir gott þing og þakkaði fyrir heiðurinn að fá bandalagsmerki ÍA. Hún vildi einnig þakka bæjaryfirvöldum fyrir þetta frábæra fimleikahús sem þau hafa til afnota. Hún sagði að þau ætti eitt besta fimleikahús á landinu og væru mikið öfunduð af því. Það hefur ekki verið hægt að vígja húsið en það stendur til og hún hlakkar til að geta boðið í heimsókn til að sýna hvað húsið og aðstaðan er frábært. Hún þakkaði aftur fyrir.

Hörður Helgason

Hörður biður um orðið og þakkar þann mikla heiður að fá gullmerki ÍSÍ. Hann gefur ekki kost á sér í áframhaldandi stjórnarsetu hjá ÍA og þakkar öllum fyrir ánægjulegt samstarf, bæði starfsmönnum, sjálfbóðaliðum og stjórnarmönnum. Hann þakkar Akraneskaupstað, bæjarstjórn og bæjarstjóra fyrir ánægjuleg samskipti þó að allir séu ekki alltaf sammála. Hann telur það grunnvöll að góðri lýðheilsu að halda vel utan um skólana og íþróttastarfið og hvetur alla til að halda áfram því góða starfi. Hann leggur til að hætt verði við að rífa íþróttahúsið á Jaðarsbökkum, það séu enn félög sem hafi ekki viðunandi æfingarumhverfi og að það veðri full þörf fyrir að hafa það áfram. Hann þakkar fyrir sig.

Þingslit

Marella formðaur ÍA kemur og óskar öllum viðurkenningarhöfum innilega til hamingju. Hún þakkar Herði sérstaklega fyrir gott samstarf. Hún þakkar stjórn ÍA fyrir að hafa leyst sig af meðan hún þurfti að vera frá fyrr í vor og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn og vonar að samstarfið verði áfram farsælt. Hún þakkaði Akraneskaupstað fyrir gott samstarf og vonar að það haldi áfram að vera gott. Marella þakkaði svo öllum fyrir komuna og gott þing og sleit 77. Ársþingi ÍA.

Erla Ösp Lárusdóttir
Þingritari



Formaður slítur þingi



Ársskýrslur aðildarfélaga Í

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 15. febrúar 2021. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Engin breyting var gerð á stjórn félagsins.

Stjórn félagsins:

Stjórn félagsins veturinn 2021-2022:

Formaður:	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Gjaldkeri:	Arnór Tumi Finnsson
Ritari:	Irena Rut Jónsdóttir
Meðstjórnendur:	Daníel Þór Heimisson og Egill G. Guðlaugsson

Iðkendur:

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 70 sem skiptast í þrjá flokka, auk þess sem við höfum verið með trimmara hóp á mánudögum. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgangi að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2012 og eru nú um 10-12 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta átak næstu árin á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.





María Rún, Arnar Freyr, Davíð Logi og Máni Berg

Þjálfarar:

Helena Rúnarsdóttir var yfirþjálfari yfir vorönnina 2021 en fór síðan í fæðingarorlof og mun ekki koma aftur til starfa hjá félaginu og þökkum við henni fyrir frábær störf sem hún hefur unnið fyrir félagið. Irena Rut Jónsdóttir hefur tekið við af Helenu Rúnarsdóttur sem yfirþjálfari hjá félaginu. Sara Jónsdóttir þjálfaði keppnishóp á vorönn en hefur einnig hætt störfum hjá félaginu. Brynjar Már Ellertsson þjálfar keppnishóp einu sinni í viku og fer með keppendum á mót. Davíð Örn Harðarson hefur hafið störf hjá félaginu og mun þjálfa ásamt Brynjari Má Ellertssyni keppnishóp félagsins.

Viðburðir starfsársins:

Starfsárið er búið að vera mun betra en árið áður og hafa íþróttahúsin verið opin meira eða minna. Félagið hefur haldið öll sín mót á réttum tíma nema frestað hefur verið Grislingamótinu sem átti að vera í byrjun árs 2022 þar sem mikið um Covid smit voru hjá börnum og áhorfendur ekki leyfðir. Landsbankamót ÍA var 13. og 14. mars og var góð þátttaka í mótinu. Ákveðið var að breyta heitinu á Atlamóti ÍA í Meistaramót ÍA þar sem keppt er um Harðarbikarinn í tvíliðaleik og Atlabikarinn í einliðaleik til minningar um Hörð Ragnarsson sem lést á árinu 2021 og Atla Helgason sem lést af slysförum 1981. Fyrirhugað er að halda Landsbankamót ÍA 5. – 6. mars 2022. Áformað var að halda Meistaramót Íslands fullorðinna í samstarfi við Badminton samband Íslands en vegna framkvæmda í Íþróttahúsinu við Vesturgötu var frestað að hafa mótið á Akranesi en mun vonandi vera á næsta ári eða 2023. Það er mikill heiður að fá að halda stærsta mót tímabilsins á Akranesi og höldum við ótrauð áfram í von um að það takist.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Meistaramóti Íslands 2021 var haldið 28. – 30. maí. í TBR húsum. Þar sigraði Drífa Harðardóttir í tvíliðaleik ásamt Elsu Nielsen TBR og tvenndarleik ásamt Kristófer Darra Finnssyni TBR. Einnig varð Máni Berg Ellertsson Íslandsmeistari í tvenndarleik ásamt Höllu Stellu Sveinbjörnsdóttur BH í B flokki og í öðru sæti í einliðaleik í B flokki.



Meistaramót 2021 – Drífa Harðardóttir Íslandsmeistari í tvíliða- og tvenndarleik í Meistaraflokk og Máni Berg Ellertsson Íslandsmeistari í tvenndarleik í B flokki.

Badmintonfélag Akraness eignaðist þrjá Íslandsmeistaratitla á Íslandsmóti unglunga sem var haldið 14. – 16. maí á Akranesi. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir samkomutakmarkanir, áhorfendur voru leyfðir í númeruðum sætum. María Rún Ellertsdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistarar í U17. Máni Berg Ellertsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U15, og í öðru sæti í einliðaleik og tvenndarleik ásamt Höllu Stellu Sveinbjörnsdóttur BH í U15. Arnar Freyr Fannarsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U15. Davíð Logi Atlason varð í öðru sæti í einliðaleik, tvíliðaleik ásamt Erik Val Kjartansson BH og tvenndarleik ásamt Júlíu Marin Helgadóttur Tindastól í U11.



María Rún þrefaldur Íslandsmeistari U17



Davíð Logi til vinstri og Erik Valur BH



Máni Berg og Arnar Freyr

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingameistaramót TBR var haldið dagana 5. – 6. febrúar 2022.



Máni Berg sigraði í einliða- og tvíliðaleik karla U-15



Davíð Logi varð í öðru sæti í tvíliðaleik karla U-13

Næstu stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 25. – 27. mars 2022 í TBR.

Vegna kórónuveirunnar þá var ekkert Akranesmeistaramót haldið árið 2021 né lokahóf. En viðurkenningar fyrir bestu ástundun og framfarir voru veittar á æfingu. María Rún Ellertsdóttir var valin spilar ársins fyrir sína góðu frammistöðu á Íslandsmóti unglinga.





Minningarskjöldur Súsönnu Steinþórsdóttur var veittur og fengu Sóley Birta Grímsdóttir og Karitas Jónsdóttir hann að þessu sinni.



78. ársþing ÍA

Drífa Harðardóttir var valin badminton maður ársins 2021 eftir góða frammistöðu á síðastliðnu ári. Í kjörinu um Íþróttamanns Akranes varð Drífa í 3ja sæti yfir best Íþróttamenn Akraness. Einnig var Drífa valin badmintonkona Íslands 2021. Drífa varð Íslandsmeistari í tvíliða- og tvenndarleik. Einnig var Drífa heimsmeistari öldunga eða 45 ára flokki bæði í tvíliða- og tvenndarleik. Drífa kíkir á æfingar hjá ÍA þegar hún kemur til landsins og er alltaf til í að leiðbeina og aðstoða krakkana og veita þeim harða keppni á æfingum. Drífa er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka á Akranesi, bæði innan vallar sem utan. Badmintonfélagið er mjög stolt yfir að hafa svona duglega og árangursríka badmintonkonu í okkar röðum og hefur hún alla sína tíð keppt undir merkjum ÍA þrátt fyrir að hafa búið í Danmörku meiri hluta ævinnar.



Broddi Kristjánsson (TBR), Drífa Harðardóttir (ÍA) og Elsa Nielsen (TBR)

Landsliðsmál:

Eins og undanfarin ár átti félagið fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar á vegum landsliðsins.

Fimm krakkar hafa verið á föstum landsliðsæfingum í vetur. Þau Máni Berg Ellertsson, Arnar Freyr Fannarsson, Davíð Logi Atlason, Andri Viðar Arnarsson og Breki Þór Ellertsson hafa verið í yngri landsliðshóp. Einnig hefur Drífa Harðardóttir og Máni Berg Ellertsson verið í afrekshóp Badmintonsambandsins.

Engar landsliðsferðir voru á árinu 2021 vegna kórónufaraldursins.

Rekstur félagsins:

Rekstur félagsins á árinu 2021 var mjög góður. Tekjur voru hærri en árið áður og hafa styrkir frá Akraneskaupstað og ÍA hafa hækkað um 1.000.000 kr. en tekjur vegna æfingagjalda hafa lækkað á milli ára. Starfsmannakostnaður hefur hækkað þar sem erfitt hefur verið að festa þjálfara og mikið um breytingar. En við vonum að það sé komin þjálfun til framtíðar og viljum við leggja áherslu á það fyrir iðkenndur.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur verið að halda í lágmarki undanfarin ár.

Framtíðarsýn:

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma því aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig viljum við að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 4 árum og halda áfram okkar góða starfi með iðkendurnum.

Lokaorð og þakkir:

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða og hafa krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á æfingum og mótum og verið Badmintonfélag Akraness til sóma.

Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

Blakfélagið Bresi

Árið hjá blakfélaginu Bresa var ekki ósvipað því síðasta þar sem kórónuveirufaraldurinn var enn á blússandi siglingu. Aðalfundur félagsins var haldinn í sal Íþróttabandalagsins þann 3. mars 2021 og var Helena Rut fundarstjóri. Á aðalfundinum voru ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Stjórn Bresa hélst óbreytt og er hún þannig skipuð:

Formaður: Valgerður Ása Kristjánsdóttir.

Gjaldkeri: Helena Rut Steinsdóttir.

Ritari: Karitas Ósk Ólafsdóttir.

Varamenn: Eygló Karlsdóttir og Steindóra Steinsdóttir.

Skoðunaraðilar reikninga: Álfheiður Ágústsdóttir og Ingunn Sveinsdóttir.

Skráðir félagar í Bresa voru 16.

Æfingar og þjálfarar

Michal Lakomy hélt áfram sem þjálfari Bresa þetta æfinga- og keppnistímabil.

Æfingatímar félagsins voru á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 19:30-21:00 og á sunnudögum frá klukkan 16:00-18:00.

Keppni og Íslandsmót

Bresi var með 1 lið skráð í Íslandsmót á keppnistímabilinu 2020-2021 og átti liðið að spila í 3. deild. Vegna covid19 varð að fresta fyrstu keppnishelgum Íslandsmótsins en til að bæta það upp var sett af stað svokölluð Deildarbikarkeppni þar sem raðað var í riðla og spilaðir voru

úti- og heimaleikir. Var það sett í vald liðanna sjálfra að finna hentugar tímasetningar innan ákveðins tímaramma. Bresi var í riðli með HK F, Hamar, Vestra og Álftanesi. Bresi stóð uppi sem sigurvegari í riðlinum með samtals 11 stig, 8 unnar hrínur og 1 tapaða hrínu. Í lok mars voru settar á strangar samkomutakmarkanir sem urðu til þess að ekkert varð úr því að spilað yrði upp úr riðlunum. Að lokum fór það svo að Íslandsmótið var einnig felld niður.

Boggu og Bresamót 2021

Mótið var ekki haldið í ár vegna Covid19.

Öldungamótið

Annað árið í röð stóð til að halda Öldungamótið í Vestmannaeyjum um mánaðarmótin apríl/maí en það sama varð úr þetta árið og var mótinu aflýst vegna Covid19.

Lokaorð

Eins og árið áður var æfinga- og keppnis tímabilið hjá blak félaginu Bresa ólíkt því sem við eigum að venjast. Æfingar og mót féllu niður vegna samkomutakmarkana og lokana á íþróttamiðstöðvum..

Við höldum þó áfram að mæta á æfingar þegar við máttum og nýttum tímana okkar vel.

Fimleikafélag Akraness

Stjórn félagsins veturinn 2021-2022

Formaður:	Ólafur Rúnar Sigurðsson
Varformaður:	Marín Rut Elíasdóttir
Gjaldkeri:	Ingibjörg Indriðadóttir
Ritari:	Vilborg Helgadóttir
Meðstjórnandi:	Guðmundur Claxton
Varamenn:	Rósa Guðnadóttir og Helga Hallfríður Stefánsdóttir

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins á árinu einkenndist af heimsfaraldri COVID19 og voru afleiðingar þess að rekstur félagsins skilaði tapi upp á 9.863.016 milljónum. Eigin fjárstaða er ásættanleg og stendur núna í um 6.454.247 milljónum. Hraður vöxtur hefur verið félaginu áskorun og er þörf fyrir að endurskoða æfingagjöld og aðra tekjuöflun. Telur stjórn félagsins að félagið sé vel í stakk búið til að vinna við að efla félagið enn frekar og rétta stöðuna við. Með samstilltu átaki í rekstri hefur verið sett upp metnaðarfull áætlun um að rétta stöðu félagsins fjárhagslega á komandi árum. Verkefnið er ærið en raunhæft og hefur stjórnin fulla trú á því að hægt sé að snúa bátum við.

Fjáröflun bar keim af því ástandi sem einkenndi árið og var því með nokkru öðru sniði á árinu. Venjan er að þeir hópar sem fara erlendis í æfinga- og skemmtiferð fari fyrir fjáröflun. Félagið fór ekki með hóp árið 2021 í æfingaferð til Ollerup í Danmörku en búið er að staðfesta að farið verður í júlí árið 2022.



Iðkendur og þjálfarar - hjartað í starfinu

Á árinu 2021 voru á vorönn 493 iðkendur í félaginu.

Félagið hóf starfsemi á haustönn oh fjölgaði iðkendum umtalsvert, voru 676 í heildina.

Starf félagsins heldur áfram að blómstra undir stjórn Þórdísar Pallar Práinsdóttur yfirþjálfara og er stjórnin afar ánægð með hennar störf.

Í félaginu er sterkur hópur þjálfara og eru í dag starfandi 34 þjálfarar með mikla sérþekkingu og reynslu. Margir af okkar þjálfurum eru orðnir eftirsóttir af öðrum félögum til starfa innan FSÍ sem við lítum á sem merki um að við séum á réttri leið í uppbyggingu á okkar þjálfarahóp.


Hjá félaginu eru í dag um starfandi 31 þjálfari og erum við mjög stolt af þeim flotta hópi. Við höldum áfram að byggja upp þjálfararéttindin og hefur Þórdís umsjón með námskeiðshaldi þjálfara í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Starf félagsins

Heilt starfsár félagsins fór í fyrsta sinn fram í nýju glæsilegu fimleikahúsi.

Mikil flóra var í starfi félagsins á árinu en til að mynda var boðið upp á tvö ný námskeið fyrir Eldri borgara og Goldies. Óhætt er að segja að starf félagsins hafi einkennst af Covid-19. Starfið var takmarkað á bæði vor- og haustönn.

Þrátt fyrir takmarkanir á starfinu vegna sóttvarnarlaga hefur starfið verið til fyrirmyndar í nýju húsi sem endurspeglast í framförum iðkenda. Þjálfarar og iðkendur hafa notið þess að vinna í nýja húsinu og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Enn á eftir að opna húsið formlega, en stefnt er á að það verði gert í maí 2022. Við hlökkum mikið til að opna fimleikahúsið formlega með pompi og prakt.



Mótahald á vegum Fimleikasambandsins var ekki mjög sýnilegt á árinu þar sem þau mót sem haldin voru af fimleikasambandinu voru án áhorfenda og jólasýningin okkar féll niður annað árið í röð og munar um tekjur af þeim viðburðum. Þess í stað var jólasýningin var tekin upp á árinu og seld út til foreldra. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag þó að vissulega hafi þetta ekki komið í stað okkar frábæru sýningar. Enn og aftur sýnir það sig að með útsjónarsemi þá er hægt að nálgast flókin verkefni með góðri lausn.



Mótamál

Árið 2021 var aðeins líflegra þegar kom að mótamálum en árið á undan. Þrátt fyrir margar breytingar á mótaskrá Fimleikasambands Íslands og tilfærslur á mótum vegna Covid 19 þá fóru öll helstu hóp fimleikamót fram á árinu. Alls voru það sjö mót sem öll voru haldin á vorönn.

Bikarmót unglunga var haldið á Selfossi helgina 13-14 febrúar. ÍA sendi 10 lið á mótið. Í 5 flokki kvenna áttum við 3 lið sem höfðu í 2, 9 og 12 sæti. Í 4 flokki kvenna voru 4 lið frá ÍA sem höfðu í 2, 12, 20 og 24 sæti. Í 3 flokki kvenna voru 3 lið sem voru 3 lið í 7, 9 og 14 sæti. Einnig átti félagið eitt lið í yngri flokki drengja sem hafnaði í 3 sæti.

Helgina eftir hélt Fimleikafélag Akraness GK mótið í hóp fimleikum í fimleikasalnum við Vesturgötu. Mótið er deildarkeppni eldri flokka. ÍA átti 3 lið á mótinu. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 3 sæti, 1 flokkur kvenna hafnaði í 3 sæti í b riðli og 2 flokkur kvenna í 6 sæti. Mótið var áhorfendalaust en ÍA TV sá til þess að allir gætu fylgst með.

27 febrúar fór Bikarmótið í stökkfimi fram í Gróttu en ÍA sendi engin lið á það mót.

Helgina 22-23 mars fóru Íslandsmótið í stökkfimi og Bikarmót fullorðinna í hóp fimleikum fram í Stjörnunni. ÍA átti tvö lið á Bikarmótinu. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 4 sæti á mótinu og 2 flokkur kvenna í 8 sæti. Meistaraflokkur átti einnig lið á Íslandsmótinu í stökkfimi sem endaði í 2 sæti.

Vormót B og C deilda fór fram í Egilshöllinni 29-30 maí. Þar átti ÍA 5 lið. Tvö í 4 flokki C sem höfðu í 4 og 7 sæti. Eitt lið í 4 flokki B sem hafnaði í 5 sæti. Eitt lið í 3 flokki B sem hafnaði í 4 sæti og eitt lið í 5 flokki B sem hafnaði í 6 sæti.

Íslandsmót fullorðinna í hópfimleikum var svo haldið á Akranesi þann 6 apríl og var jafnframt síðasta mót ársins. Þar sem allt mótahald á haustönn var fellt niður vegna Covid 19. Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 4 sæti á mótinu og 2 flokkur í 6 sæti. Íslandsmótið var einnig áhorfendalaust en var í beinni útsendingu á RÚV.

Árangur félagsins á mótum ársins:

Bikarmót unglunga 2021 á Selfossi

5 flokkur kvenna

2. sæti ÍA 1 (25.560)

9. sæti ÍA 2 (16.460)

12. sæti ÍA 3 (12.400)

4 flokkur kvenna

2. sæti ÍA 1 (38.360)

12. sæti ÍA 2 (29.910)

20. sæti ÍA 3 (24.460)

23. sæti ÍA 4 (21.780)

3 flokkur kvenna

7. sæti ÍA 1 (37.730)

9. sæti ÍA 2 (36.810)

14. sæti ÍA 3 (33.030)

KK yngri

3. sæti ÍA (15130)

GK mótið í hópfimleikum 2021 á Akranesi

2 flokkur kvenna

6. sæti (40.110)

1 flokkur

3. sæti ÍA (41.660)

Meistaraflokkur kvenna

5. sæti ÍA (44.295)

Bikarmót fullorðinna í hópfimleikum 2021 í Stjörnunni

2 flokkur kvenna

8. sæti ÍA (39.695)

Meistaraflokkur kvenna

4. sæti ÍA (42.475)

Íslandsmótið í Stökkfimi 2021 í Stjörnunni

Meistaraflokkur kvenna

2. sæti ÍA (43.200)

Vormót B og C deilda 2021 í Egilshöll

5 flokkur kvenna

B deild

6. sæti ÍA 3 (16.115)

4 flokkur kvenna

C deild

4. sæti ÍA 3 (25.195)

7. sæti ÍA 4 (18.065)

B deild

5. sæti ÍA 2 (31.545)

3 flokkur kvenna

B deild

4. sæti ÍA 3 (35.880)

Íslandsmótið í hópfimleikum 2021 á Akranesi

5 flokkur

3. sæti ÍA 1 (27.595)

5. sæti ÍA 2 (24.680)

4 flokkur

4. sæti ÍA 1 (37.100)

3 flokkur

5. sæti ÍA 1 (39.865)

9. sæti ÍA 2 (34.930)

2 flokkur kvenna

6. Sæti ÍA (40.800)

Meistaraflokkur kvenna

4. sæti ÍA (44.850)

Tilnefning til íþróttamanns Akraness

Fimleikafélag Akraness tilnefndi Sölku Brynjarsdóttur fimleikakonu ársins 2021.

Salka æfir hópþímleika með meistaraflokki FIMÍA.

Hún hefur verið lykilmáður í liði meistaraflokks síðustu ár.

Salka er þeim góðu kostum gædd að í kringum hana ríkir alltaf mikil gleði og jákvæðni sem eru mikilvægir kostir að hafa í hópíþróttum. Salka á stóran þátt í að skapa þá góðu liðsheild og samstöðu sem ríkir í hópi meistaraflokks. Hún er vinnusöm og hvetjandi. Salka setur sér háleitt markmið sem hún leggur hart að sér við að ná.

Salka ber af í gólfæfingum og eykur ört við erfiðleika í æfingum á trampólíni og dýnu. Við eigum eftir að sjá þessa frábæru fimleikakonu halda áfram að vaxa í íþróttinni næstu árin.



Framtíðarsýn

Fimleikafélag Akraness er félag sem hefur fest sig í sessi sem eitt af stærstu aðildarfélögum Íþróttabandalags Akraness. Að halda úti svo stóru félagi og byggja undir framtíðarvöxt krefst aðhalds og útsjónarsemi. Rekstrarstaða ársins 2021 er vissulega vonbrigði og er nauðsynlegt að snúa þeirri þróun hratt við. Aðgerðaráætlun hefur verið sett fram til að vinna upp tap og rétta rekstur félagsins við. Óhjákvæmilega þýðir það að hækka þarf æfingagjöld á komandi ári sem stjórn félagsins hefur reynt að koma í veg fyrir síðustu tvö ár vegna skertrar starfsemi sökum COVID-19.

Til að vaxa sem félag er ljóst að aukinn stuðningur meðal foreldra þarf að aukast og mikil þörf á að allir taki höndum saman í því verkefni sem fyrir er. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan, aðstaðan til fyrirmyndar og þjálfarateymið sterkt. Markmið næsta árs er að koma í veg fyrir brottfall í elstu flokkum félagsins, styrkja þá og efla svo við stimplum okkur enn frekar sem eitt af bestu félögum landsins.



Lokaorð

Enn eitt árið liðið hjá Fimleikafélagi Akraness og vissulega viðburðaríkt á margan hátt. Það sem stendur upp úr árið 2021 er þetta var fyrsta heila starfsárið í nýju glæsilegu fimleikahúsi.

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra framlag. Ljóst er að starfið myndi aldrei geta verið í þessari mynd án ykkar framlags. Sérstakar þakkir fær fráfarandi framkvæmdastjóri, Sigrún Ríkhardsdóttir, sem lét af störfum í lok árs og á sama tíma bjóðum við nýjan framkvæmdastjóra, Eyrúnu Reynisdóttur, velkomna til starfa. Akranes býr við mikla möguleika í að verða eitt af fremstu bæjarfélögum í íþrótt- og tómstundastarfi og við erum sannfærð um að fjölskyldufólk horfir til þess þegar það ákveður búsetu. Það er mikil gróska í bænum sem sýnir sig í 19 aðildarfélögum íþróttabandalagsins. Fimleikafélagið Akranes er orðið stærsta íþróttafélagið og fögnum við því. Það er einnig frábært hversu mikið samstarf er við íþróttabandalagið og þau íþróttafélög sem eru innan þess. Einnig eigum við gott og farsælt samstarf við Akraneskaupstað sem hefur stutt vel við bakið við félagið og fyrir það erum við þakklát. Lokaorðin þessara skýrslu eru gildi ÍA sem segja mjög mikið um okkar starf.

**Að koma saman er byrjun
Að vera saman eru framfarir
Að vinna saman er árangur**

f.h. stjórnar Fimleikafélags Akraness,
Marín Rut Elíasdóttir, varaformaður

Golfklúbburinn Leynir

Á aðalfundi GL þann 3. desember 2020 var kosin stjórn fyrir starfsárið 2021.

Stjórn var þannig skipuð:

Oddur Pétur Ottesen, formaður.

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður. Heimir Bergmann, gjaldkeri.

Ella María Gunnarsdóttir, ritari.


Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi

Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 14 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.

56. starfsár Golfklúbbsins Leynis


Golfsumarið á Íslandi árið 2021 var ágætt en heimsfaraldurinn Covid-19 og kaflaskipt veðurfar hafði sín áhrif á rekstur golfklúbba. Golfþyrstir kylfingar eltu sólina um norðanvert landið í sumar þar sem veðrið lék við þá, enda eitt besta sumar í manna minnum á því landssvæði. SV horn landsins átti töluvert inni þegar horft er til sólarstunda en við höldum í þá von að sumarið 2022 bjóði upp á betri tíð. Golfklúbburinn Leynir fann vel fyrir veðráttunni því spiluðum hringjum á Garðavelli fækkaði töluvert á milli ára en þeir fóru úr 26.852 árið 2020 í 23.152 hringi sumarið 2021. Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 14.585 hringir skráðir á félagsmenn eða um 63% allra skráðra hringja sem er svipað hlutfall og árið 2020.



Fjölgun félagsmanna

Félagsmönnum GL heldur áfram að fjölga á milli ára en þeir voru í lok sumar alls 674 samanbórið við 623 árið 2020. Hlutfallslega fjölgaði körlum meira en konum en fjöldi kvenna í klúbbum er á

pari við árið 2020. Stjórn er enn þeirrar skoðunar að fjölgun kvenna í starfinu sé okkar helsti vaxtarsproti í fjölgun meðlima o.þ.m. styrkara starfi.



Hvet ég alla til að leggjast á sveif með okkur í þeirri vinnu. Ef það markmið næst að ná félagafjölda í 800 manns mun það gjörbreyta rekstrarforsendum klúbbsins, okkur öllum til hagsbóta. Fjölgun meðlima í fjaraðild frá nærliggjandi sveitarfélögum var töluverð á árinu og eru þeir nú um 80 en voru 40 á árinu 2020. Nýliðum á árinu 2021 fjölgaði einnig og voru um 65, en um er að ræða félagsmenn sem hafa ekki áður verið í golfklúbbi. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor – eins og alla aðra félagsmenn.

Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2021. Í vetur voru félagsmenn mjög duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla. Heimsfaraldurinn sett þó sinn svip á aðgangsstýringu og aðbúnað en það leystist vel. Þá var íþróttastjóri Leynis, Valdís Þóra Jónsdóttir, með æfingar og námskeið fyrir félagsmenn og Jón Einar Hjaltested með styrktarþjálfun á sérkjörum fyrir félagsmenn. Í upphafi árs sagði Brynjar Sæmundsson sig frá sem vallarstjóri á Garðavelli. Að undangenginni rýni á þeim möguleikum sem voru í stöðunni, var gengið til samninga við Golfklúbb Mosfellsbæjar. Hryggjarstykkið í samkomulaginu var aðkoma GM að vallarstjórn, auk þess gátu meðlimir þessara klúbba spilað gagnkvæmt á mjög hóflegu vinavallargjaldi á völlum klúbbana.

Ljóst er að talsverðar breytingar munu líta dagsins ljós á samstarfinu á komandi ári – gerum þó ráð fyrir framhaldi á ánægjulegu samstarfi við Mosfellinga á næstu misserum.

Viljum við sérstaklega þakka Brynjari Sæmundssyni fyrir hans framlag til GL á umliðnum árum. Sérþekking Brynjars hvarf þó ekki út um gluggann, því áfram vann Brynjar að mörgum verkþáttum á Garðavelli í sumar.



Mótahald og viðburðir sumarið 2021

Á 77. ársþingi ÍA sem haldið var hátíðlega 25. maí í Tónbergi voru félagsmenn GL, þau Bjarni Þór Bjarnason og Arna Magnúsdóttir sæmd bandalagsmerki ÍA. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.

Á starfsárinu sæmdi stjórn GL tvo félagsmenn nafnbótinni heiðursfélagi Golfklúbbsins Leynis eins og heimilt er samkvæmt lögum félagsins. Það eru þeir eru Janus Bragi Sigurbjörnsson og Halldór Friðgeir Jónsson. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina en framlag þeirra til klúbbsins er ómetanlegt og verður seint þakkað. Fjórir félagsmenn GL fóru holu í höggi þetta sumarið á Garðavelli. Fyrstur til þess þetta sumarið var Arilíus Smári Hauksson þann 5. maí á 3. holu. Næstur í röðinni var Haukur Þórisson á 18. holu en draumahöggið sló hann 25. maí. Þá var það Sveinbjörn Rögnvaldsson sem fór holu í höggi þann 19. júlí á 3. holu. Loks var það svo Vala María



Sturludóttir (13 ára) sem fór holu í höggi í SF Smiðum mótarið þann 21. júlí á 14. holu. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.

Mótahald á starfsárinu 2021 var með svipuðu sniði og árið 2020. Þátttaka í opnum mótum GL var mjög góð sem og í innanfélagsmótum en vissulega setti veðrið sinn svip á þátttöku kylfinga í sumum mótum. Þó svo að veðrið hafi oft leikið kylfinga grátt

á miðvikudögum þá stoppaði það ekki félagsmenn til þátttöku. Slíkt viðhorf og slík elja er vel til þess fallið að efla okkar frábæra klúbb. Í ár var boðið upp á skemmtilega nýjung fyrir félagsmenn en þá bauð dómarrinn og félagsmaður Leynis, Viktor Elvar Viktorsson, félagsmönnum upp á dómarrarólt um völlinn sem margir nýttu sér. Skemmtilegur viðburður sem væri gaman að gera á ári hverju í tengslum við meistarmót klúbbsins.

Meistaramót GL fór fram dagana 7.-10. júlí og urðu Stefán Orri Ólafsson og Elsa Maren Steinarsdóttir klúbbmeistarar 2021. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með árangurinn. Golfklúbburinn Leynir þakkar öllum félagsmönnum fyrir þátttökuna í meistaramótinu og öðrum vinningshöfum til hamingju. Ánægjulegt er að segja frá því að þátttakan í mótinu var með besta móti en alls tóku 139 kylfingar þátt í ár.



Skemmtileg nýjung var í mótinu í ár þar sem kylfingar gátu safnað fuglum í þágu góðs málefns í samvinnu við fyrirtækið Skipavík í Stykkishólmi en fyrirtækið greiddi 500,- kr. fyrir hvern fugl sem náðist í mótinu. Á lokahófinu afhentu formaður og framkvæmdastjóri GL forsvarsmanni Umhyggju, félags langveikra barna svo afraksturinn upp á kr. 150.000,- Stjórn vill þakka Skipavík fyrir samstarfið og velviljann.

Að lokum vill stjórnin færa mótanefnd og starfsmönnum GL þakkir fyrir faglega vinnu við mótið, eins öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu sitt að mörkum svo að mótið gæti orðið eins glæsilegt og raunin var. Þá vill GL færa félagsmanninum Sigurði Elvari Þórólfssyni hjá Skagafréttum sérstakar þakkir fyrir að taka myndir út á golfvelli á meðan á mótinu stóð, sem og öðrum jákvæðum fréttum af félagsstarfinu á liðnu starfsári. Slíkt er ómetanlegt bæði í sögulegu samhengi sem og að upplýsa samfélagið um það jákvæða starf sem fram fer í klúbbnum.

Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar fór fram í annað sinn í sumar við góðar undirtektir félagsmanna. Keppnisfyrirkomulagið er með svipuðum hætti og keppt er í sveitakeppnum golfklúbbanna. 14 lið skráðu sig til leiks, hvert skipað 7-8 leikmönnum. Team Lögheimili báru sigur úr bítum í úrslitaleik við Lærlinga Goðsagnarinnar. Golfklúbburinn Leynir þakkar Blikksmiðju Guðmundar fyrir samstarfið og stuðninginn á þessum vettvangi.



Hið vinsæla og vel heppnað hjóna- og paramót fór fram laugardaginn 29. maí og var uppselt í móti líkt og í fyrra. GL þakkar þeim Þórði Emil Ólafssyni og Berglindi Helgu Jóhannsdóttur fyrir undirbúning mótsins, eins þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem lögðu sitt af mörkum til að gera það svo veglegt. Góður rómur var gerður að mótinu

og hafa kylfingar nú þegar skráð sig til þátttöku að ári. Þykir einsýnt að þetta mót sé orðin einn af hornsteinum mótahalds GL.

Golfklúbburinn Leynir stóð fyrir þremur GSÍ mótum sumarið 2021 og stefnir á að halda tvö slík mót sumarið 2022 þ.e. sveitakeppni ungmenna 15 ára og yngri sem og stigamót GSÍ.

Þá var brugðið á það ráð í lok sumars að halda lokamót mótanefndar GL. Það var gert með þeim hætti að haldin voru tvö mót á sama degi sem endaði svo með glæsilegri árshátíð. Það var mat félagsmanna að gríðarlega hafi vel tekist til með þessa tilraun og mikill vilji í að gera þennan viðburð enn glæsilegri að ári.



Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmóti golfklúbba (2. deild karla) var haldið í lok júlí við frábærar aðstæður á Kiðjabergsvelli. Eftirtaldir félagsmenn skipuðu sveit Golfklúbbsins Leynis: Stefán Orri Ólafsson, Hróðmar Halldórsson, Kristján Kristjánsson, Valdimar Ólafsson, Pétur Vilbergur Georgsson, Kristvin Bjarnason, Björn Viktor Viktorsson og Willy Blumenstein. Liðsstjóri Leynis var Halldór Hallgrímsson. Strákarnir stóðu sig vel, unnu þrjá leiki og töpuðu tveimur – GL heldur sæti sínu í deildinni.

Dagana 19.-21. ágúst fór fram Íslandsmót golfklúbba 50+ í kvennaflokki. Spilað var á Kirkjubólsvelli í Sandgerði. Golfklúbburinn Leynir sendi vaska sveit til leiks, en hana skipuðu; Elísabet Valdimarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir, Ellen Ólafsdóttir, Ruth Einarsdóttir, Ellen Blumenstein og María Björg Sveinsdóttir. Sveitin gerði sér lítið fyrir og landaði sigri og mun spila í fyrstu deild að ári. Golfklúbburinn Leynir færir sveitinni hamingjuóskir með árangurinn, virkilega vel gert og sterk innkoma eftir langt hlé í þátttöku á þessu móti.

Golfklúbburinn Leynir sendi lið til þátttöku í sveitakeppni GSÍ í barna- og unglingaflokki. Allir flokkarnir stóðu sig vel og voru félagi sínu til sóma. Afrekskylfingurinn Björn Viktor Viktorsson átti gott sumar. Hann lenti þrisvar í öðru sæti á unglingamótaröðinni og var valinn í piltalandslið Íslands. Þá endaði hann í öðru sæti á WAGR (World Amateur Golf Ranking) heimslistamótinu sem fram fór í Hvaleyrarvelli daganna 24.-26. september.



Margt ber að þakka

En það þarf fleira til en kylfing, kylfu og golfbolta svo hægt sé að iðka þessa skemmtilegu íþrótt. Til þess þarf einnig golfvöll og aðra skylda aðstöðu. Svo þetta falli allt vel saman þá er hlutverk sjálfböðavinnu ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Vil ég þakka þeim sem unnið hafa ótult starf í nefndum fyrir GL mikilvægt framlag, einnig þeim fjölmörgu sjálfböðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn í öðrum verkefnum. Ég vil sérstaklega þakka vallarnefnd ásamt þeim Viktori Elvari Viktorssyni, Jóhanni Sigurðssyni, Halldóri F. Jónssyni og Jóni Ármanni Einarssyni fyrir ómetanlega aðstoð við framkvæmdir á vellinum.

Eins og komið hefur fram var á starfsárinu farið af stað með metnaðarfullt samstarf við Golfklúbb Mosfellsbæjar m.a. með vallarstjórn á Garðavelli. Golfklúbburinn Leynir vill þakka Einari Ólafi Pálssyni sem var í hálfu starfi sem vallarstjóri á Garðavelli sumarið 2021 fyrir samstarfið á árinu. Tekin hefur verið ákvörðun um að ráða í 100% starf vallarstjóra á Garðavöll en það er skref sem stjórn telur nauðsynlegt að stíga til fulls eftir að hafa prófað nokkrar sviðsmyndir á liðnum árum.

Þá hafa forsvarsmenn Galito Bistro sagt upp samningi sínum sem rekstraraðilar veitinga að Garðavöllum og vill stjórn GL þakka Hilmarí Ægi Ólfssyni og hans félögum í Galito fyrir gott samstarf frá opnun Garðavalla árið 2019.



Sjálfböðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu og þeim mun fleiri sem leggja hönd á plóg, þeim mun betri verður umgjörðin og félagsstarfið skemmtilegra. Félagsmen og konur í GL, ásamt okkar glæsilega Garðavelli og félagsaðstöðunni Garðavöllum eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.

Öllu því góða starfsfólki sem hefur unnið á vellinum eða í afgreiðslunni, til lengri eða skemmri tíma ársins þakka ég vel unnin störf og ánægjuleg viðkynni. Það er ekki sjálfgefið að ná að búa til jafn faglega umgjörð og þið hafið náð að gera í sumar með framlagi ykkar og viðmóti.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnarfólki mínu í stjórn, sem og nefndarfólki, fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóranum þakkir fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis,

O. Pétur Ottesen, formaður

24. nóvember 2021



Hestamannafélagið Dreyri

Aðalfundur 25. nóvember 2021 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda

Í stjórn Dreyra voru á árinu 2021:

Formaður: Fjóla Lind Guðnadóttir

Varaformaður: Hjálmar Þór Ingibergsson

Ritari: Jóna Mjöll Halldórudóttir

Gjaldkeri: Inga Ósk Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Sigurður Arnar Sigurðsson

Ólafur Guðmundsson.

Varamenn: Guðmundur G. Sigurðsson og Sigurður Valgeirsson

Skoðunaraðilar reikninga: Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir.

Til vara: Sigurður Arnar Sigurðsson (kosið er um endurskoðendur á framhaldsaðalfundi .

Stjórn hittist alls 9 sinnum á fundum í félagsheimilinu og einnig voru mörg mál rædd á samskiptamiðli stjórnar (facebook), í tölvupósti og í síma.

Félagar í ársbyrjun voru 263.

Frá aðalfundi 27. nóvember 2019 voru nefndir Dreyra eftirfarandi:

Beitarnefnd: Guðmundur G. Sigurðsson, Einar Ólafur Jónsson, Einar Gunnarsson og Jón Magnússon.

Einar G. og Guðmundur hættu að vori 2021 og Ármann Rúnar Ármannson tók þeirra stað.

Fræðslu- og skemmtinefnd: Engin nefnd hefur verið starfandi s.l. ár.

Öryggisnefnd: Hrafn Einarsson, Benedikt Þór Kristjánsson og Sigmundur Kristjánsson

Hússtjórn: Ragnheiður Helgadóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir og Guðleif Nóadóttir.

Mótanefnd: Stine Laatsch, Einar Gunnarsson, Magnús Axel Jónsson og Marie Greve Rasmussen.

Vallarnefnd: Guðmundur G. Sigurðsson lét af störfum vorið 2021 og Einar Gunnarsson tók við.

Reiðveganefnd: Jón Magnússon og Ása Hólmarsdóttir. Guðný Elíasdóttir og Hafsteinn Daníelsson hættu vorið 2021.

Æskulýðsnefnd: Jóna Mjöll Halldórudóttir, Marie Rasmussen og Guðbjartur Stefánsson.



78. ársþing ÍA

Uppstillingarnefnd: Stjórn félagsins hefur tekið við störfum uppstillingarnefndar.

Reiðskemmunefnd: Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Hörður Þorsteinn Benónýsson og Magnús Karl Gylfason.

Formaður sótti einn fund með formönnum aðildarfélaganna ÍA og stjórn ÍA.

Formaður og Sigurður Arnar Sigurðsson fóru á 77. ársþing ÍA fyrir hönd Dreyra, sem haldið var 25.maí 2021 í sal Tónlistarskólans á Akranesi.

Þann 6. janúar 2021 var Jakob Svavar Sigurðsson í öðru sæti í kjöri til Íþróttamanns Akraness 2020 eftir glæsilegan árangur á árinu.



Fjórðungsmótsnefnd hestamannafélaganna á Vesturlandi yfir 20 sinnum vegna fjórðungsmóts sem haldið var í Borgarnesi 7.-11. júlí 2021. Í undirbúningsnefnd fyrir fjórðungsmót voru Fjóla Lind Guðnadóttir og Stefán Ármannsson. Dreyri átti 10 keppendur á mótinu. Mótið tókst með eindæmum vel og varð hagnaður af mótinu sem kemur að góðum notum inn í starf félagsins.

Á Landsýningu kynbótahrossa sem haldin var á laugardeginum (á fjórðungsmóti) 10. júlí 2021 voru 2 hross frá félagsmönnum Dreyra í úrslitum. Það voru þau Sigurdís frá Skipaskaga í 7. sæti í 5 vetra flokki hryssna og Skygginn frá Skipaskaga í 5. sæti 5 vetra stóðhesta.

Eins og vanalega hófst okkar gleðilega hestaár með smölun úr flóanum fyrir áramót. Miðað við aðstæður í mörgum hestamannafélögum víða um land þá telst aðgengi okkar að beitarhögum á Akranesi vera mikill lúxus, enda erum við þakklát fyrir þessa aðstöðu.

78. ársþing ÍA

Það var mjög gott starf í æskulýðsnefndinni á árinu eins og heyra má nánar um í skýrslu nefndarinnar. Árlegi umhverfisdagurinn okkar eða hreinsunardagurinn í Æðarodda og nágrenni var 4. maí. Stjórn Dreyra þakkar því úrvalsfólki sem tók til í kringum Æðaroddann.

Á sumardaginn fyrsta var haldið í hefðina og félagsmenn riðu saman að Höfða og færðu heimilisfólki blómvönd. Þar sem þessi reiðtúr féll niður vegna Covid-19 árið 2020 var heimilisfólkið mjög ánægt og þakklátt fyrir heimsóknina.

Firmakeppni Dreyra var haldin að venju en þó ekki með okkar frábæra kökuhlaðborði heldur voru grillaðir hamborgarar.



Á 17. júní voru félagsmenn Dreyra að teyma undir börnum bæði á hátíðarhöldum á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Félagsmenn voru að þessu sinni fjórir á Akranesi og tveir í Hvalfjarðarsveit. Gott væri að fleiri félagsmenn myndu taka þátt í þessu verkefni því áhuginn er mjög mikill og félagið fær styrk á mótí.

Nú er reiðskemman risin og unnið er hörðum höndum að koma henni í nothæft ástand. Nánar verður skýrt frá stöðu verksins í skýrslu reiðhallarnefndar.



Stjórn Dreyra vill þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfboðavinnu. Hvert handtak er dýrmætt.

Fjóla Lind Guðnadóttir

Formaður stjórnar Hestamannafélagsins Dreyra.



Hnefaleikafélag Akraness

Stjórn félagsins árið 2021

Formaður:	Bjarni Þór Benediktsson
Varaformaður:	Eyþór Helgi Pétursson
Gjaldkeri:	Birna Árnadóttir
Meðstjórnendur:	Steinunn Inga Sigurðardóttir

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í Mars 2021 í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.



Iðkendur

Iðkendum hefur fækkað mikið síðustu ár, skráðir iðkendur fyrir árið 2021 eru einungis níu.

Annað

Haldið hefur verið úti æfingum þó iðkendur séu fáir. Æfingar hafa verið þrisvar í viku að meðal tali. Ekki var neitt um mótahald né þáttaka í mótum annara. Framtíðarsýnin er að halda út í þessari íþróttagrein og reyna að efla starfið í heild sinni. Félagið þurfti að færa sínar æfingar á Jaðarsbakka þar sem kjallari Vesturgötu var lokaður. Aðstaða á Jaðarsbökkum hentar ekki vel til hnefaleika iðkunar.





Karatefélag Akraness

Stjórn félagsins árið 2021

Formaður:	Gyða Einarsdóttir
Gjaldkeri:	Berglind Erna Þórðardóttir
Meðstjórnendur:	Elsa Jóna Björnsdóttir

Aðalfudnur var haldinn 17. Mars 2021 í Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum.

Frá stjórn KAK

Það hefur verið áskorun að keyra íþróttastarf barna í Covid heimsfaraldri. Það reyndi bæði á iðkendur, þjálfara og stjórn. Rekstur Karatefélags Akraness hefur gengið ágætlega en það hefur verið erfitt að skipuleggja íþróttastarf með takmörkunum á mótahaldi og félagslífi hópana. Íslandsmót barna og unginga var þó haldið í maí með engum áhorfendum. KAK sendi 14 keppendur sem stóðu sig allir frábærlega. Karatefélagið eignaðist þar 2 nýja Íslandsmeistara og kom heim með 7 verðlaun. Dariel Anton Davíðsson Orellana varð Íslandsmeistari í flokki pílta 8 ára og yngri og Davíð Antti Liljar Geirsson varð Íslandsmeistari í flokki 10 ára pílta. Í lok árs 2021 varð svo Krístrún Bára Guðjónsdóttir Norðurlandameistari í hópka með landsliði Íslands.

Í lok annar í desember 2021 kom svo upp mygla í kjallara íþróttahússins á Vesturgötu og þurfti karatefélagið því að færa æfingar sínar upp í íþróttahúsið á Jaðarsbökkum.

Rekstur félagsins gekk upp með Covid styrkjum frá Akraneskaupstað og ÍSÍ.

Þjálfarar

Aðalþjálfari KAK á árinu 2021 var Vilhjálmur Þór Þóruson. Aðstoðarþjálfarar eru þau Amalía Sif Jessen og Krístrún Bára Guðjónsdóttir. Villi hefur mikla reynslu í þjálfun í karate og er einnig aðalþjálfari Karatedeildar Breiðabliks. Aðstoðarþjálfarar eru með svart belti og hafa því góða reynslu til að miðla áfram til yngri iðkenda.

Gráðanir

KAK gráðaði krakkana 21. maí og fór gráðun fram án áhorfenda en foreldrar gátu fylgst með gráðun í gegnum Zoom. Eftir gráðun var svo farið í leiki og boðið upp á pizzur upp í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Gráðun fór einnig fram 10. desember 2021. Önnin endaði svo með jólaæfingu þar sem krakkarnir fengu piparkökur og mandarínur.



Myndir frá gráðun í desember 2021

Karatemaður KAK árið 2021

Í útnefningu til íþróttamanns Akraness tilnefndi Karatefélag Akraness Krístrínu Báru Guðjónsdóttur sem Karatemaðmann ársins 2021. Krístrún Bára er fædd 2003.

Hún er í fremstu röð í karate og hefur náð góðum árangri á mótum fyrir hönd Karatefélags Akraness á síðustu árum og keppir núna í aldursflokki fullorðinna. Krístrún keppir í kata sem er hennar keppnisgrein innan karate og þar er hún í sterkum hóp karatekvenna á Íslandi. Krístrún Bára keppti á RIG 2021 Reykjavík International Games í kata, þar náði hún 5. sæti í female seniors og 3. sæti í female juniors. Hún varð í 3. sæti í Grand Prix mótaröðinni í flokki fullorðinna. Á Íslandsmótinu í kata varð hún í 5. sæti í flokki fullorðinna í kata kvenna. Krístrún Bára keppti núna í nóvember fyrir landslið Íslands í karate. Á Norðurlandsmóti í Noregi í Stavanger varð hún norðurlandameistari í hópkata í flokki fullorðinna.



Þátttaka og árangur á mótum 2020

Grand Prix mót KAÍ

Á Grand Prix mótaröðinni náði Krístrún Bára að vera í 3 sæti yfir öll mótin 2021.

Reykjavík International Game – RIG

KAK átti aðeins 1 keppenda á RIG mótinu. Krístrún Bára náði þar 5 sæti í flokki fullorðinna.

Íslandsmeistaramót barna og unglunga í Kata

Íslandsmeistaramót unglunga fór fram í maí og stóðu krakkarnir okkar sig alveg rosalega vel. Jakob Hanna lenti í 3 sæti í flokki 12 ára pílta, Birgir Örn Jónasson lenti í 3 sæti í flokki 14 ára pílta og Eydís Glóð Guðlaugsdóttir lenti í 2 sæti í flokki 14 ára stúlkna.

KAK sendi 10 keppendur á Íslandsmeistaramót barna. Karatefélagið eignaðist þar 2 nýja Íslandsmeistara. Dariel Anton Davíðsson Orellana varð Íslandsmeistari í flokki pílta 8 ára og yngri og Davíð Antti Liljar Geirsson varð Íslandsmeistari í flokki 10 ára pílta. Einnig náði Daníel Geir Elías Geirsson 3 sæti í flokki 9 ára pílta og Freyr Þórisson í 3 sæti í flokki 11 ára pílta. Fábær árangur hjá hópnum.

Íslandsmeistaramót fullorðinna

Mótið var haldið í mars með takmörkunum og engum áhorfendum. Krístrún Bára lenti þar í 5 sæti í flokki fullorðinna.

Norðurlandameistari í hópkata 2021

78. ársþing ÍA

Krístún Bára var svo valin í landsliðshóp fyrir Norðurlandamótið í Kata. Þar urðu þær Freyja, Móa og Krístún Norðurlandameistarar í hópkata.

Miðlun upplýsinga og fréttir af félaginu

KAK notar Sportabler til að miðla upplýsingum til foreldra og setur þar inn upplýsingar um æfingar og æfingar falla niður. Því skiptir miklu máli að foreldrar og iðkendur setji upp Sportabler og eigi þar samskipti við félagið. Einnig setti félagið upp Instagram síðu karate_Akranes til að segja frá fréttum, einnig er facebook síða félagsins notuð fyrir fréttir af starfinu.

KAK var með innanfélagsmót í október 2021, þar sem krakkarnir æfðu sig að keppa á móti. Krakkarnir skemmtu sér vel og gátu foreldrar komið að fylgjast með.

Þjálfarar félagsins fóru svo í æfingabúðir í Amsterdam með þjálfurum frá Breiðablik.

Æfingabúðir með Richard Amos voru haldnar á Íslandi 8.okt og þangað fór okkar reyndasta karatefólk til æfinga.



Myndir frá innanfélagsmóti KAK í október 2021



Myndir frá Íslandsmeistaramóti barna í kata



Fjármál og rekstur

Árið 2021 var rekstrarlega í góðu jafnvægi hjá KAK. Félagið hefur mest af tekjum sínum af félagsgjöldum og einnig styrki frá Akraneskaupstað.



Keilufélag Akraness

Stjórn Keilufélags Akraness 2021:

Formaður: Einar Jóel Ingólfsson

Varaformaður: Ársæll Rafn Erlingsson

Gjaldkeri: Sigurður Þorsteinn Guðmundsson

Ritari: Guðjón Gunnarsson

Meðstjórnendur: Ingi Geir Sveinsson

Varamenn: Björn Þór Gunnarsson og Magnús Sigurjón Guðmundsson.

Þetta ár hefur verið sérkennilegt sökum heimsfaraldursins en með ánægju má greina frá að löngum stundum tókst félaginu að halda úti æfingum ungmenna þó svo að ekki væri hægt að leigja út salinn til fullorðinna sökum samkomutakmarkana. Var það kannski ágætt að vissu leiti á meðan að reynsla var að komast á nýju vélarnar. Árið byrjaði allavega í nýuppgerðum sal og með nýjar vélar og þökkum við öllum sem lögðu hönd á plóginn til þess að það gæti orðið að veruleika og þá sérstaklega Guðmundi Sigurðssyni fyrir sitt óeigingjarna starf.

Ekkert lið lagði niður laupana en hjá unglingum var **unglingaliðakeppnin** blásin af en þar var ÍA með 2 lið.

Meistarakeppni Ungmenna náðist á árinu. Þar átti ÍA marga keppendur að venju.

Heildarstaða okkar ungmenna eftir veturinn:

í 1.fl.pilta Jóhann Ársæll Atlason 3.sæti

í 2.fl.pilta Hlynur Helgi Atlason 3.sæti og Ísak Birkir í 5.sæti.

í 3.fl.pilta lenti Matthías Leó í 1.sæti og Tómas Freyr Garðarsson í því 7.

í 3.fl. stúlkna lenti Nína Rut Magnúsdóttir í 3.sæti,

í 4.fl.pilta lenti Haukur Leó Ólafsson í 3.sæti og Marínó Sturluson í 7.sæti.

í 4.fl.stúlkna lenti Friðmey Dóra Richter í 2.sæti og Særós Erla Jóhannudóttir í 3.sæti og Margrét Lára Arnfinnsdóttir í 4.sæti.

í 5.fl. stúlkna hlaut Þóra Arnfinnsdóttir viðurkenningu fyrir þáttöku

Íslandsmót unglunga fór fram í lok mars og eignaðist ÍA 3 Íslandsmeistara. Í 4.flokki stúlkna Særós Erla Jóhannudóttir, í 3.flokki stúlkna Nína Rut Magnúsdóttir og í Opnum flokki pilta vann Hlynur Helgi Atlason og Matthías Leó Sigurðsson varð í 2.sæti. Alls komu 8 medalíur heim á Skagann eftir þetta mót.

Hefðbundin deildarkeppni hjá fullorðnum var helminguð á vordögum svo hægt væri að ljúka vetrinum almennt og var gengi okkar liða var með ágætum. Í lok vetrar urðu ÍA W efstir í

2.deild og unnu sig því upp í 1. Deild. Annars eru 4 karlalið í deildarkeppni, 1 kvennalið og enn eru Akureyringarnir með heimavöll á Akranesi 3.árið í röð og voru þeir með 2 karlalið og 1 kvennalið. Deildarkeppni kvenna var breytt í byrjun keppnistímabils 2021-2022. Einhver lið höfðu helst úr lestinni svo að ákveðið var að sameina deildirnar og hafa bara eina kvennadeild þetta tímabilið.

Matthías Leó Sigurðsson var valinn í landsliðið sem fór til Tilburgh í Hollandi. Sú keppni fer venjulega fram um páskana en var nú haldin í byrjun september og fór Guðmundur Sigurðsson sem unglingalandsliðs þjálfari og Sigðurður Þorsteinn Guðmundsson sem aðstoðarþjálfari.

Á MSWC (Master Super World Championship) mótinu sem haldið var í Dubai uppúr miðjum nóvember átti ÍA keppanda. Guðmundur Sigurðsson var valinn til keppni og keppti m.a. í tvímenningi ásamt Þórarni Má Þorbjörnssyni. Gerðu þeir sér lítið fyrir og enduðu í 15. sæti og komust þar með áfram í undanúrslit.

Keilukeppni á haustdögum 2021 hefur verið með eðlilegu fyrirkomulagi og einnig það sem af er þessu ári.

Guðmundur Sigurðsson var með 3 iðkendur á Afreksbraut í keilu hjá FVA. Um haustið höfðu svo 2 helst úr lestinni. En Ísak Birkir Sævarsson, sem var á afreksbraut vor 2021 lét það ekki á sig fá og er að bera ávöxt af sinni vinnu. Sín fyrstu keiluverðlaun vann hann í 5.umferð í Meistarakeppni Ungmenna 2021 og hefur nú verið valinn til keppni með U21 á Heilsingborg í Svíþjóð í júní 2022. Æfingin skapar meistarann.

Svo mörg voru þau orð um árið 2021 hjá Keilufélagi Akraness.

Klifurfélag Akraness

Stjórn félagsins

Í stjórn Klifurfélags ÍA árið 2021 voru:

Formaður:	Sigurður Reynisson
Gjaldkeri:	Sturla Már Guðmundsson
Ritari:	Marsibil Eiríksdóttir
Meðstjórnendur:	Finndís Birgisdóttir og Arnór Már Guðundsson

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Yfirþjálfari félagsins er Þórður Sævarsson.

Við þjálfarateymið bættust á haustönn elstu iðkendur Klifurfélags ÍA, þau Ellert Kári Samúelsson, Rúnar Sigurðsson og Sýlvía Þórðardóttir, sem nú aðstoða við þjálfun yngstu hópa. Iðkendafjöldi hélst nokkuð stöðugur árið 2021, í kringum 70-80 klifrarar á aldrinum 4-50 ára. Boðið var upp á leikskólahóp á vorönn (Kátt í klifri), fjóra grunnskólahópa og hóp fyrir fullorðna, auk ýmissa styttri námskeiða og móttöku skólahópa.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Klifurfélag ÍA stóð fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum á árinu.

Boðið var upp á tryggingar námskeið fyrir foreldra á vordögum og mættu tveir áhugasamir foreldrar á það.

Akrafjallið komst í fréttirnar þegar veglegt hreiður fannst undir einni klifurleið í Akrafjalli, en þar höfðu krumma hjón hreiðrað um sig á besta stað. Það þýddi að einni bestu leið fjallsins, "Bremsufarið" var lokað langt fram á sumar.

Nýjar klifur leiðir voru boltaðar, sú fyrri um páskana og fékk nafnið Páskahret, og sú seinni nefnist "I am Groot", og er með erfiðari leiðum Akrafjalls.

Yngri hópar félagsins heimsóttu Björgunarfélag Akraness á vordögum og lokaferð 5-6. bekkinga var farin í Klifurhúsið og sund í Mosó.

Félagið fékk veglegan styrk frá ÍA til kaupa á klifurbúnaði og var fjárfest í nýjum búnaði frá GGSport; klifurlínur, tvistar, hjálmar, belti og fleira.

Elsti hópur fór sína árlegu lokaferð og í þetta skiptið var farið norður á Akureyri og klifrað í Munkapverárgili. Aðstæður í gílinu voru með besta móti, hlýtt og gott, og mikið af klifrurum á svæðinu.

Að lokum stóð félagið, í samstarfi við Smiðjuloftið, fyrir sumarnámskeiði í klifri og var það vel sótt og heppnaðist vel.

Þátttaka og gengi á mótum

Mótahald hélst nokkurn vegin í réttum skorðum þetta árið.

Smiðjumeistarinn var haldinn í febrúar og þar var keppt í öllum aldurshópum.

Íslandsmeistarmótaröðin í grjótblímu var vel heppnuð þrátt fyrir að færa þurfti mótaröðina yfir á nýtt ár og hliðra ýmsu öðru til. ÍA eignaðist sinn annan Íslandsmeistara og fleiri klifrarar bættu verðlaunapeningum í safnið.

Þórkatla Þyrí Sturludóttir sigraði samanlagt í grjótblímu og tryggði sér Íslandsmeistaratitil í C-flokki stúlkna nokkuð örugglega. Í öðru sæti varð Ester Guðrún Sigurðardóttir og fékk verðskulduð silfurverðlaun og í B-flokki fékk Sýlvía Þórðardóttir silfurverðlaun.

Á bikarmeistaramóti Íslands landaði Þórkatla Þyrí silfursverðlaunum og Óðinn Örn Sæmundsson fékk sinn fyrsta pening með flottri bronsmedalíu.

Hrekkjavökumót ÍA fór fram í október í tvennu lagi þetta árið, fyrir og eftir Covid lokun.

Íslandsmeistaramót í línuklifri var haldið á Smiðjuloftinu og þar komust þær Sýlvía, Þórkatla Þyrí, Beníta Líf og Ester Guðrún allar á pall með silfur og bronsverðlaun.

Að lokum keppti Sýlvía fyrir Íslands hönd á Norðurlandamótinu í grjótblímu í Kaupmannahöfn og í línuklifri í Lillehammer og stóð sig með þrýði á sínum fyrstu mótum á erlendum vettvangi.

Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness

Klifrari ársins 2021 hjá ÍA er Þórkatla Þyrí Sturludóttir.



Þórkatla Þyrí átti gott mótaár 2021 og sigraði með yfirburðum í C-flokki 12-13 ára á Íslandsmeistaramótaröðinni í grjótblímu, með þrjú gull og eitt silfur. Á ÍM í línuklifri landaði hún góðu silfri og það sama má segja um Bikarmeistaramót Íslands í grjótblímu.

Þórkatla Þyrí er samviskusöm og duglega, leggur metnað í allar æfingar og það verður gaman að fylgjast með henni klifra í framtíðinni.

Kári

Stjórn Knattspyrnufélagsins Kára 2021

Á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Kára 2021 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður	Sveinbjörn Geir Hlöðversson
Gjaldkeri	Valdimar Kristmunds Sigurðsson
Ritari	Ólafur Már Sævarsson
Meðstjórnendur	Eypór Ólafur Frímannsson og Valgeir Valdi Valgeirsson
Varamenn	Arnar Freyr Sigurðsson og Helga Sif Halldórsdóttir

Eftir tímabilið 2020 varð ljóst að breytingar yrðu að eiga sér stað í þjálfaramálum, en Gunnar Einarsson sem hafði þjálfað liðið ákvað að taka við fyrstu deildar liði Víkings frá Ólafsvík. Til allrar lukku tók leitin ekki langan tíma, en Ásmundur Guðni Haraldsson bauð fram krafta sína og var lítið annað í stöðunni en að ganga frá ráðningu Ása sem þjálfara Kára 2021. Frábær ráðning enda Ásmundur gríðarlega reyndur og menntaður þjálfari búsettur á Akranesi sem hefur starfað hjá félögum eins og FH, Stjörnunni, Þrótti Reykjavík, Gróttu, Skínanda, SR og einnig sem aðstoðarþjálfari hjá A-landsliði kvenna. Ásmundur var svo endurráðin aðstoðarlandsliðsþjálfari A-landsliðs kvenna í janúarmánuði 2021 sem hafði einungis lítilvæg áhrif á störf hans sem þjálfari Kára. Styrktarþjálfari Kára var endurráðin frá síðasta ári þar sem Hallur Freyr Sigurbjörnsson hélt mönnum að járnunum. Nokkrir sjúkrapjálfara komu við sögu á árinu, en þeir sem sinntu leikmönnum Kára voru þeir Bjarki Reyur Jóhannesson, Reynir Zoéga og Andres Nieto Palma.

Samstarf Kára og KFÍA var endurnýjað snemma árs enda frábært tækifæri fyrir unga og efnilega leikmenn KFÍA til að hefja Meistaraflokksferill sinn í fótbolta í krefjandi deild og að auki góður styrkur í leikmannamálum fyrir Kára. Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi Kára varðandi búningar félagsins sem og annan fatnað og íþróttabúnað frá Nike.

Fjáröflun félagsins varð annað árið í röð í mikilli óvissu enda þjóðfélagið enn að glíma við Covid-19 og þær hömlur sem þeim faraldri fylgdir.

Fjárafilanir og fjárhagsleg staða

Fram undan á árinu 2021 var fjórða ár félagsins í 2.deild eftir ágætt tímabil árið á undan þar sem liðið var að flakka á milli sæta um miðja deild og endaði að lokum í 7.sæti. Það varð strax ljóst að liðið myndi taka þó nokkrum breytingum, en mikið af lykil leikmönnum síðasta árs annað hvort gáfu ekki kost á sér vegna breytinga á búsetu eða gátu ekki verið með vegna meiðsla og því ansi krefjandi staða fyrir nýjan þjálfara. Fram undan gríðarlega krefjandi og spennandi keppnistímabil með mikið af löngum og kostnaðarsömum ferðalögum.

Fjárhagsleg staða félagsins var sem betur fer góð í upphafi árs enda búið svo um hnútana að félagið ætti einhvern varasjóð fyrir komandi keppnistímabil enda mikil óvissa með tekjur og gjöld í miðjum heimsfaraldri. Félagið naut stuðnings nokkurra fyrirtækja, bæði á Akranesi og víðar sem hjálpaði mikið til við reksturinn og skipti þar Upprisa nýr aðalstuðningsaðili Kára gríðarlega miklu máli. Að auki hjálpaði miðasala, ársmiðasala og kaffisala félagsins miklu við reksturinn ásamt humarsölu félagsins. Tekjur af ársmiðasölu og miðasölu félagsins var töluvert verri en síðustu ár enda fylgdi faraldrinum mjög hamlandi reglur fyrir áhorfendur sem skilaði sér í mun dræmri aðsókn en síðustu ár. Félagið tók líka að sér nokkur góð verkefni sem leikmenn og stjórnarmenn unnu sómasamlega og skiluðu mjög góðum tekjum til félagsins. Styrktaraðilar gátu valið um nokkrar mismunandi leiðir til að styrkja félagið. Helstu styrktaraðilar Kára á árinu 2021 voru Upprisa, Skagaverk, Domusnova, Dominos, MargtSmátt, VLFA, RAFPRO, Apótek Vesturlands, Galito, Landsbankinn, ÞG Verk, Toppútlit, Kallabakarí, Íslandsbanki, Sjóvá Almennar.

Iðkenndafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkennda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en kjarni hópsins hafði rýrnað frá fyrra ári en var þó nokkuð stór og öflugur með tilkomu hóps efnilega leikmenn úr 2.flokki KFÍA og lánsleikmanna úr Mfl KFÍA. Á árinu æfðu á um 50 leikmenn að einhverju leyti með félaginu, en þó mismikið og sumir tímabundið. 20 strákar tóku þátt í fótbolti.net mótinu sem hófst í lok janúar og 23 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum sem var svo blásinn af vegna Covid-19, en í báðum þessum mótum tóku nokkrir 2.flokks strákar þátt í leikjum liðsins. Kjarni Káramann á árinu var með minna móti en stór hópur frá bæði Mfl og 2.flokki KFÍA styrktu hópinn mikið og æfðu og spiluðu með félaginu á undirbúningstímabili félagsins, sem og á keppnistímabilinu. Fjöldi iðkennda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ og Íslandsmótinu 2.deild voru um 33 leikmenn, bæði Káramenn, lánsmenn Mfl KFÍA og 2.flokks strákar.

Þjálfaramál félagsins hafa sjaldan verið í eins góðum málum og á árinu 2021 en Ásmundur Guðni Haraldsson hafði verið ráðinn um haustið 2020 eftir að Gunnar Einarsson hafði sagt starfi sínu lausu og tekið við Víking frá Ólafsvík. Ásmundur var nánast ráðinn á staðnum þegar fréttist af áhuga hans á liðinu enda ekki margir þjálfara á lausu sem hafa jafn mikla reynslu og menntun í þjálfun eins og Ásmundur, en einnig á hann langan feril sem leikmaður í flestum deildum. Ásmundi var svo í janúar boðið sitt gamla starf sem aðstoðarþjálfari A-landsliðs kvenna sem hann þáði í góðu samráði við stjórn Kára enda hafði það aðeins minniháttar áhrif á störf hans fyrir Kára.

Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 2.deild, en þar að auki tók félagið þátt Mjólkurbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fótbolti.net mótinu c-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Því miður var erfitt að halda uppörvandi félagsanda í félaginu vegna samkomutakmarkana en liðið gerði sér þó stundum dagamun og tók hittinga. Félagið náði þó að halda frábært lokahóf eftir tímabilið þar tilkynnt var um kosningu leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins. Besti leikmaður Kára 2021 var valinn Marinó Hilmar Ásgeirsson og sá efnilegasti var valinn Breki Þór Hermannsson. Marinó Hilmar fékk svo gullskóinn eftir

að hafa sett 7 mörk í 16 leikjum í 2.deildinni. Þeir Marinó Hilmar og Andri Júlíusson voru svo heiðraðir fyrir að hafa spilað yfir 100 leiki með Kára.

Þátttaka og gengi í mótum

Káramenn hófu snemma undirbúning fyrir sitt fjórða ár í 2.deild en undirbúningstímabilið var þó með ansi skrítnu móti þar sem tíðar breytingar á samkomutakmörkunum settu stórt strík í reikninginn. Liðið náði þó að spila í fotbolti.net mótinu C-deild en þar endaði liðið í 3.sæti í sinum riðli og spilaði um 5.sætið í keppninni þar sem þeir unnu leik sinn 1-0 gegn Augnabliki. Káramenn náðu aðeins að leika 3 leiki af 5 í Lengjubikarnum sem var hætt vegna samkomutakmarkana. Bikarkeppni KSÍ hófst svo í apríl þar sem Káramenn áttu að mæta liði Vængja Júpiters, en Vængir Júpiters ákváðu að hætta keppni og Káramenn því komnir áfram í næstu umferð. Þar mættu Káramenn liði Skallagríms í Vesturlandsslag, en Kári átti ekki í miklum vandræðum með nágranna sína úr Borgarnesi og enduðu leikar 5-1 fyrir Kára og liðið komið í 32-liða úrslit keppninnar þar sem öll stærstu lið landsins bættust við keppnina. Kári var dreginn úr pottinum á heimavelli og upp úr pottinum kom svo stórlið KR og ljóst að fram undan væri virkilega áhugaverður leikur fyrir Káramenn. KR mætti með sitt sterkasta lið og bjuggust flestir við auðveldum sigri KR í leiknum, en raunin varð allt önnur. Káramenn mættu mjög ákveðnir til leiks og börðust um alla bolta og sóttu af krafti. Það voru Káramenn sem skoruðu fyrsta mark leiksins, en á 40 mínútu komst Marinó Hilmar einn í gegn og lagði boltann laglega í netið og Kári 1-0 yfir í hálfleik og að auki með skot í slá. KR byrjaði leikinn með skoti í slá, en skömmu seinna átti Marinó Hilmar hörkuskalla í slánna hinum megin. Káramenn áttu svo réttilega að fá dæmda vítaspyrnu um miðbik seinni hálfleiks er Pálmi Rafn traðkaði á Andra Júlíussyni innan teigs en dómariinn ákvað að dæma ekkert. Það var svo ekki fyrr en að 19 mínútur voru eftir af leiknum að Óska Örn Hauksson jafnaði leikinn fyrir KR. Skömmu seinna náðu þeir svo forystunni er Ægir Jarl Jónasson skallaði boltann í netið. Lokatölur 1-2 fyrir KR og slapp gestaliðið úr Pepsi-deildinni naumlega með skrekkinn úr Akraneshöllinni gegn baráttuglöðum Kármönnum. Þess má geta líka að 7 strákar úr 2.flokki spiluðu leikinn gegn KR. Káramenn hófu Íslandsmótið í 2.deild þann 8.maí er liðið tók á móti KF í Akraneshöll, Káramenn leiddu í hálfleik 2-1, en fengu svo 2 mörk á sig í seinni hálfleik og það síðara undir lok leiks. Næsti leikur var líka heimaleikur og þar tóku Káramenn á móti KV, en Káramenn leiddu 4-3 þar til á lokasekúndum leiksins þegar KV jafnaði leikinn, en tímabilið 2021 einkenndist af slæmum lokaköflum Káraliðins þar sem liði missti fjölda stiga á lokamínútum leiksins. Það var ljóst mjög snemma að Káramenn yrðu í neðri hluta töflunnar, en aðeins slæmt gengi Fjarðabyggðar og Leiknis F. gaf Káramönnum von á að halda sæti sínu í 2.deild. Káramenn unnu sinn fyrsta leik í deildinni ekki fyrr en 5.júlí er þeir heimsóttu Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði, en þar sigruðu Káramenn lið Hauka 2-3 í spennandi leik. Það dugði þó ekki til að koma liðinu á sigurbraut og þegar nokkrar umferðir voru eftir var ljóst að Káramenn væru fallnir um deild. Liðið vann aðeins 1 leik á tímabilinu og gerði 6 jafntefli þrátt fyrir að spila marga jafna og spennandi leiki og enduðu alls 13 leikir með aðeins 1 marks mun eða jafntefli. Virkilega svekkjandi niðurstaða en mikil og góð reynsla fyrir ungt lið Kára, en liðið án nokkurs vafa yngsta lið sem hefur nokkurn tímann spilað í 2.deild enda tóku alls 14 strákar á 2.flokks aldri þátt með liðinu á Íslandsmótinu 2.deild og í heildina 20 strákar fæddir eftir aldamótin 2000.

Lokaorð og þakkir

Árið 2021 var mjög áhugavert og ljóst að þáttur Covid-19 spilaði stórt hlutverk í bæði áhuga eldri leikmanna Kára sem og áhorfenda sem margir hverjir ákváðu frekar að sitja heima en að forskrá sig á leiki, mæta með grímu og sitja með 2 metra millibili. Hápunktur sumarsins klárlega bikarkeppni KSÍ þar sem liðið tapaði naumlega fyrir stjórnuprýddu liði KR. Vonbrigði sumarsins fall félagsins úr 2.deild þar sem liði hafði verið síðustu 4 ár, en framtíðin er björt og Káramenn með sitt einstaklega unga lið reynslunni ríkar og stefna að sjálfsögðu beint upp aftur ár nýju ári 2022. Þrátt fyrir slakari mætingu á leiki og þar með kaupum á miðum og ársmiðum að þá jók félagið tekjur sínar töluvert á árinu en á móti jukust gjöldin að sama skapi og félagið skilaði á árinu örlitlu tapi. Tap sem skipti þó ekki miklu þar sem staða félagsins í upphafi árs var nokkuð góð og staðan í árslok vel ásættanleg.

Það er gríðarlega stór hópur leikmanna sem nýtur góðs af starfi Kára, félagið inniheldur góða blöndu af eldri og reyndari leikmönnum og svo stórum hópi af ungum og efnilegum leikmönnum, en stór hópur stráka á 2.flokks aldri tók þátt að einhverju leiti í leikjum félagsins á árinu 2021 sem er er góður grunnur fyrir framtíðina, því að spila ungur í meistaraflokki er gríðarlega mikilvægt.

Þrátt fyrir að félagið hafi fallið um deild að þá hefur það stutt að mikilli og góðri reynslu fyrir unga leikmenn á Akranesi, reynslu sem mun skila sér inn í næsta ár og vonandi nær félagið fyrri styrk og kemur sér aftur upp í 2.deild, en markmiðið er klárlega að komast þangað sem fyrst aftur. Kári hefur verið eitt allra besta venslalið landsins síðustu ár og var það ekki fyrr en á þessu ári að liðinu var skákað af öðru venslaliði. Starf Kára sem venslafélags í samstarfi við ÍA hefur verið fyrirmynd margra félaga enda hefur stór hópur leikmanna sem hafa spilað með Kára átt feril í efstu deildum á Íslandi og ljóst að það góða starf sem Kári býður upp á er að nýtast við að koma ungum leikmönnum lengra í sínum ferli.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda miklar þakkir til allra styrktaraðila félagsins, en við viljum svo senda sérstakar þakkir til aðalstyrktaraðila okkar Upprisu fyrir frábæran stuðning á árinu. Að lokum sendum við frábærar kveðjur til þess góða fjölda sem mætti á völlinn og studdu Kára á árinu 2021 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili 2022.

Fyrir hönd Knattspyrnufélags Kára



Sveinbjörn Geir Hlöðversson

Knattspyrnufélag ÍA

Starfsmannamál

Á skrifstofu knattspyrnufélags ÍA störfuðu Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, og Hlini Baldursson, skrifstofustjóri. Skarphéðinn Magnússon var yfirþjálfari í fullu starfi en auk hans voru 6 þjálfarar í fullu starfi auk styrktarþjálfara í hálfu starfi. Alls störfuðu á annan tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2021.

Þjálfari meistaraflokks karla var Jóhannes Karl Guðjónsson og meistaraflokks kvenna Unnar Garðarsson, en Aron Ýmir Pétursson tók við í síðustu leikjunum. Í haust tók Magnea Guðlaugsdóttir við meistaraflokki kvenna og 1. febrúar 2022 tók Jón Þór Hauksson við meistaraflokki karla eftir að Jóhannes Karl Guðjónsson tók við starfi aðstoðarlandsliðsþjálfara. Guðlaugur Baldursson var ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla frá 1. janúar 2022. Þá lét Arnór Snæ Guðmundsson styrktarþjálfari og þjálfari 3. flokks karla af störfum í lok júní og réð sig til starfa í Noregi. Jóhannesi Karli Guðjónssyni, Unnari Þór Garðarssyni og Arnóri Snæ Guðmundssyni er þökkud góð störf fyrir Knattspyrnufélag ÍA.

Stjórn og Barna- og unglingaráð

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA hélt 13 fundi á starfsárinu. Eftir síðasta aðalfund og verkskiptingu var stjórn félagsins þannig skipuð (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Eggert Herbertsson (2021), formaður,
- 2 Heimir Fannar Gunnlaugsson (2020), varaformaður,
- 3 Ellert Jón Björnsson (2020), gjaldkeri,
- 4 Lára Dóra Valdimarsdóttir (2021), ritari,
- 5 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2020), formaður barna- og unglingaráðs,
- 6 Brandur Sigurjónsson (2021),
- 7 Hjálmur Dór Hjálmsson (2021), (dró sig úr stjórn 13. maí)
- 8 Jónína Víglundsdóttir (2021),
- 9 Ragnar Þór Gunnarsson (2020),
- 10 Valdís Eyjólfisdóttir (ný í stjórn í september, samþykkt af stjórn)

Í framkvæmdastjórn sátu Eggert Herbertsson, Heimir Fannar Gunnlaugsson og Linda Dagmar Hallfreðsdóttir.

Stjórn skipaði eftirtalda í meistaraflokksráð:

Meistaraflokksráð karla

- 1 Brandur Sigurjónsson, formaður,
- 2 Ellert Jón Björnsson
- 3 Hjálmur Dór Hjálmsson 4 Ragnar Þór Gunnarsson

Meistaraflokksráð kvenna

- 1 Jónína Víglundsdóttir, formaður
- 2 Lára Dóra Valdimarsdóttir
- 3 Magnea Guðlaugsdóttir

Barna-og-unglingaráð hélt 9 fundi á starfsárinu. Í ráðinu sátu (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):


1. Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2020), formaður,
2. Sædís Alexía Sigmundsdóttir (2019), ritari,
3. Jófríður María Guðlaugsdóttir (2019),
4. Kári Steinn Reynisson (2020),
5. Ólafur Arnar Friðriksson (2020),
6. Óskar Hrafn Þorsteinsson (2020),
7. Ívar Orri Kristjánsson (2021).

1. Yngri flokkaráð
2. 1 Kári Steinn Reynisson, fulltrúiBUR
3. 2 Berta Ellertsdóttir
4. 3 Þorsteinn Gíslason

Kjörnefnd var skipuð þeim Magnúsi D. Brandssyni formanni, Margréti Ákadóttur og Þórði Guðjónssyni.

Skipurit Knattspyrnufélag ÍA

Janúar 2021



Fjármál og rekstur

Jafnvægi var að mestu í rekstri Knattspyrnufélags ÍA á starfsárinu en þó varð tap á hefðbundinn starfsemi sem nam tæpum 23 m.kr. Með tekjum af samningum vegna sölu leikmanna varð hins vegar jákvæð niðurstaða á rekstrinu sem nam tæpum 19 m.kr. Rekstrartekjur af hefðbundinni starfsemi voru rúmar 223 m.kr. (2021: 183 m.kr.) en rekstrargjöld rúmar 246 m.kr. (2021: 207,5 m.kr.). Hagnaður vegna samninga um sölu á leikmönnum var 41,5 mkr. (2021: 27,5 m.kr.) sem þýðir eins og áður sagði jákvæða niðurstöðu ársins upp á 18,7 m.kr.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2021. Árið var þó mjög óhefbundið og hafði Covid-19 faraldurinn mikil áhrif á æfingar og keppni. Knattspyrnufélag ÍA tók þátt í öllum mótum á vegum KSÍ sem fyrr auk Faxaflóamóta. Stóru mót félaga náðu að fara fram og ÍA tók þátt í Norðurálsmótinu, Orkumótinu og TM mótinu í Eyjum, N1 mótinu á Akureyri, Síamótinu í Kópavogi og Rey Cup.

Samantekt um árangur yngri flokka

2. flokkur kvenna endaði í 3. sæti í Íslandsmótinu og í 2. sæti í bikarkeppni. Þjálfari liðsins var Aron Ýmir Pétursson og honum innan handar voru Björn Sólmar Valgeirsson og Unnar Þór Garðarsson.

2. flokkur karla; A liðið endaði í 5. sæti í Íslandsmótinu en B liðið varð sigurvegari. A liðið komst í undanúrslit í bikarkeppninni. Þjálfarar flokksins voru Elínbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson. ÍA var skráð til leiks með sameignilegu liði ÍA, Kára og Skallagríms.

3. flokkur kvenna; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 10. sæti A-riðils í Íslandsmótinu. Þjálfarar liðsins voru Aldís Ylfa Heimisdóttir og Guðrún Þorbjörg Sturlaugsdóttir.

3. flokkur karla; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 2. sæti B-riðils í Íslandsmótinu og komst upp í A riðil. B liðið endaði í 6. sæti í sínum riðli en C liðið endaði í 1. sæti í sínum riðli og komst í úrslitakeppni og sigruðu hana. ÍA/Skallagrímur fór með 3 lið til keppni á Rey Cup og A liðið varð Rey Cup meistari. Þjálfarar flokksins voru Arnór Snær Guðmundsson (til 1. Júlí), Aron Ýmir Pétursson og Sigurður Jónsson.

4. flokkur kvenna; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 4. sæti C-riðils í Íslandsmótinu. Þjálfari liðsins var Aldís Ylfa Heimisdóttir.

4. flokkur karla; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms endaði í 2. sæti B-riðils Íslandsmótsins og komst því í A-riðil. B liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli og C liðið endaði í 5. sæti í sínum riðli. Þjálfarar flokksins voru Fannar Berg Gunnólfsson og Björn Sómar Valgeirsson.

5. flokkur kvenna endaði í 5. sæti í A-riðli Íslandsmótsins og B liðið endaði í 7. sæti í sínum riðli. ÍA sendi 3 lið til keppni á TM mótið í Eyjum. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar.

5. flokkur karla endaði í 4. sæti í B-riðli í Íslandsmótinu, B liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli og komst í úrslitakeppni. C liðið endaði í 8. sæti í sínum riðli og D liðið í 10. sæti í sínum riðli. ÍA fór með 4 lið á N1 mótið og B lið komst í úrslitaleikinn í sínum riðli. Þjálfari flokksins var Skarphéðinn Magnússon.

Fyrir utan Íslandsmótið tóku yngri flokkarnir þátt í fjölda annarra minni móta. Árangur þeirra var ávallt með ágætum og krakkarnir lögðu sig fram og gerðu sitt allra besta. Er krökkunum og öllum sem að starfinu koma þakkað fyrir frábært samstarf.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum árið 2021 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

	KK	KVK
2. flokkur	41	12
3. flokkur	54	15
4. flokkur	47	31
5. flokkur	60	23
6. flokkur	45	22
7. flokkur	47	25
8. flokkur	48	17
Samtals	342	145

Samtals 487 iðkendur.



Norðurlásmótið 2021

Norðurlásmótið var haldið í 35. sinn á Akranesi. Mótið hófst 17. júní með keppni í 8. flokki fyrir 6 ára og yngri. Alls tóku þátt 69 drengjalið og 16 stúlknalið. Þann 18. júní tók við keppni í 7. flokki fyrir 7-8 ára krakka. Alls tóku 210 lið þátt frá 34 félögum. Alls tóku þátt um 1.750 börn þátt í Norðurlásmótinu í ár sem er met og gerir mótið eitt það fjölmennasta á Íslandi. Mótið í ár var haldið með mörgum ströngum reglum sem gefnar voru út af

heilbrigðisráðaneytinu vegna Covid-19 ástandsins sem skók heimsbyggðina. En engu að síðurtókst framkvæmd mótsins vel með frábæru fólki sem stóð á bakvið það og ekki skemmdi veðrið fyrir sem var með besta móti.

Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á mótið þetta árið þrátt fyrir þær reglur sem voru í gildi á þessum tíma og má með sanni segja að það hafi gengið frekar vel að fylgja þeim reglum eftir. Svona mót er ekki hægt að halda nema með öllu því fólki sem leggur á sig mikla vinnu svo þetta fari sem best fram og svo má ekki gleyma þeim styrktaraðilum sem léku mikilvæg hlutverk í þessu öllu saman svo þetta myndi ganga sem allra best en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.



Stínubikarinn og Donnabikarinn

Stínubikarinn var afhentur í fyrsta sinn haustið 2015 á lokahófi yngri flokka og er hann farandbikar fyrir efnilegasta leikmann yngri flokka kvenna. Stínubikarinn 2021 fékk Elvíra Agla Gunnarsdóttir en hún er 16 ára varnamaður sem stóð sig vel með 3. flokki og 2. flokki kvenna.

Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Donnabikarinn var einnig afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla á lokahófi. Donnabikarinn var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Að þessu sinni hlaut Haukur Andri Haraldsson Donnabikarinn en hann er 16 ára miðju- og sóknamaður. Hann spilaði að mestu með 3. flokki karla en tók þátt í leikjum með 2. flokk

karla.



Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í Pepsi Max deildinni sumarið 2021 og endaði í 9. sæti deildarinnar. Liðið lék til úrslita um Mjólkubikarinn á móti Víking R. og tapaði þeirri rimmu eftir mikla baráttu. Liðið spilaði á köflum virkilega góðan fótbolta en ungt lið Skagamanna er reynslunni ríkari eftir þetta tímabil og mun koma reyndara til leiks að ári í deild þeirra bestu.

Þjálfari liðsins var Jóhannes Karl Guðjónsson.

Meistaraflokkur karla lék samtals 35 formlega leiki á árinu, í fótbolti.net mótinu sem liðið lenti í úrslitum, Lengjubikar, Mjólkurbikar og Pepsi Max deildinni.

Að meðaltali komu um 360 áhorfendur á heimaleiki meistaraflokks karla og samtals voru áhorfendur á heimaleikina sumarið 2021 um 3965 talsins. Covid-19 hafði mikil áhrif á aðsókn á leiki, ýmist í formi fjöldatakmarkana eða áhorfendabanns.



Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna spilaði í Lengjudeildinni sumarið 2021 og endaði í 10. sæti. Liðið átti marga góða leiki í sumar og þetta unga lið ÍA mun koma sterkara til leiks að ári.

Þjálfarar liðsins voru Unnar Þór Garðarsson og Aron Ýmir Pétursson.

Meistaraflokkur kvenna lék samtals 26 leiki á árinu 2021, í Lengjubikar, Mjólkurbikar og Lengjudeildinni. Covid-19 hafði mikil áhrif á aðsókn leikja og sumir leikir voru leiknir án áhorfenda.

Landsliðsverkefni

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2021

Gísli Laxdal Unnarsson léku með U21 landsliði karla í riðlakeppni fyrir EM 2023. Guðmundur Tyrfingsson lék með U17 landsliði karla í vináttulandsleik.

Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2021 störfuðu 18 dómarar og eftirlitsmenn fyrir hönd Knattspyrnudómarafélags Akraness (KDA) í leikjum á vegum ÍA og KSÍ. ÍA átti fjölmarga dómara og eftirlitsmenn sem sinntu leikjum í efstu deildum á Íslandi, en þeir voru Ívar Orri Kristjánsson, milliríkjadómari, og Egill Guðvarður Guðlaugsson, milliríkjaaðstoðardómari, ásamt Elvari Smára Arnarssyni, Guðmundi Valgeirssyni, Helga Ólafssyni og Jónasi Geirssyni.

Eftirlitsmenn frá KDA voru þeir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson og Ólafur Ingi Guðmundsson. Hópur KDA samanstendur af bæði ungum og efnilegum dómurum ásamt eldri og

reynslumiklum dómurum. Aðrir dómamarar sem komu að verkefnum fyrir bæði KDA og KSÍ voru Arnþór Helgi Gíslason, Daniel Victor Herwigsson, Gilmar Þór Benediktsson, Helgi Sigurðsson, Sveinn Þór Þorvaldsson og Uchechukwu Michael Eze. Á árinu bættust svo við þrír nýliðar í KDA, þeir Gunnar Þór Þorsteinsson, Ragnar Heimir Gunnarsson og Viktor Ýmir Elíasson sem hafa komið mjög öflugir inn í starf KDA, Gunnar og Ragnar hafa sömuleiðis látið reyna fyrir sér hjá KSÍ.

Steinar Berg Sævarsson og Jónas Geirsson lögðu svo flautuna og flaggið á hilluna á liðnu ári eftir margra ára starf bæði fyrir KDA og KSÍ er þeir dæmdu saman æfingaleik ÍA og Vals í meistaraflokki karla í desember. Þeir eiga báðir farsælan feril í efstu deildum landsins og er mikill missir í þessum tveimur reynsluboltum.



Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins, fésbókarsíða, Instagram og Twitter eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild en þróun á sviði upplýsingatækni og samfélagsmiðla er mjög ör og kröfur breytast sífellt.

Heimasíða félagsins www.ia.is/kfia/ hefur tekið breytingum og er lifandi vettvangur fyrir félagsmenn til að fylgjast með fréttum af liðum og leikmönnum félagsins. Heimasíða Norðurlásmótsins er <http://www.norduralsmot.is>.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Margt Smátt
Safalinn ehf. (Errea)	HB Grandi hf.
Íslandsbanki hf.	Bónus
Verslunin Nína ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Höldur - Bílaleiga Akureyrar	Stay West / Ritari.is
Ölgerðin	Sterkir Skagamenn
þþþ	Barion

Hópurinn Sterkir Skagamenn, sem stofnaður var vorið 2018, lagði félaginu til allar sínar tekjur en þeirra var aflað með árgjaldi. Sterkir Skagamenn hittast í fundarsalnum á Jarðarsbökkum fyrir heimaleiki til að spjalla og styðja liðið.

Aðalfundur og viðurkenningar 2021

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 18. febrúar 2021 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum heiðursviðurkenningar félagsins:

Björn Lárusson - gullmerki

Björn er uppalinn í knattspyrnunni á Akranesi og fór í gegnum alla yngri flokka ÍA. Hann hóf að leika með meistaraflokki 1962 og varð fljótt einn af lykillleikmönnum liðsins. Hann lék með liðinu til ársins 1979 og hafði þá leikið 307 leiki og skorað í þeim 76 mörk. Hann var fyrstur leikmanna ÍA til að leika 300 leiki og jafnframt fyrstur til að leika 200 leiki. Björn varð fjórum sinnum Íslandsmeistari 1970, 1974, 1975 og 1977 og lék á sínum ferli 10 landsleiki á árunum 1967-1975. Björn var þjálfari meistaraflokks kvenna árið 1987 og gerði liðið að Íslandsmeisturum

Matthías Hallgrímsson - gullmerki

Matthías er uppalinn í knattspyrnunni á Akranesi og fór í gegnum alla yngri flokka ÍA. Hann hóf að leika með meistaraflokki 1965 og varð fljótt einn af lykillleikmönnum liðsins. Hann lék

með liðinu til ársins 1979 og hafði þá leikið 303 leiki og skorað í þeim 162 mörk. Hann er markahæstur allra leikmanna ÍA frá upphafi. Matthías varð þrívegis Íslandsmeistari með ÍA 1970, 1974, 1975 og með Val 1980. Hann varð þrívegis markakóngur deildarkeppninnar 1969, 1975 og 1980 og lék á sínum ferli 45 landsleiki á árunum 1966-1977.

Ásta Benediktsdóttir - gullmerki

Ásta hóf ung að leika knattspyrnu og varð síðan einn af lykkilleikmönnum Akranesliðsins um árabíl og ekki síst á mestu velgengisárum liðsins. Hún var í meistaraliðinu þau þrjú ár sem liðið vann deildarkeppnina 1984, 1985, 1987 og eins þau fjögur skipti sem liðið vann bikarkeppnina 1989, 1991, 1992, 1993. Jafnframt þessu hefur hún verið ötull starfsmaður knattspyrnunnar á Akranesi.

Sigrún Ríkharðsdóttir - gullmerki

Sigrún hefur verið stuðningsmaður knattspyrnunnar á Akranesi frá unga aldri og einn af lykilmönnum stuðningsmannahópsins um árabíl og lætur sig sjaldan vanta á leiki. Hennar rödd heyrir nær undantekningalaust á öllum leikjum liðsins og er mikill samhljómur við mikla alúð hennar fyrir knattspyrnunni á Akranesi. Sigrún var á árum áður formaður Knattspyrnufélags ÍA og hefur í gegnum tíðina lagt ómælda vinnu á sig fyrir hönd knattspyrnufélagsins. KFÍA vill þakka Sigrúnu fyrir hennar framlag og vonast til að njóta krafta hennar um ókomna tíð.

Hlini Baldursson

Hlini Baldursson er eins gulur og svartur og þeir gerast. Hlini stundaði knattspyrnu með ÍA upp yngri flokka félagsins og tók snemma að sér hlutverk tengt meistaraflokki karla og hefur verið mikilvægur hlekkur í umgjörð liðsins um árabíl. Undanfarið ár hefur Hlini starfað fyrir félagið og betri dreng hefði félagið ekki getað fengið í jafn mikilvægt og veigamikið starf. Hans framlag og fórnfýsi fyrir Knattspyrnufélagið ÍA er eitthvað sem allir foreldrar, stuðningsmenn, leikmenn og starfsmenn félagsins ganga að á hverjum einasta degi og verður aldrei þakkað nægjanlega fyrir.

Heimir Jónasson

Heimir hefur verið ötull stuðningsmaður knattspyrnunnar á Akranesi um árabíl. Hann stundaði knattspyrnu upp yngri flokka félagsins í góðum félagsskap. Heimir hefur í gegnum tíðina starfað fyrir félagið og sinnt mörgum trúnaðarstörfum sem hafa öll verið unnin af kostgæfni og alúð fyrir félaginu. Hann var liðsstjóri meistaraflokks um árabíl og er í dag einn af fjölmörgum Sterkum Skagamönnum sem mynda bakvarðasveit félagsins. Heimir hefur einnig lagt mikið af mörkum með hvers konar þátttöku í viðburðum eða því sem leitað hefur verið eftir. Knattspyrnufélag ÍA vill þakka Heimi fyrir frábært starf fyrir félagið.

Magnús Guðmundsson

Magnús Guðmundsson er uppalinn í Mosfellsbæ og stundaði íþróttir frá unga aldri með Aftureldingu. Magnús fluttist búferlum á Akranes árið 1998 og hefur frá því tekið virka þátt í starfi Íþróttabandalags Akranes, hvort sem er fyrir Golfklúbbinn Leyni, Sundfélag Akraness og nú undanfarin 7 ár gengt formennsku í Knattspyrnufélaginu ÍA. Magnús er leiðtogi sem hefur leitt stjórnir félagsins gegnum sigra sem og rutt leiðina þegar þurfa þykir. Magnús er einstaklega bjartsýnn og jákvæður persónuleiki sem hefur heillað stuðningsmenn, leikmenn og starfsfólk með nærveru sinni og alúð gagnvart félaginu. Magnús á miklar þakkar skyldar fyrir hans framlag til Knattspyrnunnar á Akranesi.



Kraftlyftingafélag Akraness

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 11.03.2021 kl. Kosið var í stjórn.

Farið var yfir skýrslu síðasta árs með fundarmönnum og ársreikninginn og var það samþykkt einróma af fundarmönnum.

Erla Ösp Lárusdóttir var áheyrnarfulltrúi ÍA á fundinum

Á fundinum var helst rætt um afstöðu félagsins til sumarlokanna á íþróttahúsinu og lélegt aðgengi félaga í kjallaranum að aðstöðu sinni á sumrin, einnig slæmt aðgengi á meðan á framkvæmdum við fimleikahöll hafa staðið yfir. Félögin sem eru með aðstöðu í íþróttahúsinu við Vesturgötu ræddu saman og sendu frá sér bréf um ósk um úrbætur á aðgengi á sumrin.

Félagsgjöld voru rædd og haldast þau sama upphæð milli ára 10.000

Farið var yfir gott gengi ársins 2020 þrátt fyrir miklar takmarkanir vegna covid.

Formaður:	Einar Örn Guðnason
Gjaldkeri:	Lára Bogey Finnbogadóttir
Ritari:	Eva Ösp Sæmundsdóttir
Meðstjórnendur:	Svavar Örn Sigurðsson og Kristín Þórhallsdóttir
Varmenn:	



Kraftlyftingamaður Akraness

Kristín Þórhallsdóttir var valin kraftlyftingamaður Akraness og varð hún fyrst kvenna til að hljóta þann titil. Kristín gerði sér lítið fyrir og vann síðan aðalkeppnina um íþróttamann Akraness og varð um leið fyrst í okkar röðum til að hljóta þann titil. Eftirfarandi texti er úr tilnefningu hennar.

Kristín sýndi og sannaði á árinu að hún er besta kraftlyftingakona Íslands frá upphafi og fylgdi ótrúlegum árangri sem hún náði í fyrra vel eftir. Hún setti fjöldann allan af Íslandsmetum og einnig 2 evrópumet. Kristín situr fast í 2. sæti heimslistans og er efst á styrkleikalista Evrópu í sínum þyngdarflokki. Hún er frábær fyrirmynd sem leggur sitt af mörkum fyrir félagið og

æfingarfélagana og slær hvergi slöku við þegar hvetja þarf aðra áfram eða vinna að innviðum félagsins. Kristín er að bæta sig á hverju móti og þó hún hafi

Árangur á mótum

Íslandsmeistarar og bikarmeistarar:

Kristín Þórhallsdóttir

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki

Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

Evrópumeistari í klassískum kraftlyftingum í -84kg flokki

Helgi Arnar Jónsson

Íslandsmeistari unglunga í klassískum kraftlyftingum í -83 kg flokki

Íslandsmeistari unglunga í klassískum kraftlyftingum

Einar Örn Guðnason

Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu í -120 kg flokki

Íslandsmeistari í bekkpressu í -120kg flokki

Íslandsmeistari í bekkpressu óháð þyngdarflokki

Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í -120kg flokki

Íslandsmeistari í kraftlyftingum í -120kg flokki

Íslandsmeistari í kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

Annar árangur á árinu var með ágætum.

Árið 2020

Árið 2021 var hreint út sagt ótrúlegt ár. Þrátt fyrir ótal takmarkanir, boð og bönn þá gekk keppnisárið svo ótrúlega vel. Árið byrjaði af krafti á RIG og svo fylgdu mótin koll af kolli, íslandsmót, bikarmót, norðurlandamót, heimsmeistaramót og evrópumeistaramót þar sem árangur keppenda fór fram úr björtustu vonum.

Á árinu varð Kristín kjörin íþróttamaður Akraness annað ári í röð. Hún var einnig valin kraftlyftingakona ársins af Kraftlyftingasambandi Íslands og endaði í 3. sæti á kjörinu um íþróttamann ársins og varð um leið elsta konan til að enda í topp 3.

Á haustmánuðum kom upp sú staða að við þyrftum að færa okkur um set því aðstaðan þótti ekki viðunandi af heilsufarsástæðum. Illa gekk framan af að finna húsnæði en upp úr áramótum fannst ný aðstaða og verður flutt inn í hana á fyrrihluta ársins 2022.

Árið markaði spor í vegferð félagsins og á máltækið,, margur er knár þótt hann sé smár“ vel við um okkur og þetta ótrúlega öfluga og sterka félag sem við höfum byggt upp á síðustu árum.

Í lok árs eru 63 skráðir í félagið og er það fjölgun frá fyrra ári.

Einar Örn Guðnason

formaður

Körfuknattleiksfélag ÍA

Stjórn félagsins 2021:

Formaður:	Jón Þór Þórðarson (5. ár í stjórn)
Gjaldkeri:	Jónas H. Ottósson (5. ár í stjórn)
Ritari:	Hannibal Hauksson (10. ár í stjórn)
Meðstjórnendur:	Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason (4. ár í stjórn)

Aðalfundur Körfuknattleiksfélags ÍA var haldinn 17. mars að Garðavöllum. Nokkuð góð mæting var á fundinn miðað við þær samkomutakmarkanir sem eru í gildi. Gísli Gíslason, íþróttahetja og fyrrum bæjarstjóri tók að sér að vera fundarstjóri og stýrði fundinum af mikilli röggsemi. Það var sérstök ánægja og heiður hafa hann sem fundarstjóra þar sem félagið á 50 ára keppnisafmæli og þetta var 35 ára afmælisfundur félagsins. Gísli er einn af frumkvöðlum körfuboltans á Akranesi og lét mikið til sín taka sem bæði leikmaður og þjálfari eftir að hann flutti á Skagann. Gísli var einmitt í liði KR sem lék gegn ÍA í fyrsta formlega körfubolta leiknum sem leikinn var á Akranesi 1975 og upplýsti fundargesti um það að hann hafi skorað fyrstu körfu leiksins sem endaði 144 - 44 fyrir KR. Á aðalfundinum var stjórn félagsins endurkjörin, Jón Þór Þórðarson formaður, Jónas H. Ottósson, gjaldkeri og Hannibal Hauksson, ritari. Varamenn (meðstjórnendur): Jón Orri Kristjánsson og Fannar Helgason. Einnig farið yfir lög félagsins og gerðar breytingar á þeim skv. ábendingum frá ÍSÍ. Guðmunda Ólafsdóttir nýr framkvæmdastjóri ÍA færði félaginu blóm og 50 þúsund króna styrk í tilefni afmælisins.



Leiktiðin 2019 / 2020



Leiktiðina 20/21 lék meistaraflokkur karla í 2. deild karla og var Chaz Franklin endurráðinn á sitt þriðja ár sem spilandi þjálfari. Einnig kom Will Thompson aftur til liðsins sem erlendur leikmaður. Annars var grunnurinn að leikmanna hópnum ungir heimastrákar í bland við eldri og reyndari leikmenn. Byrjunin lofaði góðu með sigri á Val b en síðan fór allt meira og minna í stopp vegna Covid. Ákveðið var að leika aðeins eina umferð og lék liðið aðeins 4 leiki á tímabilinu áður en haldið var í úrslitakeppni í lok apríl. Það byrjaði ÍA að slá út lið Stál-Úlfs sem mætti á Vesturgötuna með föngulegan hóp af klappstýrum sér til stuðnings. Því næst lá leiðin í Kennaraháskólann þar sem leikið var gegn Ármann í undanúrslitum. Þar spilaði ÍA liðið mjög vel og vannst sá leikur 97 - 74. Þann 14. maí var haldið til suður með sjó og leikið til úrslita gegn Reyni frá Sandgerði. Það fór svo að Reynismenn höfðu sigur 107 - 95 eftir hörkuleik. Þessi leikur var frábær reynsla fyrir okkar ungu leikmenn sem stóðu sig vel. Ánægjulegt var hversu margir gerðu sér ferð í Sandgerði til að styðja liðið og vakti trommusveit ÍA mikla athygli.

Yngri flokkar

Veturinn 20/21 voru alls 8 æfingahópar í yngri flokkunum fyrir stelpur og stráka í 1. - 10. bekk, samtals um 100 iðkendur á grunnskólaaldri að æfa körfubolta. Öll þjálfun yngriflokkanna voru í höndum Chaz Franklin og Jóns Þórs Þórðarsonar. Ekkert var um opin minniboltamót vegna Covid og var það miður þar sem slík mót eru ávalt stór hluti af starfinu. Það var Íslandsmót hjá 7. flokk og eldri og vorum við með stráka lið þar í öllum flokkum. Allir keppnishópar félagsins bættu sig og fóru upp um styrkleika flokk á leiktíðinni. Strákarnir í 9. flokki komust í 8 liða úrslit þar sem þeir féllu úr leik gegn KR. Strákarnir í 10. flokk fóru alla leið í undanúrslit þar sem féllu úr leik gegn Stjörnunni. Þetta verður að teljast mjög góður árangur þar sem samkeppnin í körfuboltanum er mjög hörð. Hið árlega Akranesknattrak fór fram 13. júní og gekk mjög vel þrátt fyrir dálitla vætu. Í kjölfar þess var haldið lokahóf í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum þar sem boðið var uppá léttar veitingar og leikið sér í salnum. Það voru svo haldin 6 sumarnámskeið í körfubolta, fjögur í júní og tvö í ágúst. Þetta voru viku námskeiði sem fóru fram í íþróttahúsinu við Vesturgötu og gengu mjög vel. Öllum iðkendum í minnibolta var boðið á 1 frítt námskeið sem sárabót fyrir þau mót sem duttu upp fyrir vegna Covid.

Körfuknattleiksfélag ÍA 35 ára - Ágrip af sögu körfuboltans á Akranesi

Körfuboltaíðkun á Akranesi er að miklu leyti samofin uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi. Íþróttahúsið við Laugarbraut var tekið í notkun árið 1945. Íþróttahúsið þótti mikil bygging þegar hún var reist og var á þeim tíma stærsta íþróttahús sem Íslendingar höfðu byggt. Til að byrja með var körfubolti hluti af íþróttakennslu á Akranesi og það er getið um iðkun körfubolta í ársskýrslu ÍA árið 1956. Árið 1968 er Körfuknattleiksráð Akraness stofnað. Fyrst er vitað til þess að ÍA hafi sent lið til formlegrar keppni árið 1970, ÍA lék þar í lok júní gegn KR B í bikarkeppni KKÍ, KR sigraði þá viðureign. Árið 1970 er minnibolti kynnt sem ný íþróttagrein á Íslandi í tengslum íþróttahátíð ÍSÍ sem haldin var í byrjun júlí. Keppt var í Laugardalshöllinni og tóku átta lið þátt í þessu fyrsta minniboltamóti og var ÍA eitt af þeim. Þann 1. mars árið 1975 var fyrsti formlegi körfuboltaleikurinn sem spilaður á Akranesi, þegar ÍA spilaði gegn Íslandsmeisturum KR í bikarkeppni KKÍ, sá leikur endaði 144 - 44 fyrir KR. Körfubolti var spilaður á landsmót UMFÍ sem haldið var á Akranesi sumarið 1975. Íþróttahúsið við Vesturgötu er tekið í notkun í byrjun árs 1976 og þá batnar aðstaðan til körfuboltaíðkunar til muna. Árið 1979 fer körfubolta lið ÍA í keppnisferð til Tönder í Danmörku og um áramótin 79/80 kemur fyrsti erlendi leikmaðurinn til liðsins (John Johnsson). Árið 1982 kemur mikill kippur í yngriflokka starfið og áhuginn eykst.

Körfuknattleiksfélag Akraness er formlega stofnað 9. janúar 1986. Árið 1993 sigrar ÍA 1. deild karla og kemst upp í úrvalsdeild. Liðið kemst í úrslitakeppni úrvalsdeildar strax á sínu fyrsta ári og áhuginn fyrir körfuboltanum mikill á Akranesi. Árið 1995 sendir ÍA lið í úrvalsdeild kvenna í fyrsta skipti og karla liðið kemst í bikarúrslit árið 1996. Karlalið ÍA kemst aftur í úrslitakeppni úrvalsdeildar árið 1997. Árið 1998 kemst liðið í undanúrslit úrvalsdeildar með því að slá lið Grindavíkur óvænt út í 8 liða úrslitum. Á 70 ára afmæli ÍA árið 2016 er nafni félagsins breytt í Körfuknattleiksfélag ÍA. Þá hefjast einnig beinar netútsendingar frá heimaleikjum ÍA í körfubolta og er það upphafið af ÍA sjónvarpi (ÍA TV). Mikill uppgangur er nú í yngriflokkastarfi félagsins og framtíðin körfuboltans á Akranesi er björt.



Mynd þessi var tekin á því augnabliki er stofnun hins nýja félags var samþykkt.

Sterk tenging körfuboltans á Skaganum við Hvalfjarðarsveit

Segja má að skipulögð körfuboltaiðkun á Akranesi eigi uppruna sinn að rekja til Hvalfjarðarsveitar og lengi hefur verið sterk tenging þar á milli. Fyrsti skólastjóri Heiðarskóla var Sigurður R. Guðmundsson íþróttakennari og starfaði hann við skólann í yfir 20 ár ásamt því að reka íþróttaskóla frá 1968-1981. Hann lagði mikla áherslu á fjölbreytt íþróttastarf eins og knattspyrnu, körfubolta, sundi, frjálsum og borðtennis. Körfuknattleikur á Akranesi naut góðs af þessu þar sem drengir úr Heiðarskóla voru máttarstólpar í liðið ÍA á upphafsárunum. Þar fremstir í flokki voru bræðurnir Ólafur Óskarsson og Magnús Óskarsson frá Beitistöðum, Þorvarður Magnússon frá Belgsholti. Sigurður Björnsson frá Lambhaga og Guðjón Böðvarsson frá Kringlumel. Frændurnir Sigurður Elvar Þórólfsson og Jón Þór Þórðarson eiga ættir að rekja til Vogatungu. Uppúr 1990 bættust við frændurnir Guðmundur, Guðjón og Arnfinnur frá Bjarteyjarsandi og bræðurnir Hörður og Einar Karl frá Lyngholti. Síðan eru það bræðurnir Magnús, Fannar, Ómar og Þorsteinn frá Ósi og bræðurnir Þórleifur, Jón og Ásbjörn frá Skorholti. Fleiri mætti telja þarna til og ljóst að rætur körfuboltans á Akranesi liggja sterkt í Hvalfjarðarsveit. Þaðan hafa komið margir góðir gæðingar og vonandi verður áfram svo um ókomna tíð.

Heiðranir

Á 77. ársþingi ÍA sem haldið var 25. maí voru 5 einstaklingar frá Körfuknattleiksfélagi ÍA sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir störf þeirra í þágu íþróttá Akranesi. Bandalagsmerki ÍA má veita aðilum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem félagsstjórnir ÍA telja ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd. Þessir fimm einstaklingar eru:



Magnús Óskarsson frá Beitistöðum (f. 1952)

Maggi er einn af frumkvöðlum körfuboltans á Akranesi uppúr 1970 ásamt Ólafi bróður sínum og fleiri góðum köppum úr Hvalfjarðarsveit. Hann var virkur um áratuga skeið sem leikmaður, þjálfari og í stjórn körfuboltaráðs ÍA. Hann á stóran þátt í því að körfuknattleikur er iðkaður á Akranesi í dag.

Elínbjörg Magnúsdóttir frá Belgsholti (f. 1949)

Ella hefur látið mikið til sín taka í félagsstarfi almennt og hefur KÍA notið góðs af því. Hún var mjög virk í félagsstarfi KÍA upp úr 1990, sat í stjórn og var um árabíl kynnr á leikjum félagsins í úrvalsdeild. Hún tók líka að sér að vera þingforseti á ársþingi KKÍ sem haldið var á Akranesi 1996 og stýrði því af mikilli röggsemi eins og hennar er von og vísa. Hún hefur líka alla tíð verið dyggur stuðningsmaður Knattspyrnufélags ÍA, mætt þar á marga leiki og látið vel í sér heyra.

Sigðurður Elvar Þórólfsson (f. 1968)

Elvar byrjaði ungur að iðka körfubolta á Akranesi og segja má að hann sé af fyrstu kynslóð af uppöldum leikmönnum KÍA. Sagan segir að Þórólfur Ævar faðir hans hafi smíðað fyrstu körfuna sem sett var upp á Akranesi. Eftir erfiða byrjun og mikla þrautseigju átti Elvar frábæran körfuboltaferil með KÍA jafnframt því að sinna þjálfun hjá félaginu um árabíl allt frá minnibolta uppí meistaraflokk. Hann var fyrirliði Skagaliðsins sem komst í bikarúrslit árið 1996 og úrslitakeppni '97 og '98. Hann var svo valinn Skagamaður ársins 2017 og heldur nú úti miðlinum Skagafréttir sem er duglegur að koma á framfæri fréttum úr íþróttalífinu á Akranesi.

Sigurður Sverrisson (f. 1957)

Siggi Sverris var formaður KÍA frá 1996 til 2000. Hann á stóran þátt í því að halda félaginu gangandi í gegnum úrvalsdeildar ár þess. Félagið náði þar merkm árangri eins og að komast í bikarúrslit árið 1996 og í úrslitakeppni úrvalsdeildar '97 og '98. Siggi hefur komið víða við í bæjarlífinu á Akranesi, var ritstjóri Skagablaðsins í mörg ár og stóð ásamt öðrum að ýmsum menningarviðburðum á Akranesi á borð við Útvarp Akraness á upphafsárum þess, Skagarokk 1992 og Írská daga um og upp úr 2000.

Borghildur Jósúadóttir (f. 1952)

Borghildur var formaður KÍA frá 2002 - 2005. Hún á stóran þátt í því að halda félaginu gangandi á erfiðum tímum. Hún lét mikið til sín taka í yngriflokkastarfi félagsins og vann þar brautryðjendastarf í að tengja saman íþróttir og skóla. Hún setti nýjan tón í að nýta íþróttir sem verkfæri til að styrkja og efla karakter ungra iðkenda. Það stef er enn þann daginn í dag á hávegum haft í starfi KÍA.

Við erum þessu fólki ævinlega þakklát fyrir þeirra framlag til okkar starfs og óskum þeim innilega til hamingju með þennan heiður.

Úrvals- og afreksbúðir KKÍ

Úrvalsbúðir KKÍ fyrir 10 - 14 ára voru í ágúst og að vanda fóru nokkrir iðkendur frá ÍA í þær búðir. KÍA áttir þrjá leikmenn í æfingahópum yngri landsliða. Aron Elvar Dagsson var í æfingahóp fyrir U18 drengja og Styrmir Jónasson og Þórður Freyr Jónsson voru í æfingahóp fyrir U16 drengja.

Körfuknattleiksmaður ársins 2021

Þórður Freyr Jónsson var valinn körfuknattleiksmaður ársins 2021. Þórður Freyr sem er fæddur árið 2005 er mjög efnilegur leikmaður sem lét töluvert að sér kveða í meistaraflokks liði ÍA á leiktíðinni. Hann var einn af burðarrásum 10.flokks liði ÍA sem komst í undanúrslit Íslandsmótins. Þórður Freyr var valinn í landsliðs Íslands í U16 sem vann til bronsverðlauna á Norðurlandarmótinu sem haldið var í Finnlandi í ágúst. Hann spilar núna stórt hlutverk í meistaraflokksliði ÍA í 1.deild og var valinn í æfingahóp fyrir U18 ára landslið Íslands. Þórður Freyr er metnaðarfullur leikmaður sem leggur mikið á sig til að ná lengra. Hann er vel að því kominn að vera körfuknattleiksmaður ársins 2021 hjá ÍA.



Fjármál

Um áramót eru fjármál félagsins í jafnvægi og um 836.451 þúsund króna hagnaður á árinu. Þessu má þakka að félagið fékk 1,5 mkr brúarlán frá ÍA til að ná endum saman og standa við skuldbindingar sínar. Einnig komu um 1,2 mkr frá Vinnumálastofnun í formi greiðslu til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Verktakafyrirtækið Þróttur ehf kom einnig sterkt inn með verulega aukið styrktarframlag. Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum, auk æfingagjalda iðkenda og eigin fjáraflanna. Stærstu styrktaraðilar KÍA á árinu voru Brim Seafood, Þróttur ehf, Íslandsbanki, Galito, Gamla Kaupfélagið, Domino's, og Askja. Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstaður leggja einnig sitt af mörkum í því að styðja við barna- og unglingastarf íþróttafélaganna á Akranesi og nýtur Körfuknattleiksfélag ÍA svo góðs af því. Við þennan lista bætast svo fleiri fyrirtæki og einstaklinga sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið öllum stuðningsaðilum þess bestu þakkir fyrir.

Félagið þakkar einnig þeim aðilum sem standa að ÍA TV sem sendi beint út frá öllum heimaleikjum félagsins. Einnig fær Jónas H. Ottósson sérstakar þakkir fyrir myndatökur hjá

bæði hjá meistaraflokk og yngri flokkunum, ómetanlegt að eiga safn af góðum myndum og myndböndum.

Tillaga KÍA á ársþingi ÍA

Á ársþingi ÍA sem haldið var 25.maí lagði KÍA fram eftirfarandi tillögu

„ Ársþing ÍA haldið 25. maí 2021 lýsir vonbrigðum sínum með að samstarfssamningur á milli Akraneskaupstaðar og ÍA hafi ekki verið endurnýjaður. Skorað er á Akraneskaupstað að hækka verulega árlegt rekstrarframlag sitt til aðildarféлага ÍA þannig að það sé í takt við umfang íþrótta á Akranesi og standist þannig samanburð við önnur sambærileg sveitarfélög og Akranes. "

Tillögunni var ætlað að senda sterk og skýr skilaboð frá ÍA um að jafna þurfi stöðu aðildarféлага ÍA gagnvart öðrum sambærilegum íþróttafélögum er kemur að fjárhagslegum stuðningi frá sínu sveitarfélagi. Jón Þór Þórðarson formaður KÍA mælti fyrir tillögunni á þinginu og var hún samþykkt einróma.

Lokaorð

Körfubolta starfið veturinn 20/21 gekk almennt vel þó Covid og stopp hafi sett töluvert strík í reikninginn. Við hefðum vilja gera meira úr 35 ára afmælinu en raun bar vitni, það er mikilvægt að varðveita söguna. Ángæjuleg er sú mikla gróska sem er í yngriflokka starfinu og þær framfarir sem eiga sér stað þar. Að eiga lið í okkar elstu flokkum sem er í topp 10 á Íslandi er góður árangur. Það er líka mikið gleðiefni að vera komin með vísi að kvennastarfi í yngri flokkunum, það þarf að halda áfram að rækta það. Það var ánægjulegt að eiga fulltrúa í yngri landsliðum Íslands, ljóst er að framtíðin er björt.

Það var gott að geta klárað tímabilið í meistaraflokki en vonbrigði að ná ekki að sigra 2.deildina og geta þannig strax hafið undirbúning að þátttöku í 1.deild á næstu leiktíð. Það var jákvætt að ná loks í gegn því hagsmuna máli okkar að afmarkaður hópur iðkenda 15 ára og eldri fái að æfa sig í körfubolta á eigin ábyrgð í íþróttasal. Það er með ólíkindum hversu erfitt þetta mál hefur verið og það tómlæti sem við höfum mætt að hálfu Akraneskaupstaðar í langan tíma. Svipaða sögu er að segja varðandi baráttu okkar fyrir auknu fjárhagslegum stuðningi bæjarins. Sú barátta snýr að því að Akraneskaupstaður hækki verulega árlegt rekstrarframlag sitt til aðildarféлага ÍA þannig að það sé í takt við umfang íþrótta á Akranesi og standist þannig samanburð við önnur sambærileg sveitarfélög og Akranes. Það verður fróðlegt að sjá hver niðurstaðan verður í því máli í samningi á milli ÍA og Akraneskaupstaðar.

Körfuknattleiksfélag ÍA stendur núna á miklum tímamótum, þeir sem setið hafa í stjórn félagsins síðustu ár hafa gefið út að þeir ætli að hætta. Nú þarf að finna nýtt fólk stjórn og fá fleira fólk til starfa fyrir félagið. Uppbyggingarstarfið hefur gengið vel en stöndum á þeim tímamótum að koma félaginu á afreksstig. Stjórn félagsins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á árinu, áfram ÍA!



Sigurfari - Sjósportsfélag Akraness

Stjórn Sigurfara

Formaður:	Guðmundur Benediktsson
Ritari:	Geir Geirsson
Gjaldkeri:	Anna Guðrún Ahlbrecht
Meðstjórnendur:	Björn Óskar Andrússon og Sigríður H. Gunnarsdóttir

Starfsemi Sigurfara er komin í nokkuð fastar skorður og starfsárið 2021 var hefðbundið miðað við árin á undan. Tæplega 50 börn á aldrinum 10-14 ára sóttu siglinganámskeiðin okkar. Félagið býr svo vel að hafa eigin þjálfara, auk þess sem aðstoðarþjálfarar koma úr hópi barna sem sótt hafa námskeiðin okkar. Stærri og rótgrónari félög en okkar eiga í vandræðum með að ráða þjálfara og er gaman að segja frá því að við fengum fyrirspurn af höfuðborgarsvæðinu síðasta vor um hvort þjálfarinn okkar væri á lausu. Að þessu leiti er Sigurfari í góðum málum.



Við tókum þátt í föstum viðburðum, sjómannadeginum og írskum dögum og Faxaflóamót kjölbáta var haldið seinni hluta júnímánaðar. Það er orðinn fastur liður að halda öryggisnámskeið fyrir kayakfólk á vorin. Við stöndum ok kar plikt í öryggismálunum og Gísli rakari, sem hélt fyrirlesturinn, er alltaf boðinn og búinn að aðstoða og við erum honum þakklát fyrir.

Það er einnig ástæða til að koma fram þökkum til fleiri sem lögðu okkur lið við starfsemina. Faxaflóahafnir eru þar efst á blaði fyrir að útvega okkur húsnæði undir starfsemina og sérstaklega er ástæða til að þakka Gísla Gíslasyni fyrrverandi hafnarstjóra þá velvild og áhuga sem hann sýndi félaginu í sinni tíð. Arftaki hans, Magnús Ásmundsson, hefur ekki reynt síðri og þökkum við honum á sama hátt. Hafnsögumönnunum Einari Guðmundssyni og Valentínusi Ólasyni þökkum við einnig, sem og Jóni Sigurðssyni fyrrverandi hafnsögumanni og Helga Hallgrímssyni. Jón og Helgi lögðu til keppnisstjórabát á Faxaflóamótinu. Björgunarfélag Akraness lánaði okkur gúmmibát til afnota sem öryggisbát á námskeiðunum og sendum við þeim þakkir.

Þegar rennt er í gegnum ársskýrslur Sigurfara ber hæst umræða um húsnæði og aðstöðu og verður sá þráður spunninn áfram. Þessi mál eru farin að leggjast nokkuð þungt á formanninn. Sem fyrr segir hafa Faxaflóahafnir leyft okkur að vera í hafnarhúsinu á sumrin meðan námskeiðin vara, og á veturna hefur floti og farviður verið hýstur í sementsskemmumni, sem er guðs þakka



vert, en það húsnæði heldur ekki vatni eða vindum. Það er augljóst að uppgangur félags verður í besta falli mjög hægur ef félagsaðstaðan er engin. Síðasta haust sendi félagið mjög ítarlega þarfagreiningu til bæjaryfirvalda. Viðbrögðin voru jákvæð og fengum við tilkynningu frá Skóla- og frístundaráði um

að erindi okkar yrði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022. Bæjarráð vísaði svo þessu þarfa og góða máli frá, þegar á hólminn kom. Við minnum á komandi kosningar.

Í þessari stöðu er illmögulegt að þróa áfram, eða yfirleitt að halda uppi öflugu starfi, hvort sem er að stækka flotann eða að koma upp keppnisstarfi. Með bjartsýni í huga segjum við samt að góðir hlutir gerast hægt. Námskeiðin eru eftirsótt og við höfum heyrt frá almenningi og starfsmönnum hafnarinnar að þeim þyki starfsemi Sigurfara setja skemmtilegan svip á hafnarumhverfið á sumrin. Það er enginn uppgjafartónn í okkur, og mikilvægt er að halda málinu vakandi og þrýsta á.

F.h. stjórnar,

Guðmundur Benediktsson formaður.

Ungmennafélagið Skipaskagi

Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa eftirtaldir:

Formaður: Anna Bjarnadóttir (AB)

Gjaldkeri: Skafti Steinólfsson (SS)

Ritari: Jóna Adolfsdóttir (JA)

Meðstjórnendur: Ekki kjörnir þetta árið fékkst ekki fólk.

Á síðasta aðalfundi UMF Skipaskaga mættu ekki aðrir en stjórn, enginn fulltrúi ÍA átti heimangengt á þeim tíma sem fundurinn var og boðun með stuttum fyrirvara.

Skýrsla stjórnar

Formaður (AB), sat tvo formannafundi stjórn ÍA.

Formaður (AB) sat þing ÍA og sótti þing UMFÍ á Húsavík

Starfsárið 2021

Íþróttaklúbbur FEBANS

Covid-19 veirunnar, heimsfaraldur hélt áfram og gerði allt starf erfiðara.

Engin mót í gangi þetta árið frekar en í fyrra. Var því lítið að gera í sumar en þó nokkrir voru í golfi sér til heilsubótar þegar færi gafst. Línudansinn hætti æfingum um miðjan mars og var ekkert gert meira það sem eftir lifði árs. Já ekki mikið um æfingar og keppni hjá þeim eldri en allt reynt að gera til þess að efla hreyfingu. Innæfingar hófust á haust önn í húsnaði FEBAN við Dalbraut voru þær æfingar vel sóttar. Reynt var að byrja á nýjum æfingum en alltaf var það COVID sem truflaði eitthvað starfsemina 2021. Við horum til bjartari tíma árið 2022 og vonum að allt geti verið í fullu fjöri það ár.

Hjóladeild Skipaskaga

Hjólaklúbburinn hjólaði sér til heilsubótar. Margir félagar klúbbsins ætluðu að hjóla með liði Team Rynkeby Ísland frá Kolding til Parísar um 1300 km á 8 dögum til styrktar Umhyggju-félags langveikra barna á Íslandi. Þar sem ekki var farið erlendis til að taka þátt í verkefninu þá hjólaði Team Rynkeby Ísland um Ísland og safnaði fyrir Umhyggju – félags langveikra barna á Íslandi og gekk það mjög vel.

Hjólafélagar í UMF Skipaskaga hvetja áhugamenn um hjólreiðar til að slást í hópinn og efla félagið enn frekar.

SamVest verkefnið:

Samböndin eru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB), Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Ungmennafélagið Skipaskagi (USK) Akranesi, Héraðssambandið Hrafnaflóki (HHF) á

sunnanverðum Vestfjörðum, Héraðssamband Strandamanna (HSS) og Ungmennafélag Kjalnesinga (UMFK).

SamVest stendur að sameiginlegum æfingum í frjálsíþróttum á Vesturlandi. Einnig er staðið að frjálsíþróttamótum barna og fullorðinna. Farið með sameiginlegt lið á stærri stigamót FRÍ. Þetta samstarf gengur vel. Góð þátttaka hefur verið í æfingabúðum SamVest.

Því miður þá urðu engin mót eða æfingabúðir árið 2021 frekar en árið 2020

Önnur mál:

Gestabókin á Guðfinnupúfu er orðið að föstu verkefni félagsins, alltaf eru fleiri og fleiri sem leggja leið sína á þúfuna og keppni hefur myndast í því að fara sem flestar ferðirnar. Skipaskagi hefur veitt verðlaun til þeirra sem fara flestar ferðirnar og svo eru dregnir út aðrir þátttakendur sem hafa ritað nafn sitt í bókina, að þessu sinni voru dregnir út níu aðrir. Svava Hrund fór flestar ferðirnar á síðasta ári eða 130. Bókin var á þúfunni frá 01. jan– 20. desember sl. ár. Síðustu tvö árin höfum við styrkt Krabbameinssjúkbörn með því að kaupa af þeim konfekt í gjafir fyrir þá sem dregnir eru út. Í ár fór styrkurinn til Umhyggju-félags langveikra barna.

Veittum veglegann styrk til Íþróttklúbbs FEBANS til að efla þeirra starf og þátttöku á mótum.

Ekki voru rukkuð félagsgjöld fyrir árið 2021

Skotfélag Akraness

Stjórn félagsins

Formaður:	Stefán Gísli Örlygsson
Gjaldkeri:	Óskar Arnórsson
Meðstjórnendur:	Anton Guðmundsson, Elías M. Kristjánsson og Hafsteinn Þór Magnússon
Varamenn:	Þórður Fannar Rafnsson og Ólafur Steinn Ólafsson

Helstu verkefni stjórnar 2021:

Vinna við endurnýjun starfsleyfis var helsta verkefni stjórnar á liðnu ári. Fékk félagið tveggja ára starfsleyfi, sem gildir til 5. maí 2023. Einnig var fundað með Akraneskaupstað vegna lóðar sem félagið hefur til afnota. Það stefnir í að lóðin verði minnkuð um ca. 6ha úr 16 í 10ha og verði skermuð af með mönum. Gerð mana er í vinnslu en það er einnig forsenda sem þarf að uppfylla áður en starfsleyfi verður gefið út aftur. Eins er í umræddu starfsleyfi gerð krafa um að aðeins sé heimilt að nota rifla með hljóðdeyfum. Akraneskaupstaður er að vinna að nýju aðalskipulagi á svæðinu, sem tilheyrði áður Hvalfjarðarsveit. Höfum við fengið jákvæðar móttökur hjá bæjarstjóra og starfsmönnum tæknideildar sem hafa með málín að gera.

Covid 19 hafði einnig áhrif á rekstur félagsins eins og árið áður.

Fjáraflanir og fjármál:

Félagið fékk tvo styrki á árinu: kr. 200.000,- frá Rannís vegna uppfyllingar á starfsleyfi og svo kr. 100.000,- frá ÍA vegna Íslandsmeistaratitils í SKEET.

Almennt er fjárhagstaðan góð og var hagnaður á síðasta ári kr. 751.938,- og engar áhvílandi skuldir.

Iðkendafjöldi

Félagsmenn sem greiddu félagsgjald á árinu eru 141 og teljast 156 félagar í félaginu.

Skotvællirnir voru ágætlega nýttir síðasta sumar þrátt fyrir Covid tíma.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Félagið stóð fyrir hreindýraprófum Umhverfisstofnunar að venju og voru tekin 43 próf sem er sami fjöldi og árið 2020.

Ekki var haldið skotvopnanámskeið á Akranesi á árinu en félagið sá um verklegt skotvopnanámskeið fyrir Ríkislögreglustjóra, það voru tveir sem tóku námskeiðið að þessu sinni.

Haldin voru tvö landsmót í SKEET.

Engin starfsemi var í loftgreinum, þar sem aðstaða okkar í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu hefur ekki skilað sér til baka.

Þátttaka og gengi í mótum:

Stefán Gísli tók þátt í 2 landsliðverkefnum: Evrópumeistaramóti í Króatíu og Heimsbikarmóti á Ítalíu. Gengið í þeim mótum var undir væntingum, en dýrmæt reynsla.

Félagið átti keppendur á hagslagreinamótum sumarsins 2021 bæði í SKEET og á Compak Sporting mótum sem haldin eru víðsvegar um landið.

Félagið eignaðist Íslandsmeistara í SKEET, þar sem Stefán Gísli vann titilinn á Íslandsmótinu sem haldið var í Þorlákshöfn 7. til 8. ágúst.

Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness:

Skotfélag Akraness tilnefndi Stefán Gísla í kjörinu til íþróttamanns Akraness.



Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar:

Unnið verður áfram að uppbyggingu útsvæða og vonast er til að fá inniaðstöðuna í gagnið hið fyrsta svo æfingar geti hafist í loftgreinum að nýju eftir langt hlé. Salurinn við Vesturgötu hefur verið ónothæfur síðan byggingarframkvæmdir hófust þar og óvíst hvenær starfsemi hefst þar aftur eða hvort önnur viðunandi aðstaða fáist.

Lokaorð og þakkir:

Skotfélag Akraness þakkar fyrir veitta styrki á árinu og félagsmönnum fyrir það ötulega sjálfbóðastarf sem er unnið til að halda uppi starfsemi og uppbyggingu félagsins.

Akranesi 21.2.2022

Stefán Gísli Örlygsson,

Formaður Skotfélags Akraness

Sundfélag Akraness

Sundárið 2021 hjá Sundfélagi Akraness var líkt og árið 2020 frekar óhefbundið en jafnframt árangursríkt, þar sem haldin voru fleiri mót en áfram með miklum takmörkunum. Við erum þó ánægð með það að með góðu utanumhaldi þá fjölgaði iðkendum áfram hjá sunfélaginu á árinu, úr 409 iðkendum árið 2020 í 443 iðkendur árið 2021. Frá árinu 2018 hefur iðkendum hjá félaginu fjölgað um hvorki meira né minna en 86. Stjórn Sundfélags Akraness er afar þakklát og glöð fyrir þennan mikla áhuga á sundíþróttinni á Akranesi. Akranesmet og persónulegir sigrar voru unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum. Enrique Snær Llorens Sigurðsson var útnefndur Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2021 þar sem Enrique Snær hafnaði í öðru sæti.

Stjórn og starfsmenn

Sama stjórn hélt áfram frá árinu 2020.

Formaður:	Ágúst Júlíusson
Varaformaður:	Guðrún Guðbjarnardóttir
Gjaldkeri:	Daníel Sigurðsson Glad
Ritari:	Þórdís Bj. Guðmundsdóttir
Meðstjórnendur:	Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, Nína Björk Gísladóttir og Emilia Orlita

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA var sem áður Kjell Wormdal.

Starfsmenn 2021:

Kjell Wormdal A+C hópur + framkvæmd 100 % starf

Bjarney Guðbjörnsdóttir B-hópur

Jill Syrstad Yngri hópar í Bjarnalaug 50% starf

Námskeið:

Fabio La Marca (Ungbarnasund)

Drifa Dröfn Sigríðardóttir (Krossfiskar/Fjórfiskar)

Guðrun Carstensdóttir (Skriðsundnámskeið)

Aðstoðarmenn:

Ásgerður Jing Lauveyjardóttir, Ngozi Jóhanna Eze, Erna Þórarinnsdóttir, Ingveldur Ósk

Siggurdardóttir (vor 2021) Iris Rakel Áðalsteinsdóttir, Mateusz Kuptel

Afleysingar:

Erlend Magnússon, Guðrún Carstensdóttir, Ágúst Júlíusson

Sundmenn úr A-hóp voru virkir sem aðstoðarþjálfarar og afleysingarþjálfarar.

Samantekt um árangur á mótum og öðrum verkefnum.

ÍM50

Enrique Snær Llorens silfur í 200m og 400m fjórsundi

Persónlegar bætingar hjá sundfólki úr SA voru 33 talsins og áttum við 15 sund í úrslitum.

ÍM25

Enrique Snær Llorens Gullverðlaun í 400m fjórsundi, silfur í 200m fjórsundi og brons í 400m skriðsundi og 200m flugsundi.

Einar Margeir Ágústsson Brons í 100m og 200m bringusundi

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir Brons í 50m flugsundi

Ragnheiður Karen Ólafsdóttir Brons í 100m bringusundi

Boðsund karla Silfur í 4x50m skriðsundi (Einar Margeir, Enrique Snær, Guðbjarni og Kristján), brons í 4x200m skriðsundi (Enrique Snær, Einar Margeir, Guðbjarni og Sindri Andreas) og 4x100m skriðsundi (Einar Margeir, Sindri Andreas, Kristján og Enrique Snær)

Boðsund kvenna Brons í 4x50m skriðsundi (Guðbjörg Bjartey, Karen, Ingibjörg og Ragnheiður Karen).

Sundfélag Akraness var með níu sundmenn á mótinu, og við erum afar stolt af vinnunni sem krakkarnir lögðu á sig á æfingum á árinu sem heldur betur skilað sér í frábærum árangri þessa helgi. Krakkarnir syntu 30 sinnum til úrslita sem eru flest úrslitasund á einu móti síðustu 10 ár og var þetta eitt af sterkustu íslandsmeistaramótum sem verið hefur.

Landsliðsverkefni

Flest mót og önnur landsliðsverkefni voru aflýst árið 2021.

Þau Einar Margeir, Guðbjörg Bjartey, og Enrique Snær náðu lágmörkum í landsliðshóp SSÍ.

AMÍ

Helgina 25.-27. júní var Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi haldið á Akureyri. Mótið er bæði keppni á milli liða þar sem átta fyrstu sundmenn í hverri grein og hverjum aldursflokki gefa stig og einnig eru stigahæstu sundmenn hvers aldursflokks krýndir. Keppendur eru 10-17 ára.

Sundfélag Akraness mætti til leiks með 16 keppendur og endaði í 7. sæti í liðakeppninni.

Liðið var með 75 bætingar þar sem allir stóðu sig mjög vel.

Eftirtaldir sundmenn SA fengu verðlaun:

Í flokki 15-17 ára:

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir vann brons í 100m skriðsundi og varð einnig sjötta í 100m baksundi.

Einar Margeir Ágústsson var í 4. sæti í 100 og 200m bringusundi, og 6. sæti í 100m skriðsundi og 100m baksundi.

Ragnheiður Karen Ólafsdóttir var í 4. sæti í 100m bringusundi og 6. sæti í 200m bringusundi.

Ingibjörg Svava Magnúsardóttir var í 4. sæti í 800m skriðsundi.

Guðbjarni Sigbórsson var í 5. sæti í 400m fjórsundi og 200m baksundi.

Í flokki 13-14 ára:

Víkingur Geirdal 6. sæti í 100m skriðsundi.

Bikarkeppni SSÍ

Sundfélagið var með bæði karla og kvenna lið, krakkarnir stóðu sig mjög vel og margar góðar bætingar og flott sund.

Karlalið S.A. endaði í 4. sæti með 12184 stig sem er besti árangur hjá strákum síðan 2010.

Liðið var skipað þeim Sindra Andreas Bjarnasyni, Enrique Snæ Llorens, Alex Benjamin Bjarnasyni, Kristjáni Magnússyni, Einari Margeiri Ágústsyni, Mateusz Kuptel, Guðbjarna Sigbórssyni, Víkingi Geirdal og Ágústi Júlíussyni

Stelpurnar höfnuðu í 5. sæti með 9834 stig, sem er einn af besta árangri síðustu ár. Liðið

skipaði: Lára Jakobína Ringsted, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Ingibjörg Svava

Magnúsardóttir, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Karen Káradóttir, Helga Rós

Ingimarsdóttir, Iris Arna Ingvarsdóttir, Arna Karen Gísladóttir og Sunna Dís

Skarpheiðinsdóttir.

Akranesmet:

12 í opnum flokki og 6 í aldursflokkum.

Opinn flokkur í 50m laug:

Enrique Snær Llorens 200m og 400m fjórsundi

Sindri Andreas Bjarnasson 200m og 400m skriðsundi

4x200m skriðsund: Sindri Andreas Bjarnasson, Enrique Snær Llorens, Einar Margeir Ágústsson og Kristján Magnússon.

Opinn flokkur í 25m laug:

Enrique Snær Llorens 200m, 400m fjórsund og 400m skriðsund

Einar Margeir Ágústsson 50m bringusund

4x100m fjórsund: Sindri Andreas Bjarnasson, Enrique Snær Llorens, Einar Margeir Ágústsson og Kristján Magnússon.

4x50m skriðsund blandað: Sindri Andreas Bjarnasson, Enrique Snær Llorens, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir og Ragnheiður Karen Ólafsdóttir

4x50m fjórsund blandað: Einar Margeir Ágústsson, Enrique Snær Llorens, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir og Ragnheiður Karen Ólafsdóttir

15 – 17 ára í 25m laug:

Einar Margeir Ágústsson 50m bringusund og 50m skriðsund

4x100m fjórsund: Einar Margeir Ágústsson, Kristján Magnússon, Guðbjarni Sigbórsson og Alex Benjamín Bjarnason

4x100 skriðsund: Einar Margeir Ágústsson, Kristján Magnússon, Guðbjarni Sigbórsson og Alex Benjamín Bjarnason

4x50m skriðsund blandað: Einar Margeir Ágústsson, Kristján Magnússon, Karen Káradóttir og Ingibjörg Svava Magnúsardóttir

Bárumótið

15. mars fór fram árlegt innanfélagsmót, Bárumótið í Bjarnalaug. Á mótinu eru krakkar á aldrinum 8-12 ára úr sundfélaginu að keppa. Breytt fyrirkomulag var þetta árið þar sem ekki var hægt að bjóða foreldrum að horfa á eins og venjulega þar sem Bjarnalaug uppfyllir ekki kröfurnar sem eru í dag.

En krakkarnir létu það ekki trufla sig og syntu flott sund með skemmtilegu keppnisskapi, gleði og frábærum bætingum.

Bárumeistarar 2021 eru þau Kajus Jatautas og Viktoria Emilia Orlita

Akranesleikar

Annað árið sem þeir eru haldnir við óvenjulegar aðstæður sökum covid. Við gátum ekki boðið upp á gistingu fyrir alla keppendur og voru tekjur SA minni af mótinu heldur en vanalega. Þrátt fyrir það þá er gaman að segja frá því að þetta voru fjölmennustu leikarnir hingað til með yfir 380 sundmenn og 1706 stungur. Með þessum fjölda þurfti aðeins að breyta mótinu til að það gengi upp tímanlega. En með góðri hjálp frá öllum félögum tókst það mjög vel að okkar mati.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð SA var ekki haldin vegna Covid, en viðurkenningar fyrir sundárið 2021 voru veitt á æfingum:

Sundmaður Akraness: Enrique Snær Llorens Sigurðsson

Enrique Snær er Íslandsmeistari í 400m fjórsundi í 25m laug. Á Íslandsmeistaramótinu í 25m laug vann hann líka silfur í 200m fjórsundi, brons í 400m skriðsundi og 200m flugsundi. Í boðsundi vann hann líka til silfur í 4x50m skriðsundi og brons í 4x100m skriðsundi og 4x200 skriðsundi með liðsfélögum sínum. Á IM50 vann hann til silfurverðlauna í 200m og 400m fjórsundi. Á árinu hefur hann sett 9 Akranesmet

Hann náði í fyrsta sinn lágmörkum fyrir landslið Íslands í sundi. Enrique æfir mjög vel og verður spennandi að fylgjast með honum næstu árin. Sundfélag Akraness er stolt af því að hafa Enrique Snæ innan sinna vébanda þar sem hann er mikil fyrirmynd og frábær félagi.

Félagabikarinn: Kristján Magnússon

Kristján er duglegur að hvetja liðsfélaga sína áfram bæði á æfingum og á sundmótum. Hann sýnir liðsfélögum sínum mikla virðingu og er góður fyrir hópinn. Hann leggur sig alltaf fram á æfingum og sýnir jákvætt viðhorf til æfinga og hefur mikinn metnað til að bæta sig. Kristján er frábær fyrirmynd fyrir félagið.

Ingubikarinn er veittur fyrir stigahæsta bringusundið 12 ára og yngri.

Viktori Emilia Orlita fékk bikarinn fyrir 200m bringusund á tímanum 3.26.32 sem gera 277 fina stig.

Viðurkenningu fyrir stigahæstu sundin hlutu:

Meyjur: Viktoria Emilia Orlita 277 stig, 200m bringusund 3.26.32

Sveinar: Kajus Jatautas 135 stig, 50m skriðsund 39.45

Telpur: Arna Karen Gísladóttir 383 stig, 50 skriðsund 31.55

Drengir: Víkingur Geirdal Birnuson 339, 100 skriðsund 1.04.43

Stúlkur: Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir 633 stig, 100 skriðsund 58.50

Piltar: Einar Margeir Ágústsson, 624 stig 50m bringusund 29.54

Karlar: Enrique Snær Llorens Sigurðsson 670 stig, 400 fjórsund 4.28.34

Konur: Lára Jakobína Ringsted 403 stig, 50 skriðsund 32.03 (í 50m laug)

Viðurkenningu fyrir bestu ástundun og framfarir á árinu 2021 hlutu:

Meyjur: Svava Guðfinna Ingvarsdóttir

Sveinar: Eymar Ágúst Eymarsson

Telpur: Íris Arna Ingvarsdóttir

Drengir: Almar Sindri Daníelsson Glad

Stúlkur: Karen Káradóttir

Piltar: Guðbjarni Sigþórsson

Útvarp Akraness

Útvarp Akranes hélt sínu striki fyrstu helgina í aðventu og gekk útvarpið vonum framar.

Skemmtilegir þættir og fjölmargir viðmælendur. Alls voru 21 þættir útvarpaðir beint og fjórir sem voru teknir upp áður. Auk þess var tónlist útvarpað alla nóttina. Að þessum þáttum komu um 37 stjórnendur, gestir í hljóðstofu voru yfir 66, auk 40 nemenda úr 5. bekk grunnskólanna hér í bæ, það var því líf og fjör alla útvarpshelgina.

Annað

Afrekshópur SA hefur æft í Hafnarfirði flesta laugardaga til að komast í 50m laug.

Við erum í góðu samstarfi með Aftureldingu og hafa félögin farið tvisvar farið saman í æfingarbúðir. Afturelding kemur á föstudögum til okkar á æfingu og æfa svo félögin saman í Hafnarfirði á laugardögum.

Fresta þurfti aftur bæði keppnisferðinni til Danmerkur og æfingarferðinni til Spánar en stefnan er sett að farið verður í þessar ferðir árið 2022.

Dómaranámskeið var haldið á Akranesi í desember 2021. Tveir leikskólar voru með í sumarsundi SA.

Faxaflóasundið var með breyttu sniði vegna Covid-19 þar sem sundmenn SA syntu 21 km í Jaðrsbakkalaug (þar sem eru nú oft sömu aðstæður til sunds og í faxalóanum) sem er sami fjöldi km og er þegar synt er frá Reykjavík til Akraness.

Aðrar fjáraflanir á árinu voru: auglýsingaskilti á sundlaugarbakkanum, minna var um kleinusölu, útburður blaða og tilkynninga, vörutalningar, færri flatkökusölur og ýmislegt fleira sem til fellur en þessir fjármunir eru nauðsynlegir til að greiða niður gjöld sundmanna.

Þá hefur styrkur Akraneskaupstaðar til íþróttafélaganna vegna þjálfunar barna og ungmenna verið félaginu mikilvægur sem og fjárframlag Íþróttabandalags Akraness. Viljum við þakka þeim fjölmörgu félögum, fyrirtækjum og einstaklingum sem lagt hafa félaginu lið.

Lokaorð

Árið 2021 hefur verið gott hjá Sundfélagi Akraness þrátt fyrir annað óhefbundið ár þar sem við höldum áfram að takast á við nýja hluti og aðlaga okkur að miklum takmörkunum í samfélaginu. Iðkendum heldur áfram að fjölga í félaginu sem eru frá 3 mánaða og upp í fólk á sextugsaldri. Þeir yngstu eru í sundskólanum Fjörfiskum og þeir elstu í Görpum. Það er sama á hvaða aldri þú ert, þú ættir að geta fundið hóp við þitt hæfi hjá SA.

Við í sundfélagi Akraness höfum áhyggjur af Jaðarsbakkalaug þar sem hún er orðin gömul og þarf að fara bæta þar aðstöðu til sundiðkunar, flísar eru að brotna úr lauginni, tímatökubúnaður orðinn gamall og margir dagar sem fella þarf niður æfingar vegna hitastigs á lauginni. Það er áfram erfitt að púsla saman tímum í Bjarnalaug þar sem laugin er löngu orðin full og ekki bætti úr ástandinu að takmarka þurfti þann fjölda sem má vera í lauginni vegna aðstöðu í lauginni. Nú er því mikil vöntun á betri aðstöðu fyrir sundfélagið okkar. Það eru miklar gleðifréttir að uppbygging séu hafin á Jaðarsbökkum og bíðum við í sundfélagi Akraness spennt eftir nýrri sundlaug, því það er í þágu allra bæjarbúa að bæta sundaðstöðu á Akranesi.

F.h. stjórnar Sundfélags Akraness,

Ágúst Júlíusson formaður

Vélhjólaíþróttafélag Akraness

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 21 febrúar 2021 í íþróttamiðstöðinni við jaðarsbakka.

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir

Stjórn félagsins: árið 2020-2021

Formaður:	Jóhann Pétur Hilmarsson
Varaformaður:	Márus Lindal Hjartarson
Gjaldkeri:	Guðrún Hjaltalín
Ritari:	Petronella Kristjánsdóttir
Brautarstjóri:	Sveinbjörn Reyr Hjaltason

Fjáraflanir og fjármálaleg staða

Vifa annast daglegan rekstur á Akrabraut og fær til þess fjárhags aðstoð hjá Akraneskaupstað, einnig eru þeir fjármunir notaðir til uppbyggingar á svæðinu.

Vifa er duglegt við að sækja um styrki hjá hliðhollum fyrirtækjum í bæjarfélaginu, og fær einnig styrki hjá ÍA, þá td lotto peninga, úr Þorgeir og ellert styrknum og fleira. Kom rekstur félagsins út með hagnaði árið 2021.

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Jóhann Pétur var þjálfari VÍFA árið 2021. Unglinga og barna motocross námskeið var allt sumarið, og gekk það vel. Styrktarþjálfunin var yfir veturinn, þrisvar í viku. Iðkendafjöldi VÍFA árið 2021 er 147 félagar.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

VÍFA hefur verið í samstarfi við vinnuskólann undanfarin ár og það samstarf hefur gengið mjög vel, og vonandi heldur það áfram.

Yfir vetrarmánuðina stunda félagsmenn VÍFA ís akstur á einkalandi inni Hvalfirði, með leyfi landeigandans. Er það góð viðbót í fjölbreytnina í sportinu.

VÍFA hefur undanfarinn áratug haldið Íslandsmót í motocross, og var engin breyting á því þetta árið. Mótið fór fram í Akrabraut. Var þáttakan mjög góð, veðrið var uppá 10, sól og logn. Fjölmenntu áhorfendur, jafnt börn sem fullorðnir. Náði bíla fjöldinn niður að rimlahliði, sem sagt allt pakkað. Þess má geta að góð leikaðstaða er fyrir börnin á svæðinu trampolín og rólur.

Þáttaka og gengi í mótum:

Félagar VÍFA tóku þátt í 3 motocross mótum á árinu og gekk það nokkuð vel.

Framtíðarsýn:

Motocross iðkendur á landinu bíða eftir að vörugjöld verði felld niður af motocross hjólum, Alþingi hefur samþykkt tillögu/frumvarp um þetta en tollstjóri neitar að verða við þessu. Það sem mest hair þessu sporti er hversu dýrt er að kaupa sér hjól og allan öryggisbúnað sem er nauðsynlegur til að stunda þetta sport. Þess vegna er þetta mikið hagsmuna mál fyrir félagið með framtíðarsýn í huga.

Annars lítur VÍFA björtum augum á framtíðina, svæðið er frábært er eitt það besta á landinu.

Enduro þrautabraut er næst á dagskrá hjá VÍFA, og hefur Aron Ómarsson íslandsmeistari í enduro akstri 2020 samþykkt að hjálpa okkur við það.

Iðkendum fer alltaf aðeins fjölgand, og hefur félagið frábæra þjálfara innan handar. Félagið eignaðist 1 krakka hjól fyrir 2 árum síðan, sem áhugasamir geta prufað gegn vægu gjaldi.

Lokaorð og þakkir

VÍFA vill þakka verktaka fyrirtækjunum , Þrótti, GT tækni og Meitli fyrir að standa þétt við bakið á félaginu í tæp 10 ár.

Akraneskaupstaður á mikið lof skilið fyrir veittann fjárstuðning í formi framkvæmdarstyrks undanfarin ár. Þar á bæ eru allir alltaf jákvæðir og hafa alltaf tekið vel í allt sem VÍFA félagar hafa verið að framkvæma í uppbyggingu á Akrabraut og svæðinu í kring.

Síðast en alls ekki síst, vill VÍFA þakka ÍA fyrir alla þá styrki sem þeir hafa veitt félaginu, og endalaust góða hjálp við öll þau viðfangsefni sem við höfum leitað til þeirra með.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2021 – 2022:

Formaður:	Sigurlaug Njarðardóttir
Varaformaður:	Freyja Þöll Smáradóttir
Ritari:	Hörður Svavarsson
Gjaldkeri:	Jón Þórir Guðmundsson
Meðstjórnandi:	Bjarki Georgsson

Varamenn:

Emma Rakel Björnsdóttir
Áslaug Þorsteinsdóttir

Gögn bárust ekki í tækatíð

ÍATV 2021

Árið 2021 sendi ÍATV 79 beinar útsendingar út.

Langmest frá fótbolta eins og fyrri ár, einnig var nýjung í útsendingu frá íþróttamanni Akraness, sendum áfram út frá Badminton, Golfi, Körfubolta, Norðurálsmótinu, tónleikum og frá Keilusalnum, ásamt fyrirlestrum.

Áhorfin árið 2021 var 94.300 aftur fjölgaði áskrifendum ÍATV nú um 290 eða 16%.

Að meðaltali tekur hver útsending um 4 klukkutíma með öllu og 2-4 starfsmenn, því má reikna með að tímafjöldi vegna starfs ÍATV hafi verið um 1.264 klukkustundir árið 2021.

Árið 2021 fór vel afstað og sendum við út Þorablót Skagamanna, klifur, fimleika auk körfubolta og fótbolta. Afspilunar lönd þau lönd sem fólk sækir efnið okkar í eru 34 árið 2021 og voru heimsóknir inn á iatv.is 2.259 s.l. ár. Fylgjendur okkar á Facebook eru orðnir 1.407

Vinsælustu myndböndin þá með mesta áhorf voru:

1. GK-mót TeamGym (Meistaraflokkur kvk og kk) 4925 áhorf
2. GK-mót TeamGym (2. flokkur) 3340 áhorf
3. GK-mót TeamGym (1. flokkur kvk og kke) 3338 áhorf
4. ÍA - FH (Mjólkurbikar karla) 3263 áhorf
5. GK-mót TeamGym (1. flokkur B og mix) 2704 áhorf

Tekjuhæstu myndböndin aftur á móti voru þessi:

6. ÍA - FH (Mjólkurbikar karla) 7,73 dollarar
7. ÍA - Fram (Mjólkurbikar karla) 4,17 dollarar
8. ÍA - Valur (æfingaleikur karla) 3,57 dollarar
9. ÍA - Hrunamenn (1. deild karla) 3,36 dollarar
10. ÍA - HK (fotbolti.net mót karla) 3,04 dollara

ÍATV hópurinn vekur gríðarlega athygli og hafa bæði Stöð 2 sport, OZ og RÚV haft samband til þess að ráða inn menn hjá ÍATV í verkefni hjá sér. Auk þess hafa sjálfboðaliar ÍATV hjálpað til hjá mörgum öðrum félögum að setja upp útsendingarþúnað eða gefið ráð um kaup á tækjum og kennt á forrit og engin lát á þessu árið 2021 frekar en fyrri ár.

Engin bilbugur er á okkur, það stemmdi í metár sem það varð birtingar jukust um 12% og fóru í 983.800. ÍATV hefur eitthvað fjármagn, sá kostnaður til að betrumbæta bæði tæki og þá tæki sem einfalda vinnuhandtökin sem gerir útsendingaruppsetningar og frágang þægilegri eru kostnaðarsamar. Því erum við alltaf að safna í sarpinn til að stíga næsta skref í að gera enn betri og flottari stöð. Stöð sem safnar heimildum um starf ÍA og þeirra iðkendur.

Við hjá ÍATV þökkum Íþróttarbandalagi Akraness kærlega fyrir stuðningin og peppið. En ÍA var eitt að fyrstu félögum á Íslandi til að setja upp stöð sem sinnti flestum íþróttum.

Því má einnig koma til skila að öllum aðildarfélögum ÍA er velkomið að hafa samband og óska eftir þjónsutu okkar, það þarf því við getum ekki fylgst með öllu sem er í gangi en erum til í að sýna frá öllum keppnum. Og ÍATV útsendingar innan aðildarfélaga ÍA eru alltaf ókeypis hvort sem það er í framkvæmd eða sýningu.

Með kveðju fyrir hönd ÍATV

Heiðar Mar Björnsson

Örn Arnarson



Ársreikningar aðildarfélaga ÍA

**Badmintonfélag Akraness****Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	3.367.690
Tekjur af mótum	695.600
Æfingagjöld	1.725.876
Aðrar tekjur	1.594.376
TEKJUR ALLS	7.383.542

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	3.661.396
Ferðakostnaður v/móta	0
erlendis	0
Kostnaður v/mótahalds	641.769
Rekstur skrifstofu	967.707
Önnur gjöld	2.302.409
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	7.573.254

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði **-189.712**

Fjármagnsliðir **13.552**

GJÖLD ALLS **7.586.806**

HAGNAÐUR/TAP **-203.264**

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	3.312.137
EIGNIR ALLS	3.312.137

Eigið fé **3.212.751**

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	99.386
SKULDIR ALLS	99.386

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **3.312.137**

Blakfélagið Bresi**Rekstrarreikningur****Tekjur**

Framlög og styrkir	0
Tekjur af mótum	0
Æfingagjöld og félagsgjöld	809.500
TEKJUR ALLS	809.500

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	624.000
Búningar, áhöld og tæki	19.500
Pátttaka í mótum	36.280
Kynning, fræðsla og útbr.	0
Rekstur skrifstofu	0
Önnur gjöld	362
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	680.142

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði **129.358**

Fjármagnsliðir **-964**

GJÖLD ALLS **681.106**

HAGNAÐUR/TAP **130.322**

Efnahagsreikningur**Eignir**

Fastafjármunir	
Veltufjármunir	1.695.600
EIGNIR ALLS	1.695.600

Eigið fé **1.695.600**

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **1.695.600**

Fimleikafélag Akraness

Golfklúbburinn Leynir

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	9.438.601.
Tekjur af mótum	2.759.273
Æfingagjöld	38.822.287
Aðrar tekjur	0
TEKJUR ALLS	51.020.161

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	52.447.932
Búningar, áhöld og tæki	2.768.735
Ferðakostnaður og þátttaka í mótum	3.829.057
Ferðakostnaður v/móta erlendis	0
Kostnaður v/mótahalds	158.391
Rekstur mannvirkja	0
Kynning, fræðsla og útbr.	233.140
Önnur gjöld	1.445.922
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	60.883.177

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði **-9.863.016**

Fjármagnsliðir **-3.555**

GJÖLD ALLS **60.879.622**

HAGNAÐUR/TAP **-9.859.461**

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	7.275.989
EIGNIR ALLS	7.275.989

Eigið fé **7.275.989**

Skuldir

Langtímaskuldir	
Skammtímaskuldir	821.741
SKULDIR ALLS	821.741

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **7.275.989**

Tekjur

Framlög og styrkir	39.079.927
Tekjur af mótum	10.473.500
Húsa- og vallarleigutekjur	38.682.474
Félagsgjöld	39.141.471
Aðrar tekjur	7.060.271
TEKJUR ALLS	134.437.643

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	60.980.857
Barna og unglingasarf	1.222.239
Golfmót	3.177.042
Rekstur mannvirkja	32.502.003
Rekstur skrifstofu	1.401.697
Önnur gjöld	10.110.053
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	109.393.891

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði **25.043.752**

Fjármagnsliðir og fyrningar **12.277.519**

GJÖLD ALLS **122.671.410**

HAGNAÐUR/TAP **11.766.233**

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	168.768.480
Veltufjármunir	28.419.282
EIGNIR ALLS	197.187.762

Eigið fé **121.708.268**

Skuldir

Langtímaskuldir	61.783.483
Skammtímaskuldir	13.696.011
SKULDIR ALLS	75.479.494

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **197.187.762**



Hestamannafélagið Dreyri

Hnefaleikafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	12.692.548
Tekjur af mótum og námsk.	197.000
Húsa- og vallarleigutekjur	1.270.823
Félagsgjöld	1.524.807
Æfingagjöld	1.150.481
Aðrar tekjur	1.359.767
TEKJUR ALLS	17.960.426

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	
Búningar, áhöld og tæki	
Þátttaka í mótum	860.146
Kostnaður v/mótahalds	1.581.005
Rekstur mannvirkja	11.878.072
Rekstur skrifstofu	905.621
Önnur gjöld	48.931
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	15.273.775

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði 2.686.651

Fjármagnsliðir og fyrningar -47.331

GJÖLD ALLS 15.226.444

HAGNAÐUR/TAP 2.733.982

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	40.421.156
Veltufjármunir	33.436.601
EIGNIR ALLS	73.857.757

Eigið fé 73.857.757

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 73.857.757

Tekjur

Framlög og styrkir	321.309
Tekjur af mótum	0
Æfingagjöld	52.970
Aðrar tekjur	0
TEKJUR ALLS	374.279

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	775.000
Áhöld og tæki	0
Þátttaka í mótum	7.623
Kostnaður v/ mótahalds	0

Gjöld alls fyrir fjármagnsliði 782.623.

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -408.344

Fjármagnsliðir -367

GJÖLD ALLS 782.256

HAGNAÐUR/TAP -407.977

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	774.779
EIGNIR ALLS	774.779

Eigið fé 774.779

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 774.779



Íþróttafélagið Þjótur

Karatefélag Akraness

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Fjárafánir, framlög og styrkir	686.920
Félagsgjöld	212.000
Æfingagjöld	0
Aðrar tekjur	0
TEKJUR ALLS	898.920

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1942.470
Ferðakostnaður v/móta innanl. og þátttaka í mótum	26.390
Önnur gjöld	36.743
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	1.005.603

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. **-106.683**

Fjármagnsliðir **1.843**

GJÖLD ALLS **1.007.446**

HAGNAÐUR/TAP **-108.526**

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	2.120.836
EIGNIR ALLS	2.120.836

Eigið fé **2.015.650**

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	105.186
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **2.120.836**

Tekjur

Framlög og styrkir	1.443.952
Æfingagjöld	1.771.253
Aðrar tekjur	0
TEKJUR ALLS	3.215.205

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	2.698.940
Þátttaka í mótum	370.009
Kynning, fræðsla og útbr.	2.500
Önnur gjöld	230.220
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	3.301.669

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. **-86.464**

Fjármagnsliðir **791**

GJÖLD ALLS **3.302.460**

HAGNAÐUR/TAP **-87.255**

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.825.047
EIGNIR ALLS	1.825.047

Eigið fé **1.825.047**

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS **1.825.047**



78. ársþing ÍA

Körfuknattleiksfélag Akraness

Knattspyrnufélagið Kári

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Fjárafánir og styrkir	11.274.433
Tekjur af mótum	89.044
Æfingagjöld	7.222.208
TEKJUR ALLS	18.585.685

Tekjur

Framlög og styrkir	5.623.148
Tekjur af mótum	1.210.399
Aðrar tekjur	673.347
TEKJUR ALLS	7.506.894

Gjöld

Laun og verktakagr.	9.987.165
Búningar, boltar og tæki	315.358
Ferðakostnaður v/móta innanl.	1.942.393
Þátttaka í mótum	1.884.139
Kostnaður v/mótahalds	0
Rekstur mannvirkja og húsal.	1.988.882
Kynning, fræðsla og útbr.	0
Önnur gjöld	131.656
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	17.749.590

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	2.580.000
Styrkir til deilda	0
Félagaskipti og kaup leikmanna	0
Búningar, áhöld og tæki	1.698.423
Ferðakostnaður v/móta innanl.	2.088.113
Þátttaka í mótum	181.466
Kostnaður v/ mótahalds	0
Önnur gjöld	1.008.940
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	7.556.942

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl.	836.095
---------------------------------------	----------------

Hagnaður/-tap fyrir fjármagnsl.	-50.048
--	----------------

Fjármagnsliðir og afskriftir	356
-------------------------------------	------------

Fjármagnsliðir	0
-----------------------	----------

GJÖLD ALLS	17.749.945
-------------------	-------------------

GJÖLD ALLS	7.556.942
-------------------	------------------

HAGNAÐUR/TAP	836.451
---------------------	----------------

HAGNAÐUR/-TAP	-50.048
----------------------	----------------

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.658.225
EIGNIR ALLS	1.658.225

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	757.089
EIGNIR ALLS	757.089

Eigið fé	158.225
-----------------	----------------

Eigið fé	757.089
-----------------	----------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	1.500.000
SKULDIR ALLS	1.500.000

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	757.089

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	158.225
---------------------------------	----------------



Keilufélag Akraness

Klifurfélag ÍA

Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	2.500.698
Húsa- og vallarleigutekjur	969.566
Æfingagjöld	333.536
TEKJUR ALLS	5.655.867

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.145.000
Félagaskipti og sala	
leikmanna	10.000
Áhöld og tæki	1.829.650
Þátttaka í mótum	543.315
Kostnaður v/mótahalds	366.054
Rekstur mannvirkja	279.400
Rekstur skrifstofu	322.925
Kostn.	0
v/samkeppnisreksturs	
Önnur gjöld	93.803
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	4.590.147

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 1.065.720

Fjármagnsliðir -229

GJÖLD ALLS 4.589.918

HAGNAÐUR/TAP 1.065.949

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	5.024.314
Veltufjármunir	2.181.784
EIGNIR ALLS	7.206.098

Eigið fé 7.206.098

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 7.206.098

Tekjur

Framlög og styrkir	2.876.009
Félags- og æfingagjöld	4.699.181
Aðrar tekjur	667.577
TEKJUR ALLS	8.242.767

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	1.046.400
Áhöld og tæki	913.270
Þátttaka í mótum/ Ferðak.	793.374
Kostnaður v/mótahalds	33.000
Rekstur mannvirkja	4.875.476
Kynning, fræðsla og útbr.	141.174
Önnur gjöld	270.300
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	8.072.994

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. 169.773

Fjármagnsliðir og afskriftir 1.449

GJÖLD ALLS 8.074.446

HAGNAÐUR/TAP 168.324

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	1.162.950
EIGNIR ALLS	1.162.950

Eigið fé 1.162.950

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 1.162.950



Knattspyrnufélag ÍA

Kraftlyftingafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	95.118.907
Tekjur af mótum	32.806.496
Félagsgjöld	2.506.167
Æfingagjöld	44.710.072
Aðrar tekjur	48.328.050
TEKJUR ALLS	223.469.692

Gjöld

Laun og launt.gjöld	60.255.269
Verktkafgreiðslur og afreksst.	88.075.609
Afskriftir yfirverðs leikmanna	1.600.000
Búningar, áhöld og tæki	14.161.553
Kostnaður v/mótahalds	12.337.387
Rekstur mannvirkja	0
Rekstur skrifstofu	4.180.976
Önnur gjöld	65.692.487

Gjöld alls fyrir fjármagnsliði 246.303.281

Hagnaður/tap fyrir -22.833.589

Fjármagnsliðir -6.920

Gjöld Alls 246.296.361

Óreluglegir liðir

Söluhagnaður leikm. 41.509.355

HAGNAÐUR/TAP 18.682.686

Efnahagsreikningur

Eignir

Verðgildi leikmanna	4.480.000
Fastafjármunir	
Veltufjármunir	33.121.476
EIGNIR ALLS	37.601.476

Eigið fé 25.512.962

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	12.088.514
SKULDIR ALLS	12.088.514

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 37.601.476

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	0
Aðrar tekjur og frá fyrra ári	0
Félagsgjöld	200.000
TEKJUR ALLS	200.000

Gjöld

Þátttaka í mótum	70.500
Áhöld og tæki	540.028
Önnur gjöld	37.438
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	647.966

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði -447.966

Fjármagnsliðir 8.647

GJÖLD ALLS 656.613

HAGNAÐUR/TAP -439.319

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	491.296.
EIGNIR ALLS	491.296
Eigið fé	491.296

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS 491.296



Sigurfari	
Rekstrarreikningur	
<u>Tekjur</u>	
Framlög og styrkir	1.813.280
Félagsgjöld	0
Æfingagjöld	571.900
TEKJUR ALLS	2.385.180
 <u>Gjöld</u>	
Laun og verktakagreiðslur	471.200
Áhöld og tæki	8.900
Kynning, fræðsla og útbr.	39.000
Önnur gjöld	27.707
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	546.807
 Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	 1.838.373
 Fjármagnsliðir	 -569
 GJÖLD ALLS	 546.238
 HAGNAÐUR/TAP	 1.837.804
 Efnahagsreikningur	
<u>Eignir</u>	
Fastafjármunir	
Veltufjármunir	2.499.101
EIGNIR ALLS	2.499.101
 Eigið fé	 2.499.101
 <u>Skuldir</u>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	 2.499.101

Skotfélag Akraness	
Rekstrarreikningur	
<u>Tekjur</u>	
Framlög og styrkir	258.173
Tekjur af mótum	149.000
Félagsgjöld	1.397.500
Æfingagjöld	1.404.000
Aðrar tekjur	2.054.528
TEKJUR ALLS	5.263.201
 <u>Gjöld</u>	
Kostnaður v/mótahalds	99.037
Rekstur mannvirkja	1.000.982
Önnur gjöld	3.413.035
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	4.513.054
 Hagnaður/(tap) fyrir fjármagnsl.	 750.147
 Fjármagnsliðir	 -1.791
 GJÖLD ALLS	 4.511.263
 HAGNAÐUR/(TAP)	 751.938
 Efnahagsreikningur	
<u>Eignir</u>	
Fastafjármunir	3.090.186
Veltufjármunir	2.239.337
EIGNIR ALLS	5.329.523
 Eigið fé	 5.329.523
 <u>Skuldir</u>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	 5.329.523



Sundfélag Akraness

Rekstrarreikningur	
<u>Tekjur</u>	
Framlög og styrkir	6.221.959
Tekjur af mótum	1.478.545
Æfingagjöld	12.299.628
Aðrar tekjur	5.825.213
TEKJUR ALLS	25.825.345

<u>Gjöld</u>	
Laun og verktakagreiðslur	18.507.809
Búningar, áhöld og tæki	2.282.259
Ferðakostnaður v/móta innanlands	440.100
Þátttaka í mótum	2.016.060
Kostnaður v/mótahalds	791.280
Rekstur mannvirkja og tækja	0
Önnur gjöld og afskriftir	2.351.727
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	26.389.235

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. **-563.890**

Fjármagnsliðir **65.384**

GJÖLD ALLS **26.454.619**

HAGNAÐUR/TAP **-629.274**

Efnahagsreikningur

<u>Eignir</u>	
Fastafjármunir	167.363
Veltufjármunir	9.912.068
EIGNIR ALLS	10.079.431

Eigið fé **9.605.377**

<u>Skuldir</u>	
Langtímaskuldir	
Skammtímaskuldir	474.054
SKULDIR ALLS	474.054
Skuldir og Eigið fé ALLS	10.079.431

Umf. Skipaskagi

Rekstrarreikningur	
<u>Tekjur</u>	
Framlög og styrkir	601.898
Félagsgjöld	0
TEKJUR ALLS	609.341

<u>Gjöld</u>	
Styrkir til deilda	352.500
Kostnaður v/mótahalds	0
Auglýsingar, kynning og fræðsla	0
Önnur gjöld	149.185
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	501.685

Hagnaður/tap fyrir fjármagnsl. **100.213**

Fjármagnsliðir **75**

GJÖLD ALLS **501.760**

HAGNAÐUR/TAP **100.138**

Efnahagsreikningur

<u>Eignir</u>	
Fastafjármunir	0
Veltufjármunir	123.007
EIGNIR ALLS	123.007

Eigið fé **123.007**

<u>Skuldir</u>	
Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	123.007

Vélhjólalífróttafélag Akraness

Rekstrarreikningur

Tekjur

Framlög og styrkir	5.443.883
Tekjur af mótum	558.103
Félagsgjöld	296.000
Aðrar tekjur	0
TEKJUR ALLS	6.297.986

Gjöld

Laun og verktakagreiðslur	920.000
Áhöld og tæki	2.291.200
Kostnaður v/mótahalds	262.060
Rekstur mannvirkja	0
Rekstur skrifstofu	0
Önnur gjöld	2.916.661
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	6.489.921
Hagnaður/tap f.fjárm.l.	-191.935
Gjöld Alls	6.490.121
Hagnaður/tap	-192.135

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	650.000
Veltufjármunir	1.096.621
EIGNIR ALLS	1.746.621

Eigið fé	1.746.621
-----------------	------------------

Skuldir

Langtímaskuldir	0
Skammtímaskuldir	0
SKULDIR ALLS	0

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	1.746.621
---------------------------------	------------------



Marella Steinsdóttir formaður ÍA



Hrönn Ríkhartsdóttir varformaður ÍA